

# Reykjavík

BÓKMENNTABORG UNESCO



Reykjavíkurborg



Reykjavík  
BÓKMENNTABORG UNESCO  
UMSÓKN



# Reykjavík

BÓKMENNTABORG UNESCO



Reykjavíkurborg

*í samstarfi  
við*



FÉLAG ÍSLENSKRA  
BÓKAÚTGEFENDA

BÓKMENNTABORGIN  
REYKJAVÍK  
UMSÓKN

Auður Rán Þorgeirsdóttir  
*Verkefnisstjóri*  
Menningar- og ferðamálasvið  
Reykjavíkur  
bokmenntaborgin@reykjavik.is  
audur.ran.thorgeirsdottir  
@reykjavik.is

Kristín Viðarsdóttir  
*Verkefnisstjóri*  
Menningar- og ferðamálasvið  
Reykjavíkur  
bokmenntaborgin@reykjavik.is  
kristin.vidarsdottir@reykjavik.is

STÝRIHÓPUR

Svanhildur Konráðsdóttir  
(formaður)  
*Sviðsstjóri*  
Menningar- og ferðamálasvið  
Reykjavíkur

Signý Pálsdóttir  
*Skrifstofustjóri menningarmála*  
Menningar- og ferðamálasvið  
Reykjavíkur

Anna Torfadóttir  
*Borgarbókasafn*  
Borgarbókasafn Reykjavíkur

Auður Árný Stefánsdóttir  
*Skrifstofustjóri grunnskóla-  
skrifstofu*  
Menntasvið Reykjavíkur

Pétur Gunnarsson  
*Rithöfundur*  
Rithöfundasamband Íslands

Rúnar Helgi Vignisson  
*Lektor*  
Hugvísindasvið Háskóla Íslands

Sigurður Svavarsson  
*Útgefandi*  
Félag íslenskra bókaútfendenda

Þorgerður Agla Magnúsdóttir  
*Framkvæmdastjóri*  
Bókmenntasjóður

SAMSTARFSAÐILAR

Auður Hauksdóttir  
*Forstöðumaður*  
Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur  
í erlendum tungumálum

Guðný Dóra Gestsdóttir  
*Forstöðumaður*  
Gljúfrasteinn  
Hús Halldórs Laxness

Fríðbjörg Ingimarsdóttir  
*Framkvæmdastjóri*  
Hagþenkir

Esther Ýr Þorvaldsdóttir  
*Framkvæmdastjóri*  
Nýhil

Guðrún Dís Jónatansdóttir  
*Framkvæmdastjóri*  
Menningarmiðstöðin Gerðuberg

Guðrún Nordal  
*Forstöðumaður*  
Stofnun Árna Magnússonar í  
íslenskum fræðum

Halldór Guðmundsson  
*Verkefnisstjóri*  
Sögueyjan Ísland  
Heiðursgestur  
Bókasýningarinnar  
í Frankfurt 2011

Hrafnhildur Ragnarsdóttir  
*Forstöðumaður*  
Rannsóknarstofa um þroska,  
mál og læsi

Kristín Bragadóttir  
*Sviðsstjóri varðveislusviðs*  
Landsbókasafn Íslands

Max Dager  
*Forstöðumaður*  
Norræna húsið

Sigurður Valgeirsson  
*Formaður*  
Bókmenntahátíðin í Reykjavík

Þórdís Gísladóttir  
*Verkefnisstjóri*  
Mýrin – alþjóðleg barnabók-  
menntahátíð í Reykjavík

*Höfundar umsóknar:*  
Auður Rán Þorgeirsdóttir,  
Kristín Viðarsdóttir

*Bókmenntaslóð:*  
Borgarbókasafn Reykjavíkur;  
Kristín Viðarsdóttir,  
Úlfhildur Dagsdóttir

*Ábyrgðarmaður:*  
Svanhildur Konráðsdóttir

*Verk á kápu og milli kafla:*  
Ragnhildur Jóhannsson

*Ljósmyndir af kápuverki:*  
Raphael Pinho

*Grafísk hönnun:*  
Vinustofa Atla Hilmarssonar

*Útgefandi:*  
Menningar- og ferðamálasvið  
Reykjavíkur

*Prentun:*  
Oddi

ISBN 978-9979-9040-4-5

Reykjavíkurborg 2011  
© í samstarfi við Félag íslenskra  
bókaútfendenda

Öll réttindi áskilin

Bók þessa má ekki afrita með  
neinum hætti, svo sem með ljós-  
myndun, prentun, hljóðritun eða  
á annan sambærilegan hátt, að  
hluta eða í heild án skriflegs leyfis  
útgefanda.

[www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)  
[www.cityofliterature.is](http://www.cityofliterature.is)

**8 INNGANGUR**

**10 REYKJAVÍK – SAGA OG MENNING**

- 12 Saga og tungumál
- 16 Staðurinn
- 19 Græna borgin
- 21 Fólkið
- 25 Efnahagur og stjórnsýsla
- 28 Menningarlandslag

**36 YFIRLIT ÍSLENSKRAR BÓKMENNTASÖGU**

- 38 Miðaldir
- 43 Handritasafn Árna Magnússonar
- 44 Hallgrímur Pétursson og trúarlegar bókmenntir
- 47 Þjóðsögur og alþýðukveðskapur
- 50 Rómantík og sjálfstæðisbarátta
- 52 Samtímabókmenntir
- 58 Samtímaljóðlist
- 60 Bókmenntir fyrir börn og unglinga
- 64 Þýðingar

**66 BÓKMENNTABORGIN REYKJAVÍK**

- 68 Bókmenntir í borgarlandslaginu
- 74 Hátíðir, viðburðir og verðlaun
- 88 Bókasöfn og rafræn miðlun
- 94 Menntun, læsi og bókmenntir
- 100 Bókmenntir og háskólasamfélagið
- 106 Útgáfa, bókaverslun og fjölmiðlar

**114 FRAMTÍÐARSÝN**

**120 VIÐAUKAR**

- 122 Bókaútgáfur á höfuðborgarsvæðinu
- 123 Bókmenntir og menning í Reykjavík – Vefsíður
- 124 Þýddar bókmenntir 2005–2010
- 130 Heimsóknir erlendra höfunda 2009–2010
- 130 Viðburðadagatal
- 134 Bókmenntaslóð – Höfundar og verk



Hægt er að rekja slóð bókmennta í borginni með því að fylgja bókmenntaslóðinni í gegnum þessa skýrslu. Hún sýnir nokkur dæmi úr íslenskum bókmenntum frá mismunandi tímum en allir textarnir tengjast borginni og sögu hennar á einhvern hátt. Númerin á kortinu gefa til kynna blaðsíðutöl.

---

Reykjavík, 18. ágúst, 2010

Reykjavík er norðlægasta höfuðborg heims. Þótt borgin sé lítil er hún stórhuga, samfélagið er opið og menningarlífið blómstrar. Eitt af meginmarkmiðum Reykjavíkurborgar er að vera leiðandi afl á menningarsviðinu sem höfuðborg Íslands. Borgaryfirvöld líta á menningu sem æ mikilvægari þátt í efnahagslífi og framtíðarsýn borgarinnar.

Mörg þeirra verkefna sem borgin hyggst stuðla að líta að því að breiða út þekkingu og auka áhuga á bókmenntum. Við lítum sérstaklega til barna og ungs fólks á þessu sviði. Reykjavíkurborg hyggst ennfremur koma á fót bókmenntamiðstöð í Reykjavík í samvinnu við helstu samstarfsaðila borgarinnar að þessari umsókn. Með því verða bókmenntaarfur þjóðarinnar og bókmenning dagsins í dag gerð sýnilegri og aðgengilegri í borginni.

Ég hef fulla trú á því að sem Bókmennta-borg geti Reykjavík miðlað dýrmati þekkingu og verið hvatning fyrir aðra. Við viljum taka þátt í menningarsamstarfi og miðlun hugmynda milli skapandi borga og munum nýta þetta tækifæri til að stuðla að samstarfsverkefnum á þessu sviði. Reykjavíkurborg hefur fullan hug á að vera virkur meðlimur í hinu alþjóðlega samstarfsneti Skapandi borga UNESCO.

Hljóti Reykjavík titillinn Bókmennta-borg UNESCO mun það skapa ný tækifæri til hagsældar fyrir Íslendinga, íslenska menningu og íslenskar bókmenntir.



A handwritten signature in black ink, which reads "Jón Gnarr". The signature is fluid and cursive, with the first name "Jón" and the last name "Gnarr" clearly distinguishable.

JÓN GNARR  
Borgarstjóri í Reykjavík

## Inngangur

*Ísland er oft nefnt Sögueyjan og Íslendingar hafa löngum skilgreint sig sem bókmenntaþjóð. Bókmenntir eru án efa sterkasti þráðurinn í menningarsögu þjóðarinnar sem nam land á þessari norðlegu eyju á níundu öld og hóf þá að segja sögu sína og færa hana á skinn um tveimur öldum síðar. Þessi mikla áhersla á orðlist hefur fylgt þjóðinni æ síðan og er einn af hornsteinum í sjálfsmynd og sögu hennar, ekki síst vegna þeirrar stöðu sem miðaldabókmenntir Íslendinga hafa bæði innan lands og utan.*

Reykjavík hefur margt fram að færa sem Bókmenntaborg UNESCO. Borgin er höfuðborg og raunar eina borg Íslands og skiptir sem slík sköpum fyrir allt menningarlíf í landinu. Í Reykjavík eru helstu menningarstofnanir Íslands og listalífið er afar blómlegt, enda er borgin þekkt sem skapandi borg með fjölbreyttu úrvali menningarviðburða og virku grasrótastarfi. Þar búa auk þess flestir rithöfundar þjóðarinnar og borgin er helsta sögusvið samtímaskáldskapar Íslendinga, en sú þróun hefur átt sér stað samhliða örum vexti borgarinnar síðustu hundrað árin eða svo. Bókaútgáfa er öflug, mun meira er gefið út á Íslandi en í öðrum löndum miðað við höfðatölu og þátttaka almennings í bókmenntalífi og viðburðum er einnig mikil í samanburði við aðrar þjóðir. Í borginni er mikill fjöldi menningarstofnana, meðal annars tvö stór atvinnuleikhús og fjöldi leikhópa, Íslenska óperan, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Listasafn Íslands og Listasafn Reykjavíkur, Þjóðminjasafn Íslands, Minjasafn Reykjavíkur og Þjóðmenningarhús. Borgin rekur öflugt almenningsbókasafn, Borgarbókasafn Reykjavíkur, og eru útlánatölur þess háar og hafa enn verið að hækka síðustu ár. Íbúar borgarinnar sækja safnið mikið og eru virkir við að nýta sér fjölbreytta þjónustu þess.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, miðstöð Íslendingasagna og Eddukvæða, sem hafa gert Íslendinga að einni þekktustu bókmenntaþjóð heims, er í Reykjavík og geymir hún handrit fornþjóðmenntanna, stundar á þeim rannsóknir og miðlar þeim til almennings ásamt því að bjóða upp á aðstöðu og kennslu fyrir erlenda fræðimenn og nemendur. Handritasafn Árna Magnússonar var sett á varðveisluskrá UNESCO yfir andlegar minjar veraldar (Memory of the World Register) 31. júlí 2009. Í Reykjavík eru fjölmargar aðrar stofnanir og félagasamtök sem snúa að bókmenntum, til að mynda Háskóli Íslands sem er sá háskóli landsins sem er sterkastur á sviði bókmennta, helstu bókaútgáfur, samtök rithöfunda og Landsbókasafn Íslands.

Alþjóðlega bókmenntahátíðin í Reykjavík er haldin annað hvert ár, en til hennar var stofnað árið 1985. Einnig hefur alþjóðlega barnabókmenntahátíðin Mýrin verið haldin í borginni annað hvert ár frá 2001, árlega fer fram alþjóðleg

---

---

# 31. júlí 2009

var handritasafn Árna Magnússonar sett á varðveisluskrá UNESCO yfir andlegar minjar veraldar

---

---

Ljóðahátíð og Listahátíð í Reykjavík er einnig árlegur viðburður. Þessar hátíðir eru mikilvægur liður í að kynna athyglisverðar íslenskar og erlendar bókmenntir fyrir Reykvíkum og gestum borgarinnar og einnig að koma á tengslum milli íslenskra og erlendra höfunda, þýðenda og útgefenda. Þýðingar á erlendum verkum hafa alltaf skipað veigamikinn sess í íslensku bókmenntalífi og verk íslenskra höfunda koma í auknum mæli út víða um heim. Í október 2011 verður Ísland heiðursgestur á Bókasýningunni í Frankfurt, en í tengslum við hana fer fram viðamesta kynning á íslenskum bókmenntum fyrr og síðar. Mikið starf hefur verið unnið við undirbúning þessa verkefnis, bæði á Íslandi og í Þýskalandi, og sú vinna mun án efa nýtast vel sem grunnur að því að skapa borginni sess sem ein af Bókmenntaborgum UNESCO, hljóti hún titilinn.

Bókmenning í borginni er lifandi og fjölbreytt. Hún spannar allt frá öflugum bókmenntastarfi með börnum og unglingum, sem meðal annars birtist í fjölbreyttu bókmenntatengdu starfi leikskóla, skóla og bókasafna, til viðburða fyrir alla aldursflokka á borð við Viku bókarinnar, fjölda upplestrarkvölda á kaffihúsum og öðrum stöðum og vinsælar bókmenntagöngur, svo dæmi séu tekin. Þótt margt hafi fest sig í sessi skjóta nýjungar líka stöðugt upp kollinum, líkt og vel heppnað ljóðaslamm Borgar-bókasafns þar sem ungt fólk blandar saman flutningi frumsaminnna ljóða, tónlist, dansi og annarri list, skapandi sumarstörf ungs fólks á vegum Reykjavíkurborgar og vinsæl hádegisdagskrá nýrrar ritlistardeildar Háskóla Íslands þar sem rithöfundar segja frá tilurð verka sinna. Rafræn miðlun og varðveisla verður stöðugt fyrirferðarmeiri í bókmenntalífinu líkt og á öðrum sviðum og þar standa bæði almenningis-, og fræðibókasöfn borgarinnar framarlega, ásamt stofnunum á borð við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Meginmarkmið Reykjavíkurborgar með því að gerast Bókmenntaborg UNESCO er að styðja enn frekar við bókmenntalífið í borginni, ekki síst með því að sameina krafta þeirra sem að því vinna, jafnt rithöfunda og þeirra ólíku aðila sem miðla bókmenntunum til almenningis. Til þess að samþætta þetta starf á sem skilvirkastan og öflugastan hátt er það eitt af framtíðarmarkmiðum

aðstandenda Bókmenntaborgarinnar að koma á fót bókmenntahúsi í Reykjavík. Reykjavíkurborg vill gera bókmenntaarfinum hátt undir höfði í opinberri umræðu og hvetja til þess að bókmenntum sé komið á framfæri á fjölbreyttan hátt, koma á fót nýjum verkefnum á sviði lestrarhvatningar fyrir alla aldurshópa og ekki síst gera bókmenntirnar sýnilegar í borgarlandslaginu.

Reykjavíkurborg leggur mikla áherslu á alþjóðlegt samstarf og þeir aðilar sem sinna bókmenningu í borginni eru vel tengdir utan landsteinanna og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi á ýmsum sviðum ritlistar og bókmenningar. Borgin hefur þegar komið á sambandi við Bókmenntaborgina í Edinborg og fylgist grannt með því metnaðarfulla starfi sem þar fer fram. Annar verkefnisstjóra Bókmenntaborgarinnar Reykjavíkur sótti Cities of Literature ráðstefnuna í Edinborg 2008, og Reykjavík hefur hug á að taka þátt í fundum Creative Cities Network í framtíðinni. Reykjavík hlakkar til að vinna með öðrum skapandi borgum að margvíslegum verkefnum á sviði bókmennta og menningar, enda hefur hún þar margt fram að fara og hefur trú á því að samræða milli landa og menningarheima skipti sköpum við að byggja upp lifandi og framsækið menningarlíf.

Helsti styrkur Reykjavíkur þegar litið er til þess hvaða erindi borgin eigi sem Bókmenntaborg UNESCO er hin sterka bókmenntahefð og samfelld bókmenntasaga á þjóðtöngu sem fáir tala, ásamt öflugri bókmenningu og mikilli þátttöku almennings í menningarlífi dagsins í dag. Þessari reynslu getur Reykjavík miðlað til annarra borga. Umsóknin hefur fullan stuðning bæði borgar og ríkis, borgarstjórn Reykjavíkur stendur að baki henni og hefur Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar veg og vanda af undirbúningsvinnunni í samvinnu við Bókmenntasjóð íslenska ríkisins og helstu stofnanir og félagasamtök á þessu sviði. Íslenska UNESCO-nefndin hefur fylgst með umsóknarferlinu og styður það.

---

# í október 2011

verður Ísland heiðursgestur á Bókasýningunni í Frankfurt

---

# Reykjavík – Saga og menning



- 12 Saga og tungumál
- 16 Staðurinn
- 19 Græna borgin
- 21 Fólkið
- 25 Efnahagur og stjórnsýsla
- 28 Menningarlandslag

## Saga og tungumál

Samkvæmt hefðbundinni söguskoðun og þeim skriflegu heimildum sem til eru, nam Norðmaðurinn Ingólfur Arnarson fyrstur manna land á Íslandi ásamt föruneysi sínu. Þessir fyrstu landnemar eru sagðir hafa sett bæ sinn niður í Reykjavík í kringum árið 870. Fornleifarannsóknir sýna að elsta byggð í landinu virðist vera frá þessum tíma og eru elstu menjar um hana í miðbæ Reykjavíkur eins og Landnámssýning Minjasafns Reykjavíkur á reitnum sýnir á skemmtilegan hátt. Sagan segir að Ingólfur hafi sest að í Reykjavík eftir að hafa kastað öndvegissúlum sínum fyrir borð, en hann bað goðin að vísa sér á gott land til búsetu og hét því að byggja sér bæ þar sem súlurnar kæmu á land. Súlurnar má sjá í skjaldarmerki borgarinnar, enda er þessi forna saga um landnámið, hvort sem hún er sönn eða ekki, rótgróinn hluti af ímynd og sjálfsmynd Reykjavíkur. Það er þó sennilegra að staðurinn hafi orðið fyrir valinu vegna mikilla landkosta og má þar nefna milda veðráttu, gott skipalægi, heitt vatn í jörðu, gjöful fiskimið, ágætt beiti-land, akureyjar og laxveiði í ám.<sup>1</sup> Elstu bæjarstæðin eru nálægt sjó og náttúrulegri tjörn, Reykjavíkurtjörn, sem er ein mesta prýði borgarinnar og vinsæll áningarstaður borgarbúa, en þar stendur Ráðhús Reykjavíkur í dag. Fyrstu landnemarnir nefndu staðinn Reykjavík, eftir gufu-strókunum sem stóðu upp frá hverunum á svæðinu, en orka frá slíkum hverum er notuð til að hita upp hús og sundlaugar Reykvíkinga nútímans.



*Merki Reykjavíkurborgar byggir á binni fornu sögu um landnámið, sem meðal annars má lesa um í Landnámu. Blár bakgrunnurinn táknar hafði, en í forgrunni eru öldurnar og öndvegissúlurnar.*

Það er áhugavert að eftir landnám Ingólfs liðu mörg hundruð ár án þess að Reykjavíkur væri sérstaklega getið í frásögnum og heimildum. Það var ekki fyrr en um miðja átjándu öld sem þetta breyttist, en bærinn hlaut kaupstaðaréttindi árið 1786. Þá var Reykjavík þó í raun aðeins þorp og óx hægt lengi vel. Á næstu áratugum voru svo helstu stofnanir og embætti flutt til Reykjavíkur, skólar voru stofnaðir og fólki tók að fjölga, og þannig fór bærinn smám saman að standa undir kaupstaðarnafninu. Kaupmannahöfn var þó í raun höfuðborg landsins allt fram til 1904 þegar Ísland fékk heimastjórn og takmarkað sjálfstæði frá Danmörku, en landið undirgekkst Noreg 1262 og síðar Danmörku. Við heimastjórnina fengu Íslendingar eigin ráðherra sem var ábyrgur gagnvart Alþingi og Stjórnarráð Íslands var stofnað í Reykjavík. Þar með tók Reykjavík raunverulega við hlutverki Kaupmannahafnar sem höfuðborg Íslands. Þessi þróun var svo innsiglið með fullveldi Íslands árið 1918, og að lokum með stofnun lýðveldis árið 1944.

Ísland var afar einangrað lengst framan af, og það var í raun ekki fyrr en upp úr síðari heimsstyrjöld að þessi einangrun fór að rofna. Gamla íslenska bændasamfélagið var að ummyndast í nýttiskulegt borgar- og iðnaðarsamfélag þar sem Reykjavík bar höfuð og herðar yfir aðra staði. Fólksþreymið þangað og mikil fólksfjölgun hélst nær óslitin alla tuttugustu öld. Sem dæmi má nefna að um aldamótin 1900 bjuggu tæplega áttatíu prósent landsmanna í sveitum landsins, en um hundrað árum síðar hafði þetta snúist alveg við og einungis um sex prósent Íslendinga bjuggu í strjálbýli.<sup>2</sup>

*Í ljóði eftir Max Jacob er sagt frá manni sem kom til borgar einnar frá París, vegna þess að í París voru ekki nógu margir læknar fyrir alla þá sjúkdóma sem hrjáðu hann. En það eru ekki bara manneskjurnar sem þjást af einhverjum kvillum og þurfa aðstoð. Það sem hrjáir hina ungu borg Reykjavíkur er til dæmis svo margt – og svo flókið – að til að sjúkdómsgreina hana þurfa skáld hennar og rithöfundar utanadkomandi aðstoð.*

BRAGI ÓLAFSSON, rithöfundur (f. 1962)

Ísland er með smærri málsvæðum í heiminum, á landinu búa einungis um 320.000 manns og fáir tala málið utan þess. Íslenskan stendur mjög nálægt því tungumáli sem norrænir menn töluðu á miðöldum um mestöll Norðurlönd, og auk þess á afmörkuðum svæðum í Norður-Evrópu. Málið er eitt af sérkennum þjóðarinnar, íslenska hefur breyst mun minna en önnur norræn mál frá því landið byggðist á síðari hluta níundu aldar og geta nútíma Íslendingar lesið miðaldabókmenntir sínar án teljandi vandræða þótt forn stafsetning vefjist fyrir mörgum. Hvergi í Evrópu er saga bókmenntanna eins óslitin hvað þetta varðar. Tungumálið er þannig sérlega dýrmætt og um leið brothætt, en vegna þessa hafa Íslendingar lagt metnað í að hlúa að því með meðvitaðri hætti en margar aðrar þjóðir. Bókmenning skiptir sköpum að þessu leyti, tungumálið er ekki síst endurnýjað og þróað í skáldskap og öðrum bókmenntum, bæði frumsömdum og þýddum og kann þetta að skýra þá miðlægu stöðu sem bókmenntirnar



Reykjavíkurtjörn í hjarta Reykjavíkur ásamt gömlu höfninni og hluta fjallabringisins. Ljósmynd: Ragnar Th. Sigurðsson

hafa í allri menningarumræðu í landinu. Íslenskan er ennfremur nánast laus við mállýskur en það er afar fágætt að svo stórt og strjálbýlt land skiptist ekki upp í áberandi mállýskusvæði.<sup>3</sup>

Alþingi samþykkti árið 2009 íslenska málstefnu, sem skiptist í tvo meginþætti: annars vegar varðveislu málsins og hins vegar þróun þess. Þetta felur meðal annars í sér að stuðlað sé að því að orðaforðinn sé ávallt nægur til þess að nota megi íslenskuna á sem flestum sviðum, og ein leið að þessu markmiði er sú opinbera stefna að allt notandaviðmót á tölvum í leik-, grunn-, og framhalds-skólum sé á íslensku.

Þegar litið er til bókmenntanna má segja að íslenskan sé lykill að heiðninni. Hér var vermireitur fyrir hana þegar kristni breiddist út í Skandinavíu og Evrópu. Eyjan var einangruð og því barst kristni fremur seint til landsins, en hún var lögtekin árið 1000. Samt sem áður voru ákvæði um að menn mættu blóta á laun og lifðu heiðnir siðir því áfram í landinu um langa hríð. Með kristnitökunni breiddist læsi út og eftir að sagnaritun hófst á tólfu og þrettánda öld tóku menn að skrifa á móðurmálinu, einkum kristilega og lagalega texta, sem og frásagnir og ljóð frá heiðnum tíma en það eru helst þær bókmenntir sem Íslendingar eru þekktir fyrir í dag.

Þó má gera má ráð fyrir að þorri landsmanna hafi ekki verið læs fyrir en undir átjándu öld, en hin munnlega sagna- og rímnahefð sá til þess öldum saman að Íslendingar þekktu vel uppruna sinn og sögur forfedranna.

## Íslenska stafrófið

Aa Áá Bb Dd Ðð Ee Éé Ff  
Gg Hh Ii Íí Jj Kk Ll Mm  
Nn Oo Óó Pp Rr Ss Tt  
Uu Úú Vv Xx Yy Ýý Þþ  
Ææ Öö

---

---

80 %

Íslendinga bjuggu í dreif-  
býli árið 1900

---

---

---

---

6 %

Íslendinga bjuggu í dreif-  
býli árið 2000

---

---



*Vor í Vesturbænum. Ljósmynd: Ragnar Th. Sigurðsson*

## Staðurinn

Ísland er strjálbýlasta land Evrópu, með um það bil þrjá íbúa á hvern ferkílómetur. Stærstur hluti landsins er óbyggjanlegur, en byggðin er mest við ströndina landið um kring, þéttust á suðvesturhorninu. Landið liggur í norðanverðu Atlantshafi, í um það bil þriggja klukkutíma flugfjarlægð frá London og ríflega fimm klukkutíma fjarlægð frá New York. Reykjavíkurborg er á suðvesturhorni landsins og stendur að miklu leyti á löngu nesi sem afmarkast af tveimur litlum fjörðum; Kollafirði og Skerjafirði. Borgin er í faðmi fjalla, hæst þeirra er Esjan (914 m) en hún er eitt af helstu kennileitum borgarinnar og hefur verið mörgum yrkisefni ásamt fjöllum um kring.

Á höfuðborgarsvæðinu er Reykjavík og sjö önnur minni sveitarfélög. Að mörgu leyti virka þessi sveitarfélög öll sem ein heild, með Reykjavík sem miðpunkt – enda sækja margir til höfuðborgarinnar, hvort sem er starfs síns vegna eða vegna verslunar og viðskipta.

Reykjavík er ólík mörgum öðrum höfuðborgum að því leyti að byggðin er afar dreifð og lág. Höfuðborgarsvæðið er 273 ferkílómetrar, það eru um 430 íbúar á hvern ferkílómetra en það gerir Reykjavík að einni strjálbýlustu borg í heimi. Borgin er hafnarborg og er gamla höfnin í miðbæ Reykjavíkur að taka á sig nýja mynd þessi árin. Í verbúðum sem standa á hafnarsvæðinu er nú verið að opna kaffi- og veitingahús, verslanir og fleiri þjónustustaði sem höfða jafnt til Íslendinga og erlendra gesta borgarinnar. Frá gömlu höfninni er hægt að fara í siglingar, meðal annars hvalaskoðunarferðir, og þar leggjast bæði innlendir smábátar og erlend skemmtiferðaskip að bryggju. Hátíð hafsins er haldin á hafnarsvæðinu í kringum Sjómannadaginn íslenska hvert sumar og svæðið býður upp á ýmsa möguleika til bókmenntaviðburða, meðal annars göngutúra á borð við bókmenntagöngu sem Borgarbókasafnið stendur fyrir þar sem ljóð og skáldskapur um hafið og hafnarlífið er í brennidepli.



**MIÐBAKKINN** *Fyrir á tíð var gamla höfnin í Reykjavík miðstöð samgangna og vöruflutninga. Haustið 1874 beið skoska gufuskipið Lára úti á Sundunum eftir að varningur og farþegar yrðu ferjaddir um borð. Farþegarnir voru flestir Íslendingar á leið til Vesturheims í leit að betra lífi. Þeirra á meðal var Ólafur fióllín Jensson og fjölskylda hans, en frá þeim segir í skáldsögum Böðvars Guðmundssonar, Híbýlum vindanna (1995) og Lífsins tré (1996)*

**Úr Híbýlum vindanna** *Lára var komin til að sækja saltað sauðaket í tunnum og lifandi hross, póst og fólk sem var ofaukið. Fyrir um sumarið komu dönsk herskip með kóng og stjórnarskrá og lögðust eins og hún við akkeri úti á legunni, því þrátt fyrir þúsund ára búsetu norskra flóttamanna á Íslandi var ekki enn komin nothæf hafskipabryggja í verðandi höfuðstað. Það þurfti því að róa hvoru tveggja í land, kóngi og stjórnarskrá.*

Miðbærinn er nálægt höfninni, en þar er bæði að finna elstu hús borgarinnar og menjar um fyrstu byggð í landinu eins og áður sagði. Í miðborginni er að finna allar helstu stjórnsýslu- og liststofnanir ríkis og borgar, svo sem Alþingi, Hæstarétt, Ráðhús Reykjavíkur, Listasafn Reykjavíkur, Listasafn Íslands, Þjóðminjasafn Íslands, Nýlistasafnið, Borgarbókasafn Reykjavíkur og Þjóðleikhúsið, auk fjölda verslana, kaffihúsa og veitingastaða. Við höfnina er verið að byggja tónlistarhús, hið fyrsta sem Reykjavík eignast, en sú framkvæmd er mjög stór í sniðum. Í húsinu, sem verður opnað í maí 2011 og hefur hlotið nafnið Harpa, munu Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslenska óperan eiga aðstöðu, en húsið er einnig hugsað fyrir annars konar listviðburði og uppákomur, svo og ráðstefnur og fundi. Hinn þekkti listamaður Ólafur Elíasson hannaði glerhjúp sem umlykur hluta byggingarinnar, en hönnunin á að endurspegla mikilfenglega náttúru Íslands.

Í miðborginni er afar blönduð byggð, þar er bæði íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði. Miðbærinn er þétt skipulagður, en þegar er komið út fyrir hann taka við dreifðari byggðir. Austan við miðbæinn liggur Miklabraut eftir Reykjavík endilangri og myndar eina stærstu umferðaræðina sem tengir saman hverfin. Stór úthverfi hafa risið á undanförunum árum og áratugum, og nýir kjarnar með verslun, viðskipti og afþreyingu hafa myndast innan þeirra. Almenningsamgöngur í Reykjavík byggjast á strætisvagnakerfi, en engar lestir eru á Íslandi þótt hugmyndir um slíkt skjóti upp kollinum öðru hvoru.

Hjóla- og göngustígar liggja með sjávarsíðunni sem ramar inn stóran hluta borgarinnar og þar njóta borgarbúar útiveru með fögru útsýni til fjalla og sjávar. Meðal eyja sem liggja undan ströndinni eru Lundey, sem dregur nafn sitt af lundunum sem þar eru í stórum hópum, og Viðey.

### Leyndardómar Reykjavíkur

Íslenskar bókmenntir voru lengi bundnar við sveitir landsins en þegar höfuðborgin tók að stækka, stækkaði líka hlutur hennar í bókmenntum. Einn hluti borgarmyndarinnar í bókmenntum birtist í íslenskum glepasögum sem framan aföldinni voru jafnvel kenndar við borgina (Leyndardómar Reykjavíkur, Allt í lagi í Reykjavík) og hafa á síðustu árum velflestar gerst í ólíkum hverfum borgarinnar. Hvert hverfi á sér sína glepasögu; Grafarholt, Norðurmýri eða Miðbærinn – en sem betur fer rímar fjöldi sagna um glepi ekki við fjölda glepa. Þegar deginum hallar er því gott ráð að fara í gönguferð og rekja slóðir skáldlegra glepamanna og tefla saman skáldskap og veruleika.

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR, mennta- og menningar-  
málaráðherra Íslands og bókmenntafræðingur

Saga Viðeyjar er merk fyrir margra hluta sakir, þar var reist klaustur árið 1225 sem var mikið menningar- og lærdómssetur allt til sextándu aldar og á níjtjándu öld var prentsmiðja í eyjunni, sem um tíma var sú eina á landinu. Til Viðeyjar sækja Reykvíkingar bæði útiveru og menningu, þar er boðið upp á ýmis konar viðburði auk þess sem verk eftir íslenska og erlenda listamenn er að finna í eyjunni. Meðal þeirra er Friðarsúla Yoko Ono, sem hún lét reisa til minningar um eiginmann sinn, John Lennon, en súlan var afhjúpuð árið 2007.

Ísland er strjálbýlasta land Evrópu, með um það bil þrjá íbúa á hvern ferkílómetra. Höfuðborgarsvæðið er 273 ferkílómetrar, það eru um 430 íbúar á hvern ferkílómetra en það gerir Reykjavík að einni strjálbýlustu borg í heimi.





Efri: Göngu- og hjólastígar liggja meðfram strandlengjunni í Reykjavík.  
Neðri: Íbúar og gestir njóta útiveru í sundlaugum borgarinnar árið um kring. Ljósmyndir: Ragnar Th. Sigurðsson

## Græna borgin

Annað sem einkennir Reykjavík er hversu tengd náttúru borgin er, ekki aðeins með nálægðinni við sjóinn heldur er villt náttúra í seilingarfarlægð allt í kringum hana. Reykvíkingar stunda útiveru af miklum krafti, fjöldi borgarbúa fer reglulega í göngur um nálæg fjöll og óbyggð svæði, sjósund í köldum sjónum nýtur vaxandi vinsælda og Reykvíkingar eiga í sérstöku ástarsambandi við útisundlaugar sínar, sem eru fylltar heitu vatni úr iðrum jarðar allt árið um kring. Þar hafa rithöfundar jafnvel litið við og lesið fyrir sundlaugargesti og einnig hafa útgefendur og bókasöfn komið fyrir fljótandi ljóðum í heitu pottunum svo fólk geti auðgað andann um leið og það lætur líða úr kroppnum.

Það er einnig mikið af opnum, grænum svæðum í Reykjavík sem notuð eru til útivistar og afþreyingar. Eitt vinsælasta íþrótt- og útivistarsvæðið er í Laugardalnum, sem er rétt austur af miðbænum. Þar er meðal annars að finna eina stærstu útisundlaug borgarinnar, Grasagarð Reykjavíkur og Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Ein af betri laxveiðiám landsins rennur í gegnum miðja borgina, þar veiðist bæði silungur og lax og dalurinn sem hún rennur um er fallett útivistarsvæði. Jarðhitinn er sem fyrr segir notaður til að hita upp hús og byggingar Reykvíkinga en orkan er umhverfis- og vistvæn og gerir það að verkum að Reykjavík er ein hreinasta borg í heimi. Eitt af slagorðum borgarinnar er „Pure Energy“, sem vísar bæði til þessarar hreinu orku og kraftsins sem býr í borginni og íbúum hennar. Markvisst hefur verið unnið að því undanfarin ár að gera borgina umhverfisvænni með ýmsum aðgerðum eins og lagningu hjólreiðastíga, betri flokkun og endurvinnslu sorps og stefnumörkun fyrir þjónustu við vistvæna bíla svo eitthvað sé nefnt. Lífsgæði borgarbúa eru þannig mikil, en til þeirra má einnig telja hversu örugg og barnvæn borgin er þótt vissulega megi alltaf gera betur í því tilliti.


### Bókmennta- slóð



**AKRAFJALL** *Reykjavík er umkringd fjöllum. Esjan á sérstakan sess í hugum borgarbúa þar sem hún blasir við í norðri, en fleiri fjöll hafa einnig orðið kennileiti í borginni, til að mynda hinir „fjólubláu draumar“, Akrafjallið og Skarðsheiðin. Mörg skáld hafa ort um fjöllin í nágrenni borgarinnar og þar á meðal er Sigurbjörg Þrastarsdóttir, sem birti þetta ljóð um Akrafjall í bókinni Hnattflugi árið 2000.*

### Akrafjall

*Hef ég ekki margsagt þér  
að fara varlega  
með pastellitina  
það getur þótt of mikið  
af því góða  
sér í lagi  
eftunglið og fjallið  
eru með í rammanum  
ég meina  
hver heldurðu að trúu  
þessum leikhúsbleiku skuggum  
þessum álfafláa himni?*



*Reykjavík er ung borg og það eru íbúar hennar einnig.*

Ljósmynd: Ragnar Th. Sigurðsson

## Fólkið

Í dag eru íbúar borgarinnar um 120.000, en á höfuðborgarsvæðinu búa rúmlega 200.000 manns eða um tveir þriðju hlutar þjóðarinnar. Aðrir þéttbýliskjarnar hafa innan við 20.000 íbúa og flestir töluvert undir því. Borgin sjálf er ekki aðeins ung heldur eru íbúar hennar það einnig, samkvæmt Hagstofu Íslands er meðalaldurinn þrjátíu og þrjú ár, tuttugu prósent eru undir fimmtán ára og sautján prósent eru á þrítugsaldri. Krafturinn í borginni kemur ekki síst frá öllu þessu unga fólki og eitt af því sem Bókmenntaborgin Reykjavík vill gera er að líta sérstaklega til yngri kynslóðanna og ýta undir þann sköpunarkraft sem í þeim býr.

Íslendingar eru afkomendur norrænna og keltneskra landnema. Rannsóknir hafa leitt í ljós að meirihluta af erfðaeefni íslenskra karlmannna megja rekja til Skandinavíu en meirihluta af erfðaeefni íslenskra kvenna til Bretlandseyja.<sup>4</sup> Lengst framan af voru innflytjendur fáir á Íslandi, á árum góðærisins og fram eftir síðasta áratug fjölgaði þeim mikið en hefur nú fækkað aftur og eru þeir í dag um 6,8 prósent landsmanna, en hlutfallið er örlítið hærri í Reykjavík. Þannig má segja að þjóðin sé nokkuð einsleit, en fjölbreytni hefur þó aukist á síðustu árum og áratugum og Reykjavík er sífellt að taka á sig fjölmennningarlegri blæ með auknum fjölda innflytjenda. Reykjavíkurborg leggur áherslu á að taka vel á móti nýjum íbúum og hefur nú innleitt stefnu í málum innflytjenda. Til að mynda er lögð áhersla á fjölmennningarlegt starf í leikskólum, grunnskólum og almenningubókasöfnum borgarinnar.

---

---

# 200.000

manns búa á höfuðborgarsvæðinu

---

---

---

---

# 33 ár

er meðalaldur í Reykjavík

---

---

Lífslíkur Íslendinga eru með þeim hæstu í heiminum, en þær eru við fæðingu 80,7 ár (sem er meðaltal af lífslíkum kvenna og karla) og aðeins í Japan eru þær hærri.<sup>5</sup>

Þjóðin er vel menntuð og læsi er almennt. Hlutfall þeirra grunnskólanema sem fara í framhaldsnám er til dæmis mjög hátt, en á síðasta ári hófu 96,2 prósent grunnskólanema í Reykjavík nám í framhaldsskóla. Sjö skólar bjóða upp á menntun til háskólagráðu á Íslandi og þar af eru þrír í Reykjavík. Menntakerfið á Íslandi er að langstærstum hluta rekið af ríki og sveitarfélögum.

#### Bókmennta- slóð



**NÝLENDUGATA** *Gyrðir Eliasson hefur sent frá sér fjölda smásagna, skáldsagna og ljóða. Skáldskapur hans ber oft með sér ókennileika og fantasíu, oftast á hárfinan hátt þar sem dulin ógn liggur undir sléttu yfirborði. Hann er einn þeirra höfunda sem nýta íslenskan þjóðsagnaarf hvað best og draumar eru algengt yrkisefni í verkum hans. Dauðinn kemur einnig víða við sögu, líkt og í þessu ljóði frá 1992, en þar hittir ljóðmelandi látinn mann í Vesturbænum.*

#### Náttljóð

Mig dreymir mann  
sem er dáinn,  
hann er á nýjum  
bíl og býður mér  
í langa ökuferð.  
Ég þykist vita  
hvað hann er að  
fara og afþakka  
getilega. Við  
erum staddir á  
Nýlendumgötunni;  
opnar dyr bílsins  
og ég horfi inn,  
á dána vininn  
minn. „Sama og  
þegið, ég kem með  
seinna,“ segi ég,  
en stíg samt uppi  
og við ökum sem  
leið liggur,  
í húminu norður  
þangað  
sem grafirnar eru  
dýpri en kolanámur

# 20%

íbúa í Reykjavík eru yngri  
en 15 ára

# 17%

íbúa í Reykjavík eru á  
þrítugsaldri

# 8%

íbúa í Reykjavík eru af  
erlendum uppruna



*Austurvöllur og Alþingishúsið á desemberkvöldi.*

Ljósmynd: Ragnar Th. Sigurðsson



*Ráðhús Reykjavíkur við Reykjavíkurtjörn.*

Ljósmynd: *Ragnar Th. Sigurðsson*

## Efnahagur og stjórnsýsla

Alþingi Íslendinga er meðal elstu starfandi þjóðþinga í heimi. Það var stofnað á Þingvöllum árið 930 og endurreist í núverandi mynd í Reykjavík árið 1844. Þingvellir hafa nú verið gerðir að þjóðgarði og var svæðið sett á heimsminjaskrá UNESCO árið 2004. Það er Íslendingum afar kært og þangað sækja Reykvíkingar og aðrir landsmenn mikið. Alþingiskosningar fara fram á fjögurra ára fresti, 63 þingmenn eru kosnir leynilegri og beinni kosningu, en kosningarétt hafa allir íslenskir ríkisborgarar sem náð hafa átján ára aldri. Alþingi fer með löggjafarvaldið, ríkisstjórnin og forseti Íslands með framkvæmdavaldið, og dómsstólar með dómsvaldið. Borgarbúar kjósa borgarstjórn á fjögurra ára fresti, en þar sitja fimmtán fulltrúar. Borgarstjórn kys sér svo borgarstjóra, sem er framkvæmdastjóri borgarinnar. Borgarstjórnarfundir eru opnir almenningi.

Undirstaða íslensks efnahags eru endurnýjanlegar auðlindir; gjöful fiskimið og jarðvarmaorka. Sjávarútvegurinn hefur verið einn mikilvægasti atvinnuvegur Íslendinga frá upphafi og átti stóran þátt í því að breyta Íslandi úr fátækri þjóð í ríka. Á síðustu árum og áratugum hafa ýmsar þjónustugreinar og ferðaþjónusta eflst mjög, nýsköpun á sviði umhverfis- og orkutækni er vaxandi og störfum í hátækni- og nýsköpunarfyrirtækjum hefur fjölgað. Meðal fyrirtækja á þessu sviði eru leikja- og hugbúnaðarfyrirtæki sem eru orðin þekkt á alþjóðlegum vettvangi. Reykjavík er í vaxandi mæli áfangastaður ferðamanna, enda hefur borgin margt fram að bjóða og hefur verið að sækja í sig veðrið sem spennandi áfangastaður þeirra sem hafa áhuga jafnt á náttúru og útivist sem og menningu. Auk bókmenntalífsins er borgin rík af tónlistarmönnum, hönnuðum og myndlistarmönnum og er mikill hugur í listafólki í Reykjavík í dag.

---

---

# 61,2 %

Íslendinga heimsóttu söguslóðir árið 2009

---

---

Og þar sem menningin átti ekki aðra fulltrúa á Íslandi frammefstir síðustu öld, fyrir utan Hafnaríslendinga, en nokkra flakkara uppum sveitir og latínuskólarefilinn á brakhólum suðrá Nesjum, þá hefur Reykjavík í skjótri svipan eignast hvaðeina sem heimsborg hentar, ekki aðeins háskóla og kvikmyndahús, heldur einnig fútboll og hómosexúalismu.

HALLDÓR LAXNESS: „Af íslensku menningar-  
ástandi“, 1925

Í kjölfar einkavæðingar íslensku ríkisbankanna upp úr síðustu aldamótum varð mikill uppgangur í efnahagslífi landsins. Góðærinu lauk með hruni bankakerfisins í október 2008. Í kjölfarið búa Íslendingar við efnahagskreppu sem þeir eru að vinna sig út úr. Grunnstöðir íslensks samfélags; gott mennta- og heilbrigðiskerfi, náttúrulegar auðlindir og ríkur menningararfur munu vafalítið gera það að verkum að leiðin upp á við verður ekki eins torsótt og ella. Menningin gegnir stóru hlutverki í uppbyggingunni og sjaldan hefur það komið eins skýrt í ljós hversu miklu máli hún skiptir þjóðina. Aðsókn á menningarviðburði er til að mynda mikil, eins og sjá má í kaflanum hér á eftir, og útgefendur hafa heldur ekki haldið að sér höndum þannig að framboð bóka hefur haldið velli. Einnig er vert að geta þess að einhugur var um það hjá borgarstjórn Reykjavíkur að sækjast eftir því að borgin verði Bókmenntaborg UNESCO og leggur hún með því áherslu á gildi bókmennta og menningararfs í uppbyggingunni sem framundan er.

Bókmennta-  
slóð



UNUHÚS *Unuhús er lítið hús sem stendur í útjaðri Grjótaþorps í elsta hluta Reykjavíkur. Húsið var byggt 1896 og er meðal annars frægt af verkum skáldanna tveggja, Halldórs Laxness sem sviðsetur hluta skáldsögunnar Atómstöðvarinnar þar og Þórbergs Þórðarsonar, sem meðal annars skrifaði bókina Í Unuhúsi. Báðir heimsóttu þeir Unuhús reglulega, en þar var athvarf skálda og gáfumenna á fyrstu áratugum tuttugustu aldar. Húsið er nefnt eftir húsráðandanum, Unu Gísladóttur, en sonur hennar Erlendur Guðmundsson tók síðar við hússtjórninni. Í lok sjálfsævisögulegrar skáldsögu Þórbergs, Ofvitans, segir frá því hvernig þau mæðginin, sem þá voru Þórbergi ókunn, bjarga honum frá sulti og seyrri og fyrstu kynnum hans af húsinu.*

Úr Ofvitanum *Svona viðkunnanlega vistarveru hafði ég aldrei séð áður. Hún var skínandi björt, og allir litir í henni voru hreinir og tærir, og það var eins og hver fjöl í þiljum og lofti og hver blutur, sem þarna var inni, talaði lifandi tungu og andaði móti manni vingjarnleik og hlýju. Þetta var líkast sjálfslysandi heimi, óháðum gráma og rigningum landsins. Og hér var enginn blutur, sem minnti á eignarrétt. Það var eins og enginn ætti þessa stofu. Það var eins og hún stæði hér í þjóðbraut heimsins til þess að allt mannkynið gæti gengið óbodid inn í hana. Hér kunni ég vel við mig. Hér fannst mér ég ætti alltaf að eiga heima.*

59 %

Íslendinga sóttu tónleika árið 2009

75,6 %

Íslendinga fóru í kvikmyndahús árið 2009



Efri: Sólfarið eftir Jón Gunnar Árnason, sem minnir á siglingar forfedra og –mæðra Íslendinga. Verkið stendur við Sæbrautina í Reykjavík.

Ljósmynd: Ragnar Th. Sigurðsson

Neðri: Reykvíkingar fylgdust með ævintýrlegri sögu af prinsessu og föður hennar á götum borgarinnar í júní 2007 þegar franska götuleikhúsið Royal de Luxe tók þátt í Listabátíð í Reykjavík.

## Menningarlandslag

Þótt Reykjavík sé hvorki stór borg né fjölmenn er hún eins og áður sagði þekkt fyrir sköpunarkraft og öflugt menningarlíf. Smæð þjóðarinnar gerir það einnig að verkum að hún þjónar í raun landinu öllu og gegnir veigamiklu hlutverki hvað varðar alla miðlun menningar. Eitt af markmiðunum í menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2009–2012 er að Reykjavík gegni menningarlegu forystuhlutverki sem höfuðborg Íslands. Í stefnunni er enn fremur lögð áhersla á það að menning verði viðurkennd sem mikilvægur hluti efnahags- og atvinnulífs borgarinnar.<sup>6</sup> Samkvæmt niðurstöðum könnunar sem birtar voru í desember 2010 eru skapandi greinar einn af undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar. Rannsóknin sýnir að um sex prósent vinnuafsisins starfar við skapandi greinar. Þetta er í fyrsta sinn sem hagræn áhrif skapandi greina eru greind og metin á heildstæðan hátt á Íslandi, en rannsóknin var unnin samkvæmt stöðlum UNESCO um skapandi greinar. Hún var fjármögnuð af fimm ráðuneytum og Íslandsstofu og unnin af sérfræðingum í Háskóla Íslands í samvinnu við Bretann Colin Mercer.

Tölulegar niðurstöður rannsóknarinnar sýna að heildarvelta skapandi greina var 191 milljarður króna árið 2009. Þar af var hluti ríkis og sveitarfélaga um þrettán prósent sem er sambærilegt við önnur lönd. Þetta er mun meiri velta en í landbúnaði og fiskveiðum samanlagt. Þá er virðisaukaskattskyld velta skapandi greina hærri en í byggingarstarfsemi og sambærileg við framleiðslu málma.

Ársverk við skapandi greinar voru um 9.400 talsins árið 2009 en flest voru þau árið 2008, eða rúmlega 10.000.



*Kvikmyndin Gauragangur, sem er byggð á samnefndri skáldsögu Ólafs Hauks Símonarsonar, var frumsýnd árið 2010. Þessi sena er tekin á skólalóð Austurbæjarskóla. Leikstjóri myndarinnar er Gunnar Björn Guðmundsson. Birt með leyfi frá Zik Zak kvikmyndum.*

Ársverkum í skapandi greinum fjölgaði stöðugt á árabílinu 2005–2008. Fjöldi ársverka minnkaði milli áráanna 2008 og 2009, þó minna en í öðrum atvinnugreinum. Á öðrum Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu hafa skapandi greinar skipað sér sess sem sjálfstæður atvinnuvegur, þar sem rannsóknir sýna jafnan og öruggan vöxt þrátt fyrir efnahagskreppu. Þessi rannsókn sýnir að það sama á við um Ísland.

Starfshópur á vegum ríkisstjórnarinnar hefur fengið það verkefni að meta hvernig hægt sé að bæta starfsumhverfi skapandi greina og nýta þau tækifæri sem til staðar eru, efla rannsóknir, menntun og stefnumótun og styðja við útflutningsstarfsemi. Hann er skipaður fulltrúum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, fjármálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti, efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Íslandsstofu og samstarfsvettvangi skapandi greina. Er hópnun ætlað að skila stjórnvöldum tillögum um aðgerðir og úrbætur eftir því sem starfi hans vindur fram en lokaskýrsla með aðgerðaáætlun skal liggja fyrir eigi síðar en 1. mars 2011.<sup>7</sup>

Reykjavík var Menningarborg Evrópu árið 2000, ásamt átta öðrum borgum. Þessi viðurkenning var Reykjavík afar mikilvæg og hafði víðtæk áhrif á borgar- og menningarlandslagið. Titillinn er meðal annars talinn hafa eftir ferðamennsku og styrkt ímynd borgarinnar, en ekki síður fólst í honum dýrmæt reynsla á sviði samvinnu, bæði innanlands sem og við aðrar menningarborgir. Meðal verkefna sem Menningarborgarárið gat af sér er bókmenntavefur Borgarbókasafns Reykjavíkur, sem hefur gegnt veigamiklu hlutverki við kynningu íslenskra samtímabókmennta innan lands og utan síðan þá.

Samkvæmt könnun á menningarneyslu Íslendinga sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið haustið 2009 má sjá að rúmur helmingur Íslendinga sækir menningarviðburði.<sup>8</sup> Leiklistarlíf stendur til að mynda með miklum blóma, 60 prósent svarenda höfðu farið í leikhús síðustu tólf mánuði en samanburðarkönnun árið 2007 leiddi í ljós að fjöldi leikhúsferða á Íslandi var 83 á hverja hundrað íbúa miðað við 35–62 á hinum Norðurlöndunum. Sama könnun sýndi að á Íslandi voru 39 leiksýningar á hverja 10.000 íbúa, en 20–32 á öðrum Norðurlöndum.

60 %

Íslendinga sóttu leiksýningu árið 2009

*Menning, listir og saga geta ýtt undir samkennd og jákvæða forvitni um líf og menningu annarra. Atriðandi er að hafa augun opin fyrir tækifærum af þessum toga og nýta þau í þágu samfélags sem byggir á gagnkvæmum skilningi, virðingu og jafnrétti. Eitt af lykilatriðum í þessu sambandi er samvinna, þ.e. að fólk sem tilheyrir mismunandi menningarheimum, listgreinum og kynslóðum fái hvatningu til að koma saman, miðla af reynslu sinni og veita innsýn í líf hvers annars.*

Úr Menningarstefnu Reykjavíkurborgar  
2009–2012

Í borginni eru tvö stór atvinnuleikhús, Borgarleikhúsið og Þjóðleikhúsið, og fjöldi sjálfstæðra atvinnuleikhópa. Íslensk leikhús eru afar ötul við að setja upp sýningar byggðar á íslenskum bókmenntum og sýnir Þjóðleikhúsið til að mynda tvö ný verk byggð á skáldverkum eftir Halldór Laxness á þessu leikári; *Gerplu* og *Íslandsklukkuna*.

Fjölsóttasta leikhúsið er þó líklega það sem jafnframt er ósýnilegt; Útvarpsleikhús Ríkisútvarpsins, sem hefur verið starfandi frá því fljótlega eftir að Ríkisútvarpið hóf útsendingar árið 1930. Meginmarkmið þess er að spegla íslenskan veruleika ásamt því að kynna ný og sígild alþjóðleg verk fyrir Íslendingum.

Orðspor íslenskra tónlistarmanna hefur farið víða undanfarinn áratug og er Reykjavík orðin þekkt fyrir öflugt tónlistar- og skemmtanalíf. Tónlistarmenn eins og Björk og hljómsveitin Sigur Rós hafa átt stóran þátt í því að vekja athygli umheimsins á landi og þjóð. Í borginni er fjöldi tónleika í viku hverri og tónlistarhátíðin Iceland Airwaves, sem haldin er í Reykjavík í október ár hvert, hefur laðað að fjölda ferðamanna og erlendra listamanna. Klassískt tónlistarlíf er einnig blómlegt í Reykjavík og er Sinfóníuhljómsveit Íslands þar í fararbroddi. Hún hefur verið í fremstu röð hljómsveita á Norðurlöndum um langa hríð og heldur um sextíu tónleika á hverju starfsári. Í könnun Félagsvísindastofnunar kemur fram að 59 prósent Íslendinga sóttu tónleika síðustu tólf mánuði og

64,5 %

Íslendinga keyptu eina eða fleiri bækur handa sjálfum sér árið 2009

*Í menningu og listum í borginni er fölginn vaxtarbroddur og auðlind sem byggja skal á til framtíðar. Menningarlíf í Reykjavík er sprottið af frumkvæði og sköpunarkrafti íbúa og gesta borgarinnar og drifið áfram af fjölda einstaklinga, samtaka og stofnana af ýmsu tagi sem þar leggja hönd á plóg. Menningarlíf höfuðborgarinnar er fjölskrúðugt og það er lykilatriði að hlúa að fjölbreytileikanum, því hann er kjarninn í menningarlegri sjálfsmynd borgarinnar.*

Úr Menningarstefnu Reykjavíkurborgar  
2009–2012.

sýnir það vel tónlistaráhuga landsmanna. Íslenska óperan hefur starfað í rúm þrjátíu ár í gömlu bíóhúsi og er jafnan uppselt á sýningar hennar. Það verða mikil viðbragði fyrir Sinfóníuna og Íslensku óperuna þegar þær flytja í nútímalega tónlistarhöll í maí 2011.

Listasöfn eru fjölmörg í Reykjavík, og eru Listasafn Íslands, Listasafn Reykjavíkur og Nýlistasafnið þau stærstu. Að auki eru í borginni fjölmörg minni listasöfn og gallerí. Aðsókn á listasöfn er góð og títtnefnd könnun sýnir að um helmingur landsmanna sótti sýningu undangengna tólf mánuði.

Íslensk kvikmyndagerð var stopul þar til opinberar styrkveitingar til kvikmyndagerðar hófust á áttunda áratug síðustu aldar. Með stofnun Kvikmyndasjóðs 1978 voru loks sköpuð skilyrði fyrir íslenska kvikmyndagerð að vaxa úr grasi. Þar með hófst kvikmyndavorið svokallaða sem gat af sér margar góðar myndir sem náðu ótrúlegri aðsókn. Íslenskar kvikmyndir hafa á síðustu árum komið bæði Reykjavík og Íslandi á kortið. Sem dæmi má nefna *101 Reykjavík* sem byggir á samnefndri skáldsögu Hallgríms Helgasonar, *Engla alheimsins* sem byggð er á skáldsögu Einars Más Guðmundssonar og *Mýrina* sem er kvikmyndaaðlögun samnefndrar skáldsögu

Arnaldar Indriðasonar. Íslendingar sækja kvikmyndahús af miklum móð og eru þar allra þjóða duglegastir miðað við höfðatölu. Þeir af hverjum fjórum höfðu sótt kvikmyndahús á undanförunum tólf mánuðum, samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar. Kvikmyndahátíðir eru haldnar víðs vegar um landið, misstórar í sniðum og með mismunandi áherslur. Stærsta hátíðin er Reykjavík International Film Festival sem haldin hefur verið í september ár hvert frá 2004. Hún hefur náð að afla sér virðingar og sérstöðu á þessum sex árum, en hún tók við af Kvikmyndahátíð í Reykjavík sem hófst einmitt 1978 í upphafi íslenska kvikmyndavorsins.

Í könnun Félagsvísindastofnunar kemur í ljós hversu styrkstaða bókmenningar er. Hún sýnir að 82 prósent Íslendinga lásu bók sér til ánægju undangengna tólf mánuði. Þessi tala var enn hærri árið 2010 þegar 90 prósent landsmanna, sextán ára og eldri, lásu eina bók eða fleiri sér til ánægju.<sup>9</sup> Í árlegri könnun sem unnin er fyrir Félag íslenskra bókaútfenda kom enn fremur í ljós að 64,5 prósent Íslendinga keyptu eina bók eða fleiri handa sjálfum sér árið 2010.

Bókaútgáfa í landinu er sérlega blómleg: Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands eru gefnir út um fimm titlar á hverja þúsund Íslendinga en sambærilegar tölur fyrir önnur Norðurlönd eru 2 til 2,5. Í Félagi íslenskra bókaútfenda eru nú 37 fyrirtæki, sem verður að teljast mikill fjöldi í svo fámennu landi, en fjöldi annarra fyrirtækja gefur einnig út bækur. Þannig voru 678 titlar kynntir í árlegum *Bókatíðindum* Félags íslenskra bókaútfenda 2010 og á bak við þá stóðu 127 útgefendur sem flestir hafa aðsetur í Reykjavík. Meðalupplag skáldverka er eitt þúsund eintök, sem jafngildir milljón eintökum í Bandaríkjunum, svo dæmi sé tekið. Þessar tölur bera því skýrt vitni hversu lifandi bókmenningu arfleifðin hefur getið af sér.

---

---

# 82 %

Íslendinga lásu bók sér til ánægju árið 2009

---

---

---


---

# 52,6 %

Íslendinga heimsóttu safn eða sáu myndlistarsýningu árið 2009

---

---



Embla Ýr Bárudóttir og Ingólfur Örn Björgvinsson: Blóðregn. Reykjavík.  
Mál og menning, 2003. Hluti af vinselli og verðlaunaðri myndasöguseríu  
sem byggir á Njálu.



*Ung stúlka niðursokkin í lestur í Háskóla Íslands. Ljósmynd: Stefán Karlsson*

## TILVÍSANIR

- 1 Sjá t.d. á vefsíðu Minjasafns Reykjavíkur: „Saga Reykjavíkur – frá býli til borgar“, [http://www.anok.is/arb/saga\\_reykjavikur/rvk/](http://www.anok.is/arb/saga_reykjavikur/rvk/). Síðast sótt 17. febrúar 2011.
- 2 Eggert Þór Bernharðsson: „Borgarbylting á 20. öld: þéttbýlisþróun og sögusýningar“. Guðmundur Jónsson, Helgi Skúli Kjartansson, Vésteinn Ólason (ritstj.): *Heimtur. Ritgerðir til heiðurs Gunnari Karlssyni sjötugum*. Reykjavík. Mál og menning, 2009.
- 3 *Íslenska – í senn forn og ný*. Reykjavík. Menntamálaráðuneyti, 2001.
- 4 Agnar Helgason, Sigrún Sigurðardóttir et al.: „Estimating Scandinavian and Gaelic Ancestry in the Male Settlers of Iceland.“ *American Journal of Human Genetics* 67 (3), 2000, s. 697-717.
- 5 *Health at a Glance 2009 – OECD Indicators*. OECD, 2009.
- 6 *Menning er mannrækt – Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2009-2012*. Reykjavíkurborg, 2009.
- 7 Íslandsstofa, <http://www.islandsstofa.is/frettir/1611/default.aspx>. Síðast sótt 17. febrúar 2011.
- 8 *Íslensk menningarvog – Könnun á menningarneyslu Íslendinga*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2010.
- 9 Capacent Gallup, janúar 2011.

---

*Þótt Reykjavík megi heita upphafspunktur Íslandssögunnar sem aðsetur fyrsta landnámsmannsins, kemur hún einkennilega lítið við sögu næstu aldirnar. Til að mynda er hún með öllu fjarverandi í hinum mikla bálki Íslendingasagna þar sem hver landshluti á sína sögu og sumir fleiri en eina: Suðurland Njálu, Vesturland Laxdælu, Vestfirðir Fóstbræðrasögu, Norðurland Grettlu, Austurland Hrafnkötlu, o.s.frv. – en Reykjavík virðist með öllu liggja utan bringvegjar sagnanna.*

*Það er ekki fyrr en um miðja átjándu öld sem Reykjavík kemur á ný til sögunnar þegar Skúli Magnússon létur reisa þar verksmiðjuþorp sem jafnframt var fyrsta tilraun til bæjarmyndunar á Íslandi. Þessi nýstofnaði bær gekk í gegnum hina hefðbundnu barnasjúkdóma með far-sóttum, eldsvoðum og uppsöfnuðum óþrifum sem gerðu Reykjavík lítt fýsilega til aðseturs og raunar dæmigert að stærsti vinnuveitandi bæjarins var fangelsið sem lagði fyrirtækjunum til vinnuaflið.*

*Breyting verður á um aldamótin 1800 þegar ákveðið var að sameina biskupsstólana í Skálholti og að Hólum í Reykjavík ásamt latínuskólum staðanna. Þar með var Reykjavík komin með heila og hugarstarfsemi sem vænkast enn þegar endurreistu*

*Alþingi er valinn staður í Reykjavík árið 1845 með öllu því vitsmunalífi sem fylgdi, svo sem útgáfu bóka, dagblaða og tímarita. Um aldamótin 1900 er svo komið að öll helstu skáld þjóðarinnar búa í Reykjavík – þótt ekkert þeirra geri bæinn að yrkisefni. Reykjavík hefur ekki enn eignast eigin fagurfræði.*

*Það er ekki fyrr en á þriðja áratug tuttugustu aldar að brestir koma í stífluna og íslenskir rithöfundar taka að gera Reykjavík að söguviði og íslensk skáld sjá í henni yrkisefni; Þórbergur Þórðarson í Bréfi til Láru (1924), Halldór Laxness í Vefaranum mikla frá Kasmír (1927), Tómas Guðmundsson í sinni Fögru veröld (1933), Steinn Steinarr í Rauður loginn brann (1934) ... og svo koll af kolli uns dæmið snýst með öllu við og Reykjavík verður nánast einráð sem yrkisefni íslenskra skálda og rithöfunda. Það er ekki síst í gegnum þessi bókmenntaverk sem Reykvíkingar eignast sína borg. Því borg sem rís undir nafni er annað og meira en hús og götur, hún á sér að stærstum hluta stað í höfði íbúanna. Höfuðborg.*

PÉTUR GUNNARSSON, rithöfundur og fyrrverandi formaður Rithöfundasambands Íslands

# Yfirlit íslenskrar bókmenntasögu

„Nei, hann er í gólu. Hanna glötu

„Harna ertu!“ segir Bergur. „úna

„Tæskir siar, rétt e  
bil fyrir okkur. Síðan háttaði ég þig up

„Hrop d...“ út í magan

„að tala þegar þetta nærðir takið

meira sagt?“ Sölvi fórinn lenbro

þarna hittust þau fyrst, hana uppáta

„...verju þortvörir...“ amall Yaris. l

leggja til hliðar svo

Ísafjarðar sama ár og Sölvi hætti í r

...líós

...dálitið full. Vilt

það er samt óþarfi að vera með einhverri

Edda tekur þegjandi við bol

fimmtíu metna færir sér gæolli a

„Einmitt.“ Sigurður sest aftur, ýtir s

vera með þeim í skóla í

...dræðrasvnr. Var ég ekki búin

drukkna í öllum

frá ef

Hann röltir yfir gólfið oltu ekki  
nin svo enginn fái þá hugdettu að h

ltir seyr

Við elskum þu, heitan deigur að ráðast  
og sama | og ekki alltaf orðið

- 38 Miðaldir
- 43 Handritasafn Árna Magnússonar
- 44 Hallgrímur Pétursson og trúarlegar bókmenntir
- 47 Þjóðsögur og alþýðukveðskapur
- 50 Rómantík og sjálfstæðisbarátta
- 52 Samtímabókmenntir
- 58 Samtímaljóðlist
- 60 Bókmenntir fyrir börn og unglinga
- 64 Þýðingar

— að deyndur skvinnir í lófann  
í faðmi mínum um hri var ekki gert  
dreifaldi sann um hri  
minni vitund ljóst  
fastra... seinna rifjaði  
í augum tilvenja var,  
fara kvað eldrauðan —

með luktum augum  
hverf hverf oft a og hann lætur í  
rökkursvip á sv kunnugt. Þá dul  
í svef kossum Á næstu árum  
fengi ég ríku: Þá opnuðust  
dag, F  
vi lif í sorta.  
hlustanda“.

hertók nuga m  
pú stýrandi  
í kosta ko  
titranu

*Í þessum kafla verður gefið stutt yfirlit yfir íslenskar bókmenntir og, eins og gefur að skilja, mjög stiklað á stóru.*

Ekki verður alltaf talað um reykvískar bókmenntir sérstaklega, en vegna smæðar þjóðarinnar er erfitt að gera greinarmun á borginni og landinu öllu í þessu tilliti. Það hefur hins vegar orðið mjög skýr þróun frá sveitamenningu til borgarmenningar á Íslandi á tiltölulega stuttum tíma og urðu þar nokkur tímamót við síðari heimsstyrjöldina. Þannig eru bókmenntir dagsins í dag yfirgnæfandi reykvískar en sú þróun hófst ekki að ráði fyrr en undir miðja síðustu öld. Fyrir þann tíma var söguvið bókmennta yfirleitt allt annað en Reykjavík og við upphaf borgarmyndunar var Reykjavík fyrst og fremst álitin staður spillingar og mynd hennar í stíl við það í bókmenntunum. Nú hins vegar býr meirihluti rithöfunda á höfuðborgarsvæðinu og borgin er einnig ráðandi sem söguvið, sérstaklega í sagnaskáldskap og hefur mynd hennar í skáldskap tekið miklum breytingum.

*Íslenskar bókmenntir eiga sér glæsilega og óslitna sögu sem teygir sig langt aftur fyrir ritöld. Íslenskar bókmenntir er sú hefð sem íslenskir listamenn vísa alla jafnan til þegar þeir ræða rætur sínar og þeir sem fjalla um íslenskar listir nota íslenskar bókmenntir iðulega sem viðmið.*

Úr stefnumiðum Bókmenntasjóðs

#### Bókmennta- slóð



*og sögð er tímalaus saga um græðgi og innvi baráttu. Bókin hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2005.*

**GRJÓTAÞORP** *Í nóvellu eftir Sjón, Skugga-Baldri, snýr sögubetjan Friðrik aftur til Íslands eftir nám erlendis. Við komuna til landsins heimsækir hann hús í Kvosinni í Reykjavík þar sem hann hittir unga stúlku með Downs-heilkenni. Stúlkan hefur verið læst inni og lýkur heimsókn Friðriks með því að hann tekur hana með sér burt frá Reykjavík. Líf þeirra beggja tekur svo nýja stefnu eftir að þau kynnast prestinum Baldri. Sagan gerist á níttjándu öld og stillinn gefur bæði ljóðræna dýpt og tilfinningu fyrir þessu tímabili um leið*

*Úr Skugga-Baldri Hún sat flötum beinum á moldargólfinu, og húkti yfir matarbakkanum, eins og baunabrúða. Í smárri hendi hélt hún á ræmu af kartöfluhýði og notaði það til þess að ýta saman roði og brauði, svo greip hún um það með hýðinu, bar að munni sínum og tuggði afsamviskusemi. Hún fékk sér sopa úr blikkmálinu, og dæsti. Þá þótti Friðriki, hann hafa séð meira en nóg af ógefurni. Hann fálmaði eftir hleranum til þess að loka, en rak höndina í vegginn með hvelli banki. Sú í horninu varð hans vör. Hún leit upp og horfði beint í augu hans; hún brosti og bros hennar tvöfaldaði hamingju heimsins.*



*Íslandsklukkan, leikrit byggt á skáldsögu Halldórs Laxness frá 1943–1946, var afmælisýning Þjóðleikhússins á sextugasta leikári þess árið 2010. Handrit og leikstjórn: Benedikt Erlingsson.*

Ljósmynd: Eggert Þór Jónsson

## Miðaldir

Nú virðist sem fyrsta byggð í landinu gæti hafa verið í hjarta gamla miðbæjarins, rétt við Reykjavíkurtjörn. Í *Landnámabók*, sem oftast er kennd við Ara fróða (1067–1148), eru fyrstu landnemarnir taldir upp og segir þar frá því er Ingólfur Arnarson, sem nefndur er fyrsti landnámsmaðurinn, setti út öndvegissúlur sínar og gerði bú sitt þar sem þær komu að landi. *Íslendingabók* er annað rit sem eignað er Ara, en það er elsta sagnfræðirit Íslendinga og segir sögu landsins frá landnámi að ritunartíma bókarinnar sem er á þriðja eða fjórða áratug tólftu aldar. Það er á íslensku þótt venjan á þessum tíma hafi verið að skrifa á latínu, en þarna er strax mörkuð sú stefna íslenskra bókmennta að þær séu á þjóðtungunni. Íslendingar rituðu mun meira á eigin tungu á miðöldum en nágrannaþjóðir þeirra en þau miðaldahandrit sem hafa varðveist eru þó einungis brot þess sem var skrifað á landinu á miðöldum. Orðlistin verður síðar það sem þjóðin verður helst þekkt fyrir.

Landnemarnir þurftu að skapa sér nýtt líf í ónumdu landi, gefa landi og umhverfi nöfn, semja lög og skapa sér samfélag sem smám saman stækkaði og dreifðist um eyjuna. Eitt af því sem fólkið flutti með sér úr fyrri heimkynnum var orð og sögur, jafnframt því sem nýjar voru skapaðar. Fyrstu aldirnar gengu sögur og ljóð munnmælum milli fólks en voru síðar skráð niður þegar ritöld tók við af því tímabili sem nefnt hefur verið söguöld og er kennt við sögutíma Íslendingasagna. Elstu handrit *Njálu* eru frá því um 1300 og *Konungsbók Eddukvæða*, sem er eitt þekktasta miðaldahandrit Íslendinga, er frá því um 1270, en elstu varðveittu handrit eru brot frá síðari hluta tólftu aldar. Eddukvæðin eru að mestu varðveitt í þessu eina handriti en þar var safnað saman kvæðum sem höfðu lifað með þjóðinni öldum saman í munnlegri geymd, aðallega hetjukvæðum en einnig kvæðum um heiðna norræna guði, meðal annars heilræða- og spekiljóðin *Hávamál*, sem lögð eru í munn Óðni, sem og *Völuspá* er lýsir heimsmynd heiðinnar trúar. Þessir bálkar eru afar mikilvægur hluti íslenskra bókmennta og bókmenntaarfs, þeir lifðu á vörum alþýðu manna fyrr á öldum og hlutar úr þeim eru tamir fólki enn í dag, enda orðnir hluti af tungumálinu, til dæmis í orðtökum og málsháttum.

*Frá upphafi voru íslenskar bókmenntir skrifaðar á þjóðtungunni.*



Möðruvallabók, skinnhandrit frá því um 1350, sem hefur að geyma Njáls sögu, Egils sögu og aðrar Íslendingasögur, en þetta er stærsta safn sagnanna í einni bók. Nedra handritið er frá fimmtánda öld og inniheldur riddara- og hetjusögur. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

#### Bókmennta- slóð



**AÐALSTRÆTI** Jónas Hallgrímsson hóf að skrifa eitt þekktasta ljóð sitt, „Hulduljóð“, þegar hann dvaldi í Adalstræti 8 veturinn 1840–1841. Húsið stendur ekki lengur en framhlið þess var endurgerð í nýrri byggingu sem í dag hýsir veitingastaðinn Fjalaköttinn á annarri lóð í sömu götu. Í gamla húsinu, sem gekk jafnan undir þessu sama nafni, var fyrsta kvikmyndahús landsins opnað árið 1906. Hér er fyrsta erindi „Hulduljóða“ af sextán, en þetta rómantíska ljóð lýsir fegurð íslenskrar náttúru um leið og það er ákall skáldsins til landa sinna um að þeir vakni af döða og líti til glæstrar fortíðar við uppbyggingu framtíðar og framfara.

#### Hulduljóð

Skáld er eg ei, en huldukonan kallar  
og kveða biður hyggjuþungan beim,  
mun eg því sitja meðan degi hallar  
og mæddur smali fénu kemur heim,  
þar sem að háan hamar fossinn skekur  
og hulduþjóð til næturiðju vekur.

Íslendingasögur eru varðveittar í handritum frá þrettánda öld og þó einkum frá fjórtánda og fimmtánda öld en lýsa atburðum sem eiga að hafa átt sér stað á landnámsöld og fram um miðja elleftu öld, það er á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Alls eru varðveittar um fjórutíu sögur auk styttri þátta og eru þær allar án höfundarnafns. Sögurnar byggja á munnlegri, innlendri frásagnarlist og þeim aðferðum við sagnaritun sem menn lærðu í skólum kaþólsku kirkjunnar við klaustrin og þróuðust við ritun samtímasagna tímabilsins: konunga- og biskupasagna og *Sturlungu*. Þær eru raunsæislegar á ytra borði og ekki er sagt annað en það sem einhver gæti hafa séð eða heyrt. Margar Íslendingasögur snúast um átök og hefndir og vanda manna við að lifa með sæmd. Ýmist er sagt frá mörgum kynslóðum, ævi aðalhetju, heilum héruðum eða hópi manna.<sup>1</sup>

Ritun Íslendingasagna hófst á fyrria hluta þrettánda aldar og þær endurspeglar að nokkru leyti þau átök og hugmyndir sem þá ríktu í þjóðfélaginu en byggja jafnframt á gamalli hefð. Blóðhefndir og mannvíg eru magnaðasta efni Íslendingasagna, enda þykir slíkt jafnan frásagnaverðara heldur en friðsamleg skipti manna á meðal. Sögurnar mynda kjarnann í bókmenntaarfi þjóðarinnar og ritunartími þeirra er oft nefndur gullöld íslenskra bókmennta. Lengi vel voru þær allt að því ósnertanlegar að því leyti að höfundar og listamenn veigruðu sér við því að hrófla við þeim með hvers kyns endurvinnslu, en á sama tíma voru þær í raun viðmið alls og síðari tíma bókmenntir stöðugt í skugga þeirra. Þetta breyttist ekki til muna fyrir en seint á síðustu öld.

Miðaldabókmenntir Íslendinga skapa glugga inn í horfinn heim heiðninnar og halda einnig til haga sögu og samfélagslýsingu þessa tíma. Þetta er hluti ástæðu þess að handritin voru eftirsótt um alla Evrópu þegar tekið var að safna gömlu efni, en undir lok sextánda aldar uppgötvuðu fræðimenn í Danmörku og Svíþjóð að á Íslandi væri að finna handrit sem fjölluðu um sögu þessara landa. Sum handritanna sem þangað voru send í kjölfarið eru enn í vörslu þarlandra safna og íslensk handrit er einnig að finna víðar í Evrópu. Það var þó Íslendingurinn Árni Magnússon sem var atkvæðamesti handritasafnari þessa tíma og safn hans er nú varðveitt bæði í Reykjavík og í Kaupmannahöfn.

*Íslendingasögurnar eru ekki einkaeign Íslendinga heldur menningararfur alls heimsins. Í Japan, Chile, Rúmeníu og Tanzaníu finnst fólk sem er í sérstöku sambandi við sögupersónur Íslendingasagnanna. Það fólk hefur aldrei komið til Íslands en það á sér annað Ísland sem það hefur kynnst úr Íslendingasögnum. Þannig má með sannni segja að Íslendingasögurnar séu mun frægari en Ísland sjálft.*

*Íslendingasögurnar urðu til í ákveðnu menningarlegu samhengi. Þær voru ekki einu miðaldabókmenntirnar sem urðu til á Íslandi. Íslendingar settu líka saman sögur um norska konunga og íslenska biskupa. Þeir þýddu sögur um riddara Artúrs konungs, Karla-magnús, Trójustríðið og Alexander mikla. Þeir þýddu sögur um kirkjuféður og heilagar meyjar. Þeir sömdu líka eigin sögur um ímyndaða riddara í fjarlægum löndum og um germanska fornkappa eins og Sigurð Fáfnisbana. Íslendingasögurnar eru hluti af þessu mikla bókmenntastarfi miðalda en þær fjalla um nálegari viðburði, fyrstu kynslóðir landnema á Íslandi og þau átök sem þeir lentu í við nágranna sína og aðra höfðingja.*

*Íslendingasögurnar fjalla fyrst og fremst um íslensku höfðingjastéttina. Söguhetjur þeirra eru ídulega afburðamenn, miklar hetjur og skáld. Í bakgrunninum glyttir þó gjarnan í hversdagslegri persónur: gríðkonur, þræla, gamalmenni, börn, fatlaða og geð-fatlaða. Þó að ekki sé víst að allir atburðir þeirra hafi átt sér stað nákvæmlega eins og lýst er í sögunum eru þær trúverðugar og þess vegna eru þær vinsælar hjá afar ólíkum lesendum: í þeim er hægt að komast í samband við venjulegt fólk.*

*Fyrir daga tölvu, sjónvarps og bíómynda gegndu Íslendingasögurnar sama hlutverki hjá íslenskum börnum og unglingum. Egill Skalla-Grímsson og Gunnlaugur ormstunga voru sömu hetjur fyrir þeim og dagurhetjur nútímans eru fyrir táningum dagsins í dag. Þannig gegndu sögurnar sérstöku hlutverki í íslenskri menningu sem þær hafa misst seinustu öld. Á hinn bóginn eru þær áfram lesnar um allan heim, á Íslandi sem annarstaðar, og ganga í endurnýjun lífdaga með nýjum lesanda á hverjum degi, alveg eins og Hamlet, Don Kíkóti og Birtingur Voltaires.*


DR. ÁRMANN JAKOBSSON, dósent í íslenskum bókmenntum fyrri alda við Háskóla Íslands



Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn í Þjóðarborghlöðunni.

Ljósmynd: Helgi Bragason

#### Bókmennta- slóð



**LANDNÁMSSÝNING** Landnámabók og Íslendingabók greina frá því að Ingólfur Arnarson hafi verið fyrsti landnámsmaðurinn á Íslandi og að hann og föruneyti hans hafi gert sér bústað í Reykjavík á níundu öld, eftir að öndvegissúlur hans rak þar á land. Fornleifarannsóknir gefa til kynna að fyrsta byggð á Íslandi geti hafa verið þar sem nú er Aðalstræti og Suðurgata, en þetta svæði er einnig sá hluti borgarinnar sem fyrst byggðist á okkar tímum. Landnámssýning Minjasafns Reykjavíkur í Aðalstræti sýnir þær bæjarminjar sem þarna hafa fundist, en hvort um bæ Ingólfs er að ræða skal ósagt látið.

**Úr Landnámabók** Þá er Ingólfur sá Ísland, skaut hann fyrir borð öndvegissúlum sínum til heilla; hann mælti svo fyrir að hann skyldi þar byggja, er súlurnar kæmi á land [...] Ingólfur fór um vorið ofan um heiði; hann tók sér bústað þar sem öndvegissúlur hans höfðu á land komið; hann bjó í Reykjavík; þar eru enn öndvegissúlur þær í eldhúsi.



## Handritasafn Árna Magnússonar

Árni Magnússon (1663–1730) tók að safna handritum 1685 og hélt því áfram næstu fjóra áratugina. Hann fæddist og ólst upp á Íslandi en fór til náms í Kaupmannahöfn um tvítugt og starfaði þar æ síðar þótt hann dveldi einnig langdvölum á Íslandi. Hluti safnsins glataðist í stórbruna í Kaupmannahöfn árið 1728 en þó tókst Árna og aðstoðarmönnum hans að bjarga miklu, meðal annars flestum skinnhandritunum. Árni ánafnaði Kaupmannahafnarháskóla safnið eftir dauða sinn og þar voru handritin varðveitt næstu aldirnar. Íslendingar börðust lengi fyrir því að fá handritin heim og gerðu loks samning við Dani 1961 um skiptingu þeirra, sem var síðan endanlega gengið frá 1986. Handritin voru flutt til Íslands í skömmtum um langt árabíl og voru þau síðustu formlega afhent við athöfn í Háskóla Íslands þann 20. júní 1997. Árnasafn í Kaupmannahöfn geymir enn hluta safnsins og hafa Árnastofnun í Reykjavík og safnið í Kaupmannahöfn með sér margháttað samstarf. Handritasafn Árna Magnússonar var sett á varðveisluskra UNESCO árið 2009, bæði safnið í Reykjavík og í Kaupmannahöfn, og segir í rökstuðningi „að það geymi ómetanleg handrit um sögu og menningu Norðurlanda, og raunar stórs hluta Evrópu, allt frá miðöldum til nýaldar“.<sup>2</sup> Íslendingasögurnar eru sérstaklega nefndar sem dæmi um verk á heimsvísu sem handritin geyma. Nú er unnið að stafrænni miðlun handritanna í Árnastofnun og opnaði mennta- og menningarmálaráðherra Íslands vefinn *handrit.org* formlega þann 21. apríl 2010, og veitir hann aðgang að hverju handriti fyrir sig og upplýsingum um það. Nánar verður sagt frá þessu verkefni í kafla um rafræna miðlun, en það er samstarfsverkefni Árnastofnunar, handritadeildar Landsbókasafns Íslands og Árnasafns í Kaupmannahöfn.

## Hallgrímur Pétursson og trúarlegar bókmenntir

Íslendingar tóku að fullu upp lútherskan sið 1550 þegar síðasti kaþólski biskupinn, Jón Arason, var tekinn af lífi. Næstu aldirnar er kirkjan ríkjandi hér á landi og kirkju-legar bókmenntir yfirgnæfandi þótt alþýðulífi lifði einnig góðu lífi undir yfirborðinu. Opinberu bókmenntirnar mátti meðal annars finna í húslestrarkverum og svo kölluðum postillum sem voru lesin á heimilum, en þar var safnað saman trúarlegu efni. Þýðingar skipuðu einnig stóran sess, *Nýja testamentið* var þýtt á íslensku 1540 en með húnáhrifum jókst áhugi manna í Evrópu á frumheimildum og bókmenntum á þjóðtungu. Áhugi á forn- bókmenntum Íslendinga sem minnst var á hér að framan kviknaði í framhaldi af þessu, þar sem þær voru oft eina heimildin um sögu og menningu Norðurlanda sem til var.

Meðal helstu trúarlegu skálda þessa tímabils er sálma- skáldið Hallgrímur Pétursson (1614–1674) sem þekktasta kirkja í Reykjavík, Hallgrímskirkja, er nefnd eftir. Hún hefur orðið eitt af kennileitum borgarinnar enda gnæfir turn hennar yfir borgina og sést hvaðanæva að. Kirkjan er vinsæll áfangastaður ferðamanna, hún stendur á holti í miðbænum og úr turninum er útsýni til allra átta. *Passíu- sálmar* Hallgríms hafa verið lesnir í Ríkisútvarpinu á páskafoðstunni í yfir hálfa öld og er nýr lesari fenginn til flutningsins á hverju ári. Meðal flytjenda sálmanna hafa verið rithöfundarnir Halldór Laxness, Ingibjörg Haralds- dóttir og Pétur Gunnarsson og einnig má nefna Vigdís Finnboadóttur, fyrrverandi forseta Íslands.

### Bókmennta- slóð



**AUSTURVÖLLUR** *Víð Austurvöll standa nokkrar af þekktustu byggingum borgarinnar, þar á meðal Alþingishúsið, Dómkirkjan og Hótel Borg. Í miðju torgsins er stytta af Jóni Sigurðssyni, frelsishetju Íslendinga og því má líta á staðinn sem táknmynd fyrir sjálfstæði Íslendinga. Austurvöllur hefur einnig verið vettvangur fjöldamótmeða, síðast í kjölfar efnahagsbrunsins árið 2008. Í eftirfarandi atriði úr skáldsögu Einars Más Guðmundssonar, Englum alheimsins, eru önnur mótmeði í brennidepli, það er þegar Ísland gekk í NATO árið 1949. Skáldsagan, sem hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 1995, segir sögu geðsjúks manns frá hans eigin sjónarhorni eftir lát hans.*

### Úr Englum alheimsins

*Því neitar enginn: fæðingardagur minn var sögulegur dagur.*


*Mér var fagnað með grjótkasti og táragsi. Landsmenn og lögregla börðust. Rúður voru brotnar í þinghúsinu. Egg og grjót flugu um loftið.*

*Einn þingmaður brúflaðist á hendi.*

*Annar fékk glerbrot í augað.*

*Þegar lögregla taldi sig ekki ráða við neitt, þrátt fyrir varalið og öflugar sveitir sjálfboðaliða, var táragsi varpað út á Austurvöll.*

*Upp stigu reykmekkir einsog landnámsmaðurinn Ingólfur sá þegar hann skimaði eftir kennileitum til að gefa þessum stað nafn.*



*Hallgrímskirkja, eitt helsta kennileitið í Reykjavík, er nefnd eftir sálmaskáldinu Hallgrími Péturssyni. Á torginu fyrir framan kirkjuna stendur höggmynd af landkönnuðinum Leifi Eiríkssyni, en frá ferðum hans til Norður-Ameríku segir í Eiríks sögu rauða.*

*Ljósmynd: Ragnar Th. Sigurðsson*



*Ásmundur Sveinsson: Svört ský (1947). Listasafn Reykjavíkur.  
Ásmundur er einn af mörgum listamönnum sem vísa til þjóðsagna í  
verkum sínum.*

## Þjóðsögur og alþýðukveðskapur

### ÞJÓÐSÖGUR

Um miðbik nítjándu aldar hófst skipulögð þjóðsagna-söfnun á Íslandi, en líkt og í öðrum löndum fylgdi áhugi á alþýðumenningu og munnmælasögum rómantísku stefnunni og tengdist einnig sjálfstæðisbaráttunni hér á landi. Fyrsta þjóðsagnasafnið sem gefið var út hér, *Íslensk ævintýri*, kom út 1852 og voru það safnararnir Jón Árnason og Magnús Grímsson sem gáfu það út. Heildarsafn Jóns (sex bindi) kom þó ekki út fyrr en á árunum 1954–1961.

Oft hefur verið bent á að þjóðsögur séu kvenlæg bókmenntagrein, það voru fyrst og fremst konur sem varðveittu og sögðu sögurnar þótt karlar hafi síðan safnað þeim á bók.<sup>3</sup> Þjóðsögur voru raunar litnar hornauga af kirkjunni og elítunni lengi vel og var um tíma bannað að fara með slíkar sögur, sem lifðu þrátt fyrir það góðu lífi. Þjóðsagnaarfur Íslendinga hefur verið einstaklega lifandi með þjóðinni og lengi var mun meira og frjálsegar unnið með hann í samtímabókmenntum en hinar „helgu“ miðaldabókmenntir. Fjölmargir höfundar hafa sótt í þennan brunn í öllum tegundum bókmennta, við ljóða-, sagna- og leikritagerð, bæði fyrir börn og fullorðna. Dæmi um þetta eru söfn sagna fyrir börn eftir ýmsa af þekktustu barnabókahöfundum landsins, sem síðan hafa meðal annars verið notuð í íslenskukennslu í grunnskólum. Annað dæmi er skemmtilegt smásagnasafn frá 1991, *Tröllasögur*, en þar heimfæra þeir Gunnar Harðarson, Magnús Gestsson og Sigfús Bjartmarsson ýmsar þjóðsögur upp á Reykjavík nútímans og útkoman er bæði nýstárleg sýn á hinar gömlu sagnir og á samtímann sem sögurnar lýsa. Sá höfundur dagsins í dag sem vinnur einna mest með þjóðsagnaefni er þó vafalaust Gyrðir Elíasson (f. 1961), hann sækir þangað bæði í ljóðum sínum, smásögum og skáldsögum á afar frumlegan hátt.

Þjóðsögurnar eru kannski sú bókmenntategund sem er einna nátengdust landinu sjálfu, ýmis örnefni eru fengin úr þeim, líkt og reyndar úr fornsögunum, og landið sjálft og umhverfið kallaði fram sögur sem hafa síðan lifað kynslóð fram af kynslóð.

## ALÞÝÐUKVEÐSKAPUR

Þjóðsögurnar eru fyrst og fremst alþýðubókmenntir en alla tíð hefur alþýðukveðskapur og sagnalist verið afar mikilvægur hluti af menningu Íslendinga. Eins og áður hefur verið minnst á er upphaf miðaldabókmennta að finna í munnlegri sagna-, ljóða- og kvæðahefð og sérstaklega er kvæðahefðin sterk enn í dag. Sjálfsútgáfa ljóða er algeng í Reykjavík og hefur aukist enn eftir að prentvinnsla varð aðgengilegri og ódýrari, en lausavísnaðskvæðskapur er ekki síður almennur og fjöldi kvæðamanna og alþýðuskálda í landinu.

Rímnahandrit hafa varðveist frá fyrri tíð, til dæmis verk Steinunnar Finnsdóttur (1641–1710) sem var ein fárra kvenna sem fengust við þetta form, en kvæði hennar er elsti kveðskapur eftir konu sem varðveist hefur í einhverju magni á Íslandi. Steinunn losaði um fast rímnaformið og nýtti sér þjóðsagnaefni og munnlega kvæðahefð í skáldskap sínum.

Kvæðamannafélagið Iðunn var stofnað í Reykjavík árið 1929 og hefur tilgangur þess frá upphafi verið sá að viðhalda, varðveita og miðla rímnakveðskap og safna alþýðuvísum, gömlum og nýjum, „þeirri alþýðulist sem um langan aldur hefur verið einn merkasti þáttur íslenskrar þjóðmenningar“, eins og segir á vefsíðu félagsins.<sup>4</sup> Félagið á safn hljóðrita og handrita sem safnað hefur verið á þessu tímabili og stendur fyrir mánaðarlegum samkomum yfir vetrarmánuðina þar sem bæði fer fram kennsla í kveðskap og félagar kveða einnig saman. Þegar farið er með rímur eru þær sungnar á sérstakan hátt, og varðveitir hljóðritasafnið þennan flutning en hann er jafnframt kenndur á fundum félagsins. Í tilefni af áttatíu ára afmæli Kvæðamannafélagsins í september 2009 afhenti félagið Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum handritasafn sitt til varðveislu og sér þjóðfræðideild safnsins um þessi handrit og miðlun þeirra. Steindór Andersen, formaður félagsins, er þekktastur kvæðamanna í dag, en hann hefur meðal annars unnið með einni vinsælustu hljómsveit landsins, Sigur Rós, sem einnig hefur getið sér gott orð erlendis. Samstarf þeirra leiddi meðal annars af sér tónverkið *Hrafnagaldur Óðins*, sem tónlistarmaðurinn Hilmar Örn Hilmarsson samdi og flutti einnig með sveitinni og Steindóri. Verkið var frumflutt í Barbican Centre í London í apríl 2002 og það var einnig flutt á Listahátíð í Reykjavík sama ár. *Hrafnagaldur* tilheyrir raunar ekki rímunum, heldur er kvæðið talið til Eddukvæða þótt það finnist ekki í *Konungsbók* og ekki séu allir á eitt sáttir um uppruna þess.

*„Ríma er hefðbundið form íslenskra frásagnarljóða sem eru sungin eða kveðin á sérstakan hátt. Form og innihald má að hluta rekja til Eddukvæða og dróttkvæða Vikingatímans. Rímurnar byggja á flóknu myndmáli sem nefnist „kenningar“ og ljóðrænum samheitum, eða „heitum“. Orðaforði dróttkvæða er afar flókinn og í raun einstakur, þar sem oft má finna líkingar innan líkinga á þann hátt sem minnir helst á kryptískar krossgátur.“*

HILMAR ÖRN HILMARSSON, allsherjargoði




*Íslendingar eru mikið söngfólk og kórar landsins eru fjölmargir. Margir Íslendingar kunna þjóðvísur og þjóðkvæði.*

*Ljósmynd: Ragnar Th. Sigurðsson*

## Rómantík og sjálfstæðisbarátta

Einn þeirra rithöfunda sem tengdust rómantísku stefnunni var ljóðskáldið og náttúrufræðingurinn Jónas Hallgrímsson (1807–1845). Jónas bjó um tíma í Reykjavík, en fluttist síðan eins og margir á þessum tíma til Kaupmannahafnar og lést þar um aldur fram. Jónas var eitt þeirra skálda og menntamanna sem voru virk í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga, þau vildu hvetja þjóðina til dáða og litu þá til fornnar frægðar hennar og bókmennta. Þjóðsögur og alþýðulist voru þeim einnig ofarlega í huga, þótt hópurinn sem Jónas tilheyrði gagnrýndi jafnframt rímnahefðina mjög á fagurfræðilegum forsendum. Ljóð Jónasar tjá mikla ást til ættjarðarinnar og meðal annars þess vegna hefur hann fengið viðurnefnið „ástmögur þjóðarinnar“. Honum var einnig sérlega umhugað að endurnýja og varðveita íslenskt mál og er Dagur íslenskrar tungu haldinn hátíðlegur þann 16. nóvember ár hvert á fæðingardegi skáldsins. Mörg orð sem löngu eru orðin samgróin málinu og fólki virðist „alltaf“ hafa verið til eru frá Jónasi komin, til að mynda orðið „sjónauki“, sem er, líkt og mörg önnur orð úr smíðju hans, bæði einfalt og gegnsætt. Við mörg ljóða Jónasar hafa verið samin lög og eru þau vinsæl hjá kórum og sönghópum og kunnugleg öllum almenningi í því formi, en ljóð hans eru einnig lesin í öllum skólum. Jónas þýddi líka ljóð og sögur úr öðrum málum, enda álitu hann og samferðamenn hans það einkar mikilvægt að veita erlendum straumum til landsins og gefa fólki kost á að lesa merkan erlendan skáldskap á þjóðtungunni. Borgarbókasafn Reykjavíkur hefur sett saman bókmenntagöngu um slóðir Jónasar í elsta hluta Reykjavíkur og hefur hún verið afar vinsæl.

### Bókmennta- slóð



**HÓTEL BORG** Guðjón Samúelsson teiknaði hótelið og var það byggt 1930. Veitingahúsið á hótelinu hefur alltaf verið vinsæll samkomustaður hópa og einstaklinga, svo sem rithöfunda, stjórnmálamanna og annarra. Skáldsaga Vigdísar Grímsdóttur, Grandavegur 7, segir frá Fríðu, skyggri stúlku sem býr í Vesturbænum á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar. Drykkjfelldur faðirinn yfirgefur fjölskylduna eftir dauða yngri bróður stúlkunnar og hefur þegar hér er komið sögu leigt herbergi 212 á Borginni ásamt ástkonu sinni.

**Úr Grandavegi 7** Ég banka tvisvar sinnum tvisvar en músikin yfirgnæfir. Pabbi heyrir ekki merkin mín. Ég banka fastar en ennþá er ekki svarað. Ég gríp þá í snerilinn og ber flötum lófum á dyrnar. Fimm löng högg og mig sviður í lófann. Loks eru dyrnar opnaðar í hálfa gátt. Pabbi gegist fram á ganginn og við horfumst í augu. Hann starir á mig og ég veit að hann langar ekki til að bjóða mér inn núna. Hann langar bara að hvílast undir hlýrri sæng við hlið konunnar og hlusta á Hrausta menn.

Skáldið og athafnamaðurinn Einar Benediktsson (1864–1940) er einnig einn þeirra sem lögðu hönd á plóginn í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Sem skáld orti hann í nýrómantískum anda og hann þýddi einnig erlenda ljóðlist á íslensku, meðal annars *Pétur Gaut* eftir Henrik Ibsen og verk eftir amerísk og bresk ljóðskáld. Einar ritstýrði fyrsta dagblaði landsins, *Dagskrá*, sem hóf göngu sína 1896. Hann ferðaðist víða um lönd og flutti með sér hugmyndir heim að utan og var afar stórhuga fyrir hönd landsins. Einar bjó um tíma í húsinu Höfða í Reykjavík, sem nú er móttökuhús borgarstjórnar Reykjavíkur en húsið er þekkt á alþjóðavísu sem fundarstaður leiðtogafundar Mikhails Gorbatsjov og Ronalds Reagan í október 1986. Bæði Jónas Hallgrímsson og Einar Benediktsson hvíla í svo kölluðum þjóðargrafreit Íslendinga á Þingvöllum, hinum forna þingstað Íslendinga, en hugmyndin að þessum grafreit hefur síðan verið gefin upp á bátinn og aðeins þessi tvö höfuðskáld þjóðarinnar hvíla þar.

*Jónas var eitt þeirra skálda og menntamanna sem voru virk í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga, þau vildu hvetja þjóðina til dádða og litu þá til fornrrar frægðar hennar og bókmennta.*




*Höfði.*

Ljósmynd: *Ragnar Th. Sigurdsson*

Þegar gefa á yfirlit yfir samtímabókmenntir ber nafn Halldórs Laxness (1902–1998) óhjákvæmilega fyrst á góma. Halldór fæddist í Reykjavík þann 23. apríl sem vill svo skemmtilega til að er alþjóðlegur dagur bókarinnar. Í Reykjavík er haldið upp á þann dag með margvíslegum hætti og hann reyndar teygður út í heila Viku bókarinnar. Halldór var mjög afkastamikill höfundur og byrjaði snemma að skrifa, sína fyrstu bók gaf hann út árið 1919, aðeins autján ára gamall. Það var þó með *Vefaranum mikla frá Kasmír* (1927) sem hann vakti verulega athygli, en skáldsagan er meðal þeirra verka sem talin eru marka upphaf íslenskra nútímabókmennta. Frægur ritdómur um bókina hefst með orðunum „Loksins, loksins tilkomu- mikið skáldverk sem rís eins og hamraborg úr flatneskju íslenskrar ljóða- og sagnagerðar síðustu ára! Ísland hefur eignast nýtt stórskáld – það er blátt áfram skylda vor að viðurkenna það með fögnuði.“<sup>5</sup> Sagan, sem kom fyrst út í heftum sem send voru á mánaðarfresti til áskrifenda, gerist meðal annars í Reykjavík og fjallar hún um tilvistarvanda hins unga Steins Elliða, sem leitar tilgangs og sannleika í hverfulum og óreiðukenndum heimi, en berst fyrst og fremst við eigin þrár og efa. Halldór skrifaði alls fimmtán skáldsögur á ferlinum, sumar í nokkrum hlutum, en meðal þeirra má nefna *Sjálfstætt fólk* (1934–36) sem vafalaust er hans þekktasta verk utan Íslands, *Heimsljós* (1937–40), *Íslandsklukkuna* (1943–46), *Atómstöðina* (1948) og *Gerpla* (1952). Í þeirri síðastnefndu sækir hann í smiðju miðalda- bókmennta og skrifar söguna í stíl Íslendingasagna en *Gerpla* byggir að hluta á *Fóstbræðrasögu*. Tónninn er afar gagnrýninn og hæðist Halldór að hetjudýrkun og ofbeldi tímabilsins, en segja má að sagan sé skopádeila með trega- fullum undirtónum. Halldór var gagnrýndur fyrir meðferð sína á bókmenntaarfinum eftir að sagan kom út, en það var ekki í eina skiptið sem verk hans ullu deilum, slíkt var regla frekar en undantekning. Hann fékkst einnig á annan hátt við miðaldabókmenntirnar því hann gaf Íslendingasögur út með nútímastafsetningu og vildi með því móti gera þær aðgengilegri. Þetta verkefni, sem hófst með útgáfu hans og tveggja annarra á *Laxdælu* 1942, var það umdeilt að útgáfan var kærð og um hana fjallað á Alþingi Íslendinga.

*Halldór Laxness hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 1955 fyrir „litríkan skáldskap sem endurnýjað hefur íslenska frásagnarlist.“*



Erró: Halldór Laxness (2009). Listasafn Reykjavíkur.

Í dag er Laxness þó síður en svo umdeildur, reyndar var lengi talað um að þeir höfundar sem á eftir honum komu hafi skrifað í skugga hans, en það á þó vart við um yngstu kynslóðir íslenskra skálda. Verk hans hafa verið þýdd á meira en fjörutíu tungumál og hafa þau komið út í yfir fimm hundruð útgáfum erlendis. Halldór hlaut Nóbels-verðlaunin í bókmenntum árið 1955 og kemur fram í tilkynningu akademíunnar að það sé fyrir „litríkan skáldskap sem endurnýjað hefði íslenska frásagnarlist.“<sup>6</sup> Auk skáldsagnanna allra skrifaði Halldór fimm leikrit, endurminningabækur, kvæði, greinasöfn og smásagnasöfn. Flestar skáldsagna hans hafa verið settar á svið eða kvikmyndaðar og tvær nýjar leikgerðir, *Gerpla* og *Íslands-klukkan*, voru settar á fjalir Þjóðleikhússins á sextíu ára afmælisári leikhússins 2010. Einnig hefur verið unnið með verk hans í öðrum listgreinum, til að mynda í tónlist, en það nýjasta á því sviði er sálumessa sem var frumflutt í maí 2010.

Eins og gefur að skilja hafa fræðimenn skrifað mikið um verk Halldórs í gegnum tíðina og hefur ævisaga skáldsins, sem nafni hans Guðmundsson sendi frá sér 2004, nú komið út í þýðingum í nokkrum löndum, meðal annars á ensku, dönsku og þýsku.<sup>7</sup>

Annað verk sem markaði tímamót á fyrri hluta tuttugustu aldar var skáldsaga Þórbergs Þórðarsonar, *Bréf til Láru*, sem kom út árið 1924. Bókin þótti óvenjuleg í formi og erfitt að skipa henni í bókmenntaflokk (það sama má raunar segja um fleiri bækur Þórbergs) en í henni ræðst höfundurinn gegn viðteknum hugmyndum og er bæði ögrandi og ólíkindalegur. Þórbergur varð einn af mest áberandi höfundum borgarinnar næstu áratugina. Hann fæddist á sveitabæ á Suð-Austurland, en fluttist til Reykjavíkur ungur maður og var einn þeirra fyrstu sem gerðu borgina að yrkisefni í skáldskap. Hann bjó síðan í borginni allt þar til hann lést árið 1974. Margar bækur Þórbergs eru sambland sjálfsævisagna og skáldsagna en hann gerði sjálfan sig að kostulegri persónu í skáldskap sínum um leið og hann lýsti tíðaranda, hugmyndastraumum og samferðafólki. Bækur hans eru afar kímnar og er Þórbergur með frumlegustu höfundum á þessum tíma og jafnvel enn í dag. Halldór Laxness segir um hann á einum stað að Þórbergur hafi verið „orðinn dadaisti áður en uppskatt varð á Íslandi um dada-stefnuna [...] og absúrdisti fjörutíu árum á undan absúrdistum.“<sup>8</sup> Skáldsaga hans, *Sálmurinn um blómið* (1954–55), sýnir vel það nýstárlega og einstaka sjónarhorn sem einkennir verk Þórbergs, en þar ræður vitund barns ferðinni og tekur bæði stíllinn og tungutak bókarnar

mið af því. Þórbergur gengur mun lengra í þessu efni en hefðbundnari bækur sem líta heimin með augum barnsins, en eins og rithöfundurinn Pétur Gunnarsson segir í nýlegri ævisögu um Þórberg samsamar hann „sig barninu og umskapar veröldina með augum þess.“<sup>9</sup> Þótt Þórbergur sé ótvírætt með merkustu höfundum landsins hafa bækur hans enn ekki verið þýddar á önnur mál að neinu marki.

Bæði Halldór og Þórbergur tilheyrðu hópi skálda og listamanna sem söfnuðust saman í litlu húsi í miðbæ Reykjavíkur, svokölluðu Unuhúsi, sem var heimili Unu Gísladóttur og sonar hennar Erlendar Guðmundssonar. Þau opnuðu heimili sitt fyrir alls kyns fólki og Erlendur, sem var sjálfmenntaður alþýðumaður, varð eins konar verndari listamanna, meðal annars þeirra Halldórs og Þórbergs. Þarna er Reykjavík að verða til sem borg sem vert er að fjalla um í skáldskap og listum og báðir þessir höfundar, ásamt mörgum fleiri, áttu stóran þátt í að endurskapa mynd borgarinnar og í raun móta hana í hugum samferðafólks síns og kynslóðanna sem á eftir komu.

Meðal annarra höfunda sem tengjast sögu borgarinnar er Ragnheiður Jónsdóttir (1895–1967), sem skrifaði bæði fyrir börn og fullorðna, en sagnabálkur hennar um Þóru frá Hvammi (1954–1964) lýsir innri og ytri átökum í lífi konu

*Fróðir menn segja mér að ég muni ekki hafa fæðst í timburhúsinu uppi lóðinni á Laugavegi 32 þar sem stelpa misti mig útum gluggann, heldur muni það hafa gerst í steinbænum fast við götuna þar sem kötturinn stökk uppi vögguna til að læsa klónum í andlitið á barninu meðan það svaf; og var heingdur fyrir vikið.*

HALLDÓR LAXNESS: *Í túninu heima* (1975)

á tímum mikilla þjóðfélagsbreytinga á Íslandi. Þóra þessi flytur til höfuðborgarinnar utan af landi og er saga hennar bæði þroskasaga einstaklings og þjóðfélagslýsing, en hún spannar tímamann frá 1927 allt fram til 1960 og lýsir þannig meðal annars hernámsárunum í Reykjavík í seinna stríði.<sup>10</sup>

Meðal prófaskálda sem hleyptu nýju blóði í bókmenntir tuttugustu aldar eru til dæmis Ásta Sigurðardóttir (1930–1971) og Svava Jakobsdóttir (1930–2004) en smásögur þeirra beggja gefa nýstárlega og ögrandi sýn á heim kvenna í borginni og hristu rækilega upp í borgarþúfum á sínum tíma. Höfundarverk Ástu varð ekki stórt, smásagnasafnið *Sunnudagskvöld til mánudagsmorguns* kom út árið 1961



Gerpla, leikgerð Baltasar Kormáks og Ólafs Egils Egilssonar á samnefndri skáldsögu Halldórs Laxness, var frumsýnd í Þjóðleikhúsinu árið 2010.

Leikstjóri: Baltasar Kormákur.

Ljósmynd: Eggert Þór Jónsson

og tileinkaði hún Reykvíkingum bókina, en sögurnar höfðu tekið að birtast í tímaritum um áratug fyrir og fleiri sögur birtust einnig eftir útkomu safnsins. Sögur hennar eru oft kallaðar Reykjavíkursögur Ástu, en þeim ásamt fáeinum ljóðum var safnað saman í bókinni *Sögur og ljóð* (1985) að henni látinni. Ásta fjallar gjarnan um þá sem eru utangarðs í skáldskap sínum og skuggahliðar tilverunnar verða henni að yrkisefni í mögnuðum sögum sem lýsa tilveru og tilvistarvanda, meðal annars í vaxandi borg. Svava Jakobsdóttir er einnig meðal fyrstu móðernistanna í íslenskri sagnagerð og í fyrstu bók hennar, smásagnasafninu *12 konur* (1965) er hin nýja íslenska borg í stóru hlutverki, „hið nýja landnám Íslendinga“ eins og Ástráður Eysteinnsson orðar það í grein um skáldskap Svövu. „Þetta landnám er merkt lífsháskanum [...] og sá lífsháski býr einnig í hversdeginum.“<sup>11</sup> Svava setur heim kvenna í brennidepil og fjallar um sjálfsmynd og frelsi þeirra. Í sögunni „Kona með spegil“ úr *Veislu undir grjóttvegg* ferðast söguhetjan um borgina með spegil sem bregður upp mynd af henni sjálfri og umhverfi hennar á þann hátt að bæði innra líf konunnar og hlutskipti hennar í samfélaginu birtist lesandanum í afhjúpanði ljósi. Svava sendi frá sér fleiri smásagnasöfn og skáldsögur, meðal annars *Gunnlaðar sögu* (1987) þar sem hún vinnur með norrænu goðsögnina um Gunnlöðu þá sem gætti skáldskaparmjaðarins, sem Óðinn síðan rændi. Í sögunni er máttur skáldskaparins í brennidepli, en einnig veltir Svava upp spurningum um goðsögnina sjálfa og efast um túlkun hennar í *Snorra Eddu*. Hún setur fram sína eigin túlkun á sögunni um Gunnlöðu og er mynd hennar allt önnur og sterkari en í hinni hefðbundnu túlkun. Svava var lærdur miðaldafræðingur og stundaði auk skáldskaparins fræðisstörf á því sviði.

Áður en smásagnasöfn Svövu og Ástu komu út hafði Thor Vilhjálmsson (1925–2011) sent frá sér prósasafnið *Maðurinn er alltaf einn* (1950), en hann er einn mikilvægasti móðerniski höfundur landsins og hafa verk hans einnig verið þýdd á fjölmörg tungumál. Skáldskapur hans er ef til vill sá sem er einna alþjóðlegastur innan íslenskra bókmennta, en að sama skapi er Thor meðal

*Meðal próaskálda sem hleyptu nýju blóði í bókmenntir tuttugustu aldar eru Ásta Sigurðardóttir (1930–1971) og Svava Jakobsdóttir (1930–2004) en smásögur þeirra beggja gefa nýstárlega og ögrandi sýn á heim kvenna í borginni og hristu rækilega upp í borgarbíuum á sínum tíma.*



*Ásta Sigurðardóttir var litrík persóna í borgarlífinu á sinni tíð og smásögur hennar eru einstakar. Þessi ljósmynd Jóns Kaldals af skáldkonunni er eftir vill jafn þekkt og hún sjálf. Þjóðminjasafn Íslands.*

þeirra höfunda sem hvað mest hafa unnið með íslenskt mál, verk hans eru mjög nýskapandi að efni, formi og tungutaki. Oft er erfitt að flokka verk Thors í einn tiltekinn flokk bókmennta, þau liggja á alls kyns mörkum og leika sér raunar með þau, líkt og höfundurinn leikur sér með textann sjálfan og væntingar lesenda. Thor sendi frá sér bækur af öllum toga, skáldsögur, smásögur, ljóðasöfn og ferðabækur og auk þess þýddi hann verk eftir aðra og skrifaði fjölda greina um bókmenntir og menningu.

Þegar litið er til dagsins í dag og þeirra höfunda sem nú eru að skrifa er erfitt að taka aðeins örfáa út. Yfirgnæfandi fjöldi þeirra býr og starfar á höfuðborgarsvæðinu og hægt að telja upp fjölmarga athyglisverða og ólíka höfunda sem getið hafa sér gott orð heima og erlendis. Guðbergur Bergsson (f. 1932) skrifar margslungnar og á stundum gróteskar sögur, en viðamikil höfundarverk hans inniheldur einnig tveggja binda skáldævisögu um uppvöxt hans í Grindavík. Bernsku- og þroskasögur borgarbarna og borgarinnar sjálfrar er líka að finna í verkum Einars Más Guðmundssonar (f. 1954), Péturs Gunnarssonar (f. 1947) og Einars Kárasonar (f. 1955) en sá síðastnefndi hefur að auki sent frá sér athyglisverðar sögulegar skáldsögur, sem meðal annars byggjast á *Sturlungu*. Fleiri höfundar hafa

*Thor Vilhjálmsson er einn mikilvægasti  
móðerníski höfundur landsins og hafa  
verk hans verið þýdd á fjölmörg tungumál.  
Skáldskapur hans er eftir vill sá sem er  
einna alþjóðlegastur innan íslenskra  
bókmennta, en að sama skapi er Thor  
meðal þeirra höfunda sem hvað mest hafa  
unnið með íslenskt mál, verk hans eru mjög  
nýskapandi að efni, formi og tungutaki.*

unnið með sagnaarfinn á síðustu árum, til dæmis Vilborg Davíðsdóttir (f. 1965) sem sent hefur frá sér skáldsögur sem fjalla um landnámsstímann, en hennar skáldverk beina jafnan sjónum að konum á þessum tíma.

Steinunn Sigurðardóttir (f. 1950), Vigdís Grímsdóttir (f. 1953) og Gyrðir Elíasson (f. 1961) hafa ljóðrænan stíl og á stundum ævintýrlegan, en fantastískir og ævintýrlegir þræðir eru líka áberandi í verkum Kristínar Ómarsdóttur (f. 1962) og Sjóns (f. 1962), sem bæði hófu feril sinn sem framsækin ljóðskáld en hafa á síðustu árum einkum fengist við skáldsagnaskrif. Steinar Bragi (f. 1975) er annar höfundur sem leikur sér með fantasíu og dimma og torræða innri heima, en það sama má segja um fyrrnefndan Gyrði. Honum er landsbyggðin og fortíðin hugleikin og það á líka við um Jón Kalman Stefánsson (f. 1963), sem er einn fárra ungra höfunda sem skrifa nær ekkert um borgina. Draumkenndar og eilítið nostalgískar sögur hans eiga sér flestar stað í ónefndu plássi eða sveit úti á landi. Andri Snær Magnason (f. 1973) hefur vakið mikla athygli á síðustu árum fyrir skáldskap og önnur skrif með sterkum samfélagslegum áherslum og það hafa skáldsögur Auðar Jónsdóttur (f. 1973) og Hallgríms Helgasonar (f. 1959) einnig gert. Hallgrímur fjallar á beittan hátt um nútímann í sínum verkum og það gerir Guðrún Eva Mínervudóttir (f. 1976) sömuleiðis, þótt verk þessara höfunda séu annars afar ólík. Hallgrímur beitir oft háði, gáskafullum humor og orðaleikjum, en stíll Guðrúnar Evu er innhverfari ef svo má segja og mörg verka hennar hafa ljóðrænan og heimspekilegan blæ. Annar athyglisverður höfundur sem skrifar hæglat en merkingarhlaðin verk er Bragi Ólafsson (f. 1962), en hann er meistari hárfinnar kímni og fánánleika hins hversdagslega og verða sögur hans fyrir vikið oft tragískómískar og óútreiknanlegar. Enn annar meistari kíminnar er Þórarinn Eldjárn (f. 1949), sem hefur skrifað

*Þótt deila meg um sagnfræðilegt gildi hinna fornu  
bókmenntagersema Íslendinga og þar hafi allir frá  
dögum sjálfstæðisbaráttunnar gegnt stóru blutverki við  
sköpun íslenskrar þjóðernisímyndar þá er gildi þeirra  
fyrir rithöfund í samtímanum ótvírett og margvíslegt.  
Mér, sem fæst við skrif sögulegra skáldsagna sem gerast  
á miðöldum, eru þar ómetanleg hugmyndauppspretta  
og heimild um veraldarsýn horfinna alda, um daglegt  
líf forfedra okkar og formæðra, um umbugsunarefni  
þeirra, trúarbrögð jafnt heiðin sem kristin, mikilvægi  
munnlegrar hefðar, sagnalist og kveðskap. Forlaga-  
trú og ýmis viðhorf sem endurspeglast í fornbók-  
menntunum ætla raunar margir að lifi enn góðu lífi  
meðal okkar, svo rekilega sem tilvitnanir í þær eru  
samofnar tungutaki þjóðarinnar.*

*Íslenskir höfundar hafa að mestu látið ógert að fást  
við sjálfar hetjur Íslendingasagnanna; á þeim hvílir  
eins konar bannhelgi: þar verður enda engu við blett  
né betur gert. Þau okkar sem hafa nýtt sér sagnasjóð  
fornbókmenntanna hafa gert það á annan máta:  
dregið fram persónur sem fát er vitað um og gefið  
þeim vengi ellegar skáldað í ríkulegan bakgrunninn  
sem sögurnar leggja til. Sjálf hef ég skrifað um gelísk-  
norrenu ambáttina sem á sér ekkert nafn í frásögnum  
afsöguöldinni þótt enginn dragi tilvist hennar í efa  
og einnig um einu konuna sem getið er um að hafi  
farið fyrir landnámsleiðangri til Íslands á níundu  
öld, Auði djúpúðgu, norren að ætt en sigldi hingað  
frá landnámi víkinga á Bretlandseyjum. Sú á sér  
ekki eigin Sögu með stórum staf, fremur en kynsystur  
hennar sem fylgdu fedrum, eiginmönnum og sonum  
til eldfjallaeyjarinnar í norðri; fáorðar arfsagnir  
um hana hér og þar komast að samanlögðu fyrir á  
tíu síðum, duga þó til þess að lýsa stórbrotinni konu  
og merkilegri ævi sem á sér engan líka. Þannig má  
margt lesa úr textunum sjálfum, og raunar ekki síður  
á milli línanna af því sem ósagt er látið, sem annars  
veri okkur glatað að eilífu. Þar tel ég ekki aðeins  
Íslendingasögur, Biskupasögur og Eddukvæði heldur  
einnig þá merku Landnámabók þar sem finna má  
margar örlagasögurnar í fáeinum línunum, stungið inn  
á milli attartalna og landnámslýsinga, sem kveikja  
myndir og sögur í huganum af fólkinu sem leitaði hér  
nýrra heimkynna og lagði allt undir í óvissuferð yfir  
opið hafið.*

VILBORG DAVÍÐSDÓTTIR, rithöfundur

*Stærsta nafnið í dag á alþjóðlegum vettvangi er án efa glæpasagnahöfundurinn Arnaldur Indriðason, sem hefur blotið fjölda verðlauna fyrir skáldsögur sínar bæði heima og erlendis.*


fjölda smásagna þar sem húmor og leikur að tungumáli eru áberandi, en hann hefur að auki fengist við sögulegar skáldsögur.

Flestir skrifa þessir höfundar fyrst og fremst skáldsögur en margir hafa einnig sent frá sér smásögur, ljóð og leikrit. Skáldsögur fimm þeirra hafa verið kvikmyndaðar, frönsk kvikmynd Yves Angelo, *Voleur de Vie* (1999) byggir á *Tímahjófi* Steinunnar Sigurðardóttur og íslenskar kvikmyndir hafa verið gerðar eftir verkum Hallgríms Helgasonar, Vigdísar Grímsdóttur, Einars Más Guðmundssonar og Einars Kárasonar; *101 Reykjavík*, *Rokland*, *Kaldaljós*, *Englar alheimsins* og *Djöflaeyjan*. Þýðingum á verkum íslenskra rithöfunda hefur fjölgað síðustu árin og bækur eftir reykvíska höfunda koma nú út víða um heim.

Auk Guðbergs Bergssonar og Þórbergs Þórðarsonar hafa mörg önnur skáld sent frá sér ævisögur og endurminningar og einnig hefur komið út fjöldi ævisagna rithöfunda eftir fræðimenn og aðra rithöfunda. Ævisögur eru stór og afar vinsæl bókmenntagrein á Íslandi, en meðal þekktara ævisagnaritara í samtímanum má nefna sagnfræðinginn Guðjón Friðriksson (f. 1945), sem einnig hefur skrifað mikið um sögu Reykjavíkur.

Stærsta nafnið í dag á alþjóðlegum vettvangi er þó án efa glæpasagnahöfundurinn Arnaldur Indriðason (f. 1961), en síðustu tíu árin eða svo hafa verið mikill uppgangstími fyrir glæpasögur á Íslandi. Fram að því fór lítið fyrir þessari bókmenntagrein og hún var raunar litin hornauga í íslenskri bókmenntaumræðu. Nú helga nokkrir höfundar sig glæpasagnaskrifum og fáar bækur seljast eins vel og krimmar. Auk bóka eftir Arnald hafa verk eftir Viktor Arnar Ingólfsson (f. 1955), Yrsu Sigurðardóttur (f. 1963), Árna Þórarinsson (f. 1950), Ævar Örn Jósepsson (f. 1963) og spennusagnahöfundinn Stefán Mána (f. 1970) ratað á útgáfulista erlendra forlaga, en allt eru þetta vinsælir höfundar heima fyrir. Íslenska glæpasagan sver sig í ætt við skandinavísku hefðina, samfélagsleg vandamál eru sett í brennidepil um leið og sögð er saga af glæp. Sum þessara verka hafa einnig ratað á sjónvarpsskjái landsmanna í sakamálaseríum og ein skáldsagna Arnaldar Indriðasonar hefur verið kvikmyndað.

#### Bókmennta- slóð



**AUSTURSTRÆTI** *Austurstræti er ein aðalгатnanna í miðbænum. Hún var áður fyrir hluti af hinum svokallaða „rúnti“, þar sem ungt fólk sýndi sig og sá aðra og því hafði gatan í senn á sér yfirbragð rómantikur, ævintýra og náturells. Hún hefur einnig hjúst nokkra banka í gegnum tíðina og þannig verið ein af miðstöðvum fjármámalífs landsins. Skáldið Dagur Sigurðarson (1937–1994) var þekkt persóna á götum borgarinnar á sinni tíð, sérvitrangur og bóhem sem bæði skemmti samferðamönnum sínum og hneykslaði þá. Ljóðlist hans er sláandi, gagnrýnin og fersk og víða er skírskotað til alþýðumenningar.*

#### Þína skál Reykjavík

*skál reykjavík skál  
harðsoðna hálfmelta brúðuborg skál*

*esjan skartar snjóhettunni  
en veðurstofan spáir þíðu  
á morgun koma krónur undan snjónum*

*verðlausar krónur undan snjónum skál  
fyrir peningalyktinni í austurstræti skál  
mér slær fyrir brjóstið norðanmegin*

*skál í botn skál*

## Samtímaljóðlist

Tómas Guðmundsson (1901–1983) er það ljóðskáld frá fyrri hluta tuttugustu aldar sem er hvað tengdast Reykjavík í hugum borgarbúa. Hann er jafnan kallaður Reykjavíkurskáldið og eru ljóðaverðlaun Reykjavíkurborgar kennd við nafn hans. Tómas orti um borgina á þann hátt sem ekki hafði verið gert áður, hann sá fegurð í hversdagslífi hennar, í mannlífi og borgarlandslagi sem jafnan hafði verið dregið dökkum dráttum. Ljóð hans eru einnig mjög aðgengileg og því nutu þau mikilla vinsælda og gera raunar enn í dag. Í bókinni *Fagra veröld* (1933) lýsir skáldið nánasta umhverfi sínu í borginni, kolakrananum við höfnina, strætunum í miðborg bæjarins og syngur borginni lof í orðum eins og þessum: „Og upp úr regninu rís hin unga borg, / Ljóð og tær eins og nýstigin upp af baði / Og sólin brosir á sínu himneska hlaði / og horfir með velþóknun yfir stræti og torg.“ Þessar ljóðlínur blasa við borgarbúum á glugga Ráðhúss Reykjavíkur.

Annað ljóðskáld sem tengist sterklega sögu borgarinnar er Steinn Steinarr (1908–1958), en hann var bæði róttækur pólitískur höfundur og eitt þeirra skálda sem losaði um ljóðformið og ruddi brautina fyrir módernismann. Ljóðlist hans þótti heimspekileg og hann er með fyrstu skáldum til að yrkja um tilvistarvanda nútímamannsins á Íslandi.<sup>12</sup> Svokölluð atómskáld komu fram á sjötta áratugnum, en það voru skáld sem byltu ljóðforminu á róttækan hátt og veittu ferskum straumum frá erlendum stórborgum til landsins. Síðan er oft talað um tímabilið sem atómöld, sem vísar auðvitað fyrst og fremst til þess að þarna er nútíminn fyrir alvöru að ryðja sér til rúms í hinu hefðbundna íslenska samfélagi.

Eitt þeirra skálda sem tekur að skrifa á þessum tíma er Matthías Johannessen (f. 1930) og er borgin áberandi yrkisefni í skáldskap hans. Hann er fæddur í Reykjavík og vex upp með borginni og hún er meðal annars umgjörð um mörg ljóða hans sem snúast um bernsku og endurminningar. Í grein um ljóðlist Matthíasar segir að þar fái æskustöðvar í borg „í fyrsta sinn hugþekkan blá í íslenskum kveðskap.“<sup>13</sup>

Bernska kemur einnig fállega fyrir í ljóðum Vilborgar Dagbjartsdóttur (f. 1930), einum af fáum kvenskáldum módernismans. Hún fluttist til Reykjavíkur sem ung kona og kenndi um áratugaskeið í einum grunnskóla borgarinnar og var einnig virk í kvennabaráttunni allt frá áttunda áratug síðustu aldar. Ljóð hennar bera þessu vitni en meðal annarra skáldkvenna sem lagt hafa hönd á plóg kvenréttindabaráttunnar eru Ingibjörg Haraldsdóttir (f. 1942), Steinunn Sigurðardóttir (f. 1950) og Gerður Kristný (f. 1970). Allar eru þær með merkari núlifandi skáldum en þar má líka nefna Þorstein frá Hamri (f. 1938), Hannes Pétursson (f. 1931), áðurnefndan Gyrði Elíasson

*Tómas Guðmundsson (1901–1983) er það ljóðskáld frá fyrri hluta tuttugustu aldar sem er hvað tengdast Reykjavík í hugum borgarbúa. Hann er jafnan kallaður Reykjavíkurskáldið og eru ljóðaverðlaun Reykjavíkurborgar kennd við nafn hans.*



*Glerverkið Fagra veröld (2000) eftir Leif Breiðfjörð sækir nafn sitt til samnefndar ljóðabókar Tómasar Guðmundssonar frá 1933. Borgarbókasafn Reykjavíkur. Ljósmynd: Bára Kristinsdóttir*

og Sigurð Pálsson (f. 1948). Líkt og Steinunn er Sigurður eitt þeirra skálda sem nefndu sig „listaskáldin vondu“ á áttunda áratug síðustu aldar, en þetta var hópur skálda sem stóð að einni fjölsóttustu ljóðadagskrá sem haldin hefur verið í Reykjavík þegar stærsta kvikmyndahús borgarinnar fylltist af um 1.400 ljóðaunnendum árið 1976. Þessi skáld vildu yrkja til alþýðunnar, þau voru róttæk og framsækin, en höfundar af þessari kynslóð voru líka stundum kallaðir „fyndna kynslóðin“ þar sem þeir losuðu um hefðir og hátíðleika og beittu oft hómor og íróníu í verkum sínum. Meðal annarra skálda sem tóku þátt í fyrirnefndri dagskrá voru Pétur Gunnarsson, Þórarinn Eldjárn og ljóðskáldið og tónlistarmaðurinn Megas (f. 1945). Sá síðastnefndi á svo tengsl tónlistar og ljóðlistar sammerkt með næstu

*Í dag er töluverð endurnýjun í ljóðlistinni í Reykjavík, ekki síst í gegnum grasrótarsamtökin Nýhil sem standa bæði að útgáfustarfsemi og alls kyns ljóðauppákomum.*



*Grasrótarsamtökin Nýhil stóðu fyrir Open Mic kvöldum í Reykjavík veturinn 2009-2010. Hönnun: Jón Örn Løðmfjörð*

kynslóð á eftir, til dæmis voru margir í súrrealistahópnum Medúsu, sem kom fram í kringum 1980, tengdir líflegri tónlistarsenu borgarinnar, ekki síst pönkinu. Í þessum hópi er Sjón, sem byrjaði feril sinn sem ljóðskáld en hefur síðan einnig fengist við skáldsagnaskrif og er einn íslenskra handhafa Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.

Í dag er töluverð endurnýjun í gangi í ljóðlistinni í Reykjavík, ekki síst í gegnum grasrótarsamtökin Nýhil sem standa bæði að útgáfustarfsemi og alls kyns ljóðauppákomum. Sem forlag er Nýhil rekið án arðsemismarkmiða en það hefur gefið út bækur eftir athyglisverða höfunda af yngstu skáldakynslóðinni sem annars kæmu ef til vill ekki út, en einnig bækur eftir þekktari höfunda. Meðal eftirtektarverðra ljóðabóka forlagsins eru verk eftir Kristínu Eiríksdóttur (f. 1981), Kristínu Svövu Tómasdóttur (f. 1985), Eirík Örn Norðdahl (f. 1978), Þórdísi Björnsdóttur (f. 1978), Val Brynjar Antonsson (f. 1976) og Hermann Stefánsson (f. 1968), en mörg þeirra hafa einnig sent frá sér prósavverk.

## Bókmenntir fyrir börn og unglinga

Þeir höfundar sem skrifa fyrir börn og unglinga í Reykjavík í dag hafa margir hverjir sérhæft sig í skrifum fyrir þessa aldurshópa þótt það sé alls ekki algilt. Þegar litid er á sögu barnabókmennta í borginni má sjá að fyrstu höfundar sem fengust við skrif fyrir börn voru gjarnan jafnframt grunnskólakennarar, og má þar fremst nefna fyrrnefnda Ragnheiði Jónsdóttur og Stefán Jónsson (1905–1966) sem bæði kenndu við einn af elstu grunnskólum borgarinnar, Austurbæjarskóla. Sögur þeirra brjóta blað í íslenskum barnabókmenntum; þrátt fyrir kennarahlutverkið er tónninn ekki uppeldislegur heldur taka sögumenn sér stöðu með barninu og kanna heiminn út frá sjónahorni þess.<sup>14</sup> Barnabókmenntir voru raunar varla til fyrr en á tuttugustu öld þótt eitthvað hafi verið þýtt fyrir börn fyrir þann tíma og stöku ljóð og sögur komið út. Þjóðsögur og ævintýri eru þá undanskilin, enda hafa sögur og kvæði verið höfð fyrir börnum mun lengur en ritun barnabóka segir til um.

Sveitin var yfirleitt sögusvið barnabóka framan af, en Reykjavík verður smám saman fyrirferðarmeiri eftir því sem líður á tuttugustu öldina. Það er þó athyglisvert þegar barnabókmenntir dagsins í dag eru skoðaðar að landið utan höfuðborgarsvæðisins virðist lifa þar betra lífi en



Ungur lesandi í Borgarbókasafni Reykjavíkur.

Ljósmynd: Bára Kristinsdóttir

*Sá höfundur sem á lengstan feril meðal starfandi barnabókahöfunda í borginni í dag er Guðrún Helgadóttir, en bækur hennar eru gjarnan raunsaessögur sem lýsa lífi barna á höfuðborgarsvæðinu.*



Efri: *Kristín Ragna Gunnarsdóttir: Örlög guðanna. Reykjavík. Mál og menning, 2008. Bókin hlaut Dimmalímm verðlaunin sama ár og hún kom út.*

Neðri: *Áslaug Jónsdóttir: Eggið. Reykjavík. Mál og menning, 2003.*



Leikskólabörn með blöðrur frá Borgarbókasafni Reykjavíkur við afhjúpun söguþilsins *Æringja* í febrúar 2008. Ljósmynd: Kristín Bogadóttir

í skáldverkum fyrir fullorðna, stundum sem nokkurs konar framandi ævintýraland en einnig sem skjól og endurhæfingarstaður vegvilltra borgarbarna. Þetta var sérlega áberandi á tíunda áratugnum og má meðal annars sjá í bókum eftir Iðunni (f. 1940) og Kristínu (f. 1946) Steinsdætur, Gunnhildi Hrólfsdóttur (f. 1947), Þorgrím Þráinsson (f. 1959) og Illuga Jökulsson (f. 1960).

Sá höfundur sem á lengstan feril meðal starfandi barnabókahöfunda í borginni í dag er Guðrún Helgadóttir (f. 1935), en bækur hennar eru raunsæissögur sem lýsa lífi barna á höfuðborgarsvæðinu. Fyrstu verk Guðrúnar, sagnabálkur um uppátektarsömu tvíburabráðurna Jón Odd og Jón Bjarna og fjölskyldu þeirra í Reykjavík, eru löngu orðin klassísk og það sama má segja um þrileik sem hún byggir á endurminningum sínum frá uppvaxtarárunum í kjölfar stríðsáranna. Meðal annarra þekktra

höfunda sem skrifa fyrir börn í dag er Kristín Steinsdóttir, sem nýverið var kjörin formaður Rithöfundasambands Íslands, og skrifar bæði fyrir börn og unglinga auk skáldsagna fyrir fullorðna. Ein þekktasta bók Kristínar er myndabók hennar og Höllu Sólveigar Þorgeirsdóttur, *Engill í Vesturbænum*, en hún hefur verið þýdd á nokkur mál og unnið til fjölda verðlauna, meðal annars Norrænu barnabókaverðlaunanna 2002. Sagan segir frá litlum dreng sem býr í blokk í Reykjavík og verður hversdagur barnsins með öllum sínum hættum og ævintýrum ljóslifandi í texta og myndum. Kristín Helga Gunnarsdóttir (f. 1963), Ragnheiður Gestsdóttir (f. 1953), Gerður Kristný og Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson (f. 1955) eru höfundar sem skrifa athyglisverðar og skemmtilegar bókmenntir fyrir börn og unglinga, en tvö þau síðarnefndu eru einnig ljóðskáld og skrifa bæði fyrir börn og fullorðna. Aðalsteinn skrifar gjarnan ævintýralegar bækur sem eiga sér stað í skáldduðum heimum og hefur hann meðal annars leitað í þjóðsagnaarf Íslendinga, líkt og Kristín Helga gerir á

eftirminnilegan hátt í bókunum *Strandanornir* (2003) og *Draugaslóð* (2007). Kristín Helga og Gerður eru þekktar fyrir fjóruga stíl og húmor í bókum sínum fyrir yngri börn, en fyrsta skáldsaga Gerðar fyrir unglinga, *Gardurinn* (2008) er af öðrum toga. Hún fjallar um tvenna tíma í sögu Reykjavíkur, annars vegar nútímann og hins vegar tíma sjúkdóma og kreppu í borginni í upphafi tuttugustu aldar, tíma spænsku veikinnar.

Aðalsteinn Ásberg er einn þeirra sem hafa skrifað vísur fyrir börn og leitar þar meðal annars í þuluhefðina íslensku, í *Romsúbókinni* (2005) og *Segðu mér og segðu ...* (2009). Barnaljóð Þórarins Eldjárns, sem komið hafa út í nokkrum bókum frá 1991 með myndskreytingum Sigrúnar Eldjárns (f. 1954), systur hans, hafa notið gífurlegra vinsælda meðal barna og foreldra en Þórarinn er einn þeirra sem hafa tekið rím og háttbundið ljóðform upp á sína arma. Þau Sigrún hafa einnig unnið saman að bókum þar sem Þórarinn ljóðskreytir myndir systur sinnar. Sigrún er einn þekktasti barnabókahöfundur landsins, hún skrifar fyrir börn á öllum aldri og er yfirleitt höfundur bæði mynda og texta.

Útgáfa myndabóka hefur sótt í sig veðrið síðustu ár, en auk Sigrúnar er Áslaug Jónsdóttir (f. 1963) afar vinsæll höfundur sem bæði skrifar og myndlýsir. Meðal bóka hennar er sería um Stóra og Litla skrímslið sem hún vinnur með sænska höfundinum Kalle Güettler og færeyska höfundinum Rakel Helmsdal, en þessi samvinna hefur getið af sér fimm frábærar barnabækur sem eru gefnar út samtímis í öllum löndunum þremur á viðkomandi tungumálum.

### Börn og barnabækur í Reykjavík

*Gamla bændasamfélagið leit Reykjavík illu auga og trúði því að ekki væri gott fyrir nokkur börn að alast upp „á mölinni“. En þangað lá straumurinn og börnin fylltu ekki bara götur og húsagarða heldur voru þau innan um vinnandi, fullorðin fólk alls staðar á fyrstu áratugum tuttugustu aldarinnar. Fyrstu reykvísku barnabækurnar fjölluðu oft um samskipti barna og fullorðinna og í vaxandi mæli barnasamfélög andspænis fullorðna fólkinu sem átti retur í sveitinni og oft ríkti sambandsleysi þarna á milli.*

*Strákabækur Henriks Ottósonar og Stefáns Jónssonar og stelpubækur Ragnheiðar Jónsdóttur og Margrétar Jónsdóttur kortlögðu veruleika barna í Reykjavík um og eftir miðja öldina. Síðustu árin hafa komið fram á sjónarsviðið höfundar eins og Gerður Kristný sem nota sérkenni borgarinnar og sögu til að byggja upp spennu og áhuga ungra lesenda. Ragnheiður Gestsdóttir letur unglinga í uppreisn strjúka og leita skjóls í hálfbyggðum, tómum húsum efnabagskreppunnar. Borgin er þannig bæði virkur og óvirkur þátttakandi í lífi barna og unglinga, eins og því er lýst í bókum eftir íslenska barnabókahöfunda, sem ég hika ekki við að segja að séu á heimsmælikvarða.*

DAGNÝ KRISTJÁNSDÓTTIR, Dr. Phil., Prófessor við Háskóla Íslands



ó mögulegum speglinum, en ferðin reynist ævintýralegr og furðulegr en hún átti von á. Hér er hún í strætó á leið á Lækjartorg.

LÆKJARTORG Svava Jakobsdóttir er einn affyrstu modernistunum í íslenskum skáldskap. Í smásögum hennar er oft velt upp spurningum um sjálfsmynd og frelsi kvenna, líkt og í sögunni „Kona með spegil“ frá 1967. Nýtt heimili konunnar og manns hennar á að verða gríðastður hennar, hún hefur jafnvel í hyggju að lesa sig þar inni og henda lyklinum. Þessi vintákngerist í spegli sem hangir uppi í húsinu en í stað þess að hann spegli konuna alla með fullkominn gardinn í baksýn, sýnir hann brenglaða og brotakennda mynd. Konan tekur sér ferð á hendur til að skila

### Úr „Konu með spegil“

Ég sé ekki betur en vagninn aki afturábak, sagði hún undrandi við stúlkuna.

Þér hafið kannski farið inn að aftan.

Nei, ... það held ég ekki.

Annars veit maður ekki hvað er fram og hvað er aftur nema maður snúi höfðinu.

Og stúlkann sneri höfðinu í hálfhring svo hnakkinn sneri fram og sitt hárið huldi allar þrjár tölurnar á rauðri kápunni og féll niður á hendurnar í kjöltu hennar. Áfram sneri hún höfðinu í heilhring og andlitið sneri aftur fram, en á langan hálsinn kom snúningur eins og á þráð sem hefur undið upp á sig.



Er þetta ekki erfitt? spurði konan.

Það er verst þegar kemur rembihnútur, sagði stúlkann, sumt fólk missir alla stillingu þegar það sér rembihnút og vill óðara höggva.

Vingjarnleg tilsvör stúlkunnar juku konunni kjark og nú hallaði hún sér að henni og hvísladi:

Ég er hrædd um að ég hafi lent í vitlausan strætisvagn.

## Þýðingar




Heimabókmenntir í íslenskri þýðingu. *Don Kikóti* eftir Miguel de Cervantes í þýðingu Guðbergs Bergssonar. Kiljuútgáfa, Reykjavík. 1997, 2006 (upphaflega þýdd 1981–1984). *Ummýndanir* eftir Óvíd í þýðingu Kristjáns Árnasonar. Reykjavík. Mál og menning, 2009.

### FJÖLDI ÞÝDDRA SKÁLDVERKA

Eins og sjá má í meðfylgandi súluriti hefur fjöldi þýddra skáldverka aukist síðustu tvo áratuginna.

Heimild: Félag íslenskra bókauitgefenda.



Þýðingar hafa frá upphafi auðgað íslenskt menningarlíf og spilað stórt hlutverk í menningaruppeldi þjóðarinnar. Það skiptir sköpum fyrir svo fámenna þjóð og lítið málsvæði að mynda samræðu við önnur lönd og leika þýðingar á bókmenntum annarra landa og menningarsvæða þar stórt hlutverk. *Bíblían* var prentuð í heild á íslensku árið 1584, kviður Hómers voru þýddar á nítjándu öld af Sveinbirni Egilssyni skáldi og skólameistara og öll helstu verk Shakespeares hafa verið þýdd á íslenska tungu, sum í fleiri en einni útgáfu. Heildarsafn leikrita hans kom út í þýðingu Helga Hálfdanarsonar á tuttugustu öld, en Helgi þýddi mörg fleiri öndvegisverk heimabókmenntanna, svo sem leikrit Ibsens, gríska harmleiki, *Kóraninn* og ljóðlist frá ýmsum löndum. Af öðrum merkjum þýðingum má nefna þýðingar Ingibjargar Haraldsdóttur úr rússnesku á verkum Dostojevskís og fleiri klassískra höfunda, þýðingar Guðbergs Bergssonar á *Don Kikóta* og fleiri verkum úr spænsku, leikrit Strindbergs í þýðingu Einars Braga, þýðingar Ástráðs Eysteinsonar og Eysteins Þorvaldssonar á verkum eftir Franz Kafka, *Ljós í ágúst* eftir William Faulkner í þýðingu Rúnars Helga Vignissonar, *Árstíð í helvíti* eftir Rimbaud í þýðingu Sölva Björns Sigurðssonar, *Ódysseif* eftir James Joyce í þýðingu Sigurðar A. Magnússonar og nú nýlega þýðingu Kristjáns Árnasonar á *Ummýndunum* Óvíds, en hún hlaut Menningarverðlaun DV í bókmenntum árið 2010 og Íslensku þýðingaverðlaunin sama ár. Af þýðingum samtímaverka má nefna verk eftir Milan Kundera, J.M. Coetzee, Günter Grass, Isabel Allende, Ngugi wa Thiong'o, Alaa al-Aswany, Doris Lessing, Ian McEwan, Nadine Gordimer, Naguib Mahfouz, Umberto Eco, Gabriel García Márquez, Jhumpa Lahiri – og svo mætti áfram telja.

Einnig er töluvert þýtt af barnabókmenntum, meðal annars hafa flest verka Astrid Lindgren komið út á íslensku og önnur klassísk verk eins og Múmínbækur Tove Jansson, *Lísa í Undralandi* og Narníubækur C. S. Lewis.

Árið 1991 komu út 56 þýdd skáldverk fyrir fullorðna, en 2010 voru þau 77 talsins. Fjöldinn náði hámarki 2008 þegar titlarnir voru 86, en talan lækkaði síðan örlítið 2009 og hækkaði síðan aftur 2010. Sveiflurnar eru meiri í útgáfu þýddra barnabóka, árið 1991 komu út 79 titlar en þeir eru orðnir 105 árið 2010. Í góðærinu svokallaða jókst útgáfa þýddra barnabóka, en hún dróst síðan töluvert saman 2009, fjöldi titla fór úr 166 árið 2007 í 78 árið 2009. Nýjustu tölurnar gefa hins vegar vísbendingu um að landið sé að rísa aftur, ef svo má segja.

Stærsti hluti þýðinga er skáldverk sem notið hafa vinsælda á frummálinu, en hlutfall milli bókmenntagreina hefur verið nokkuð breytilegt í gegnum tíðina. Bókmenntasjóður er einn þeirra aðila sem styður við þýðingar úr öðrum málum og er nú og á komandi árum sérstaklega litið til styrkbeiðna sem er ætlað að styðja við kynningu á bókmenntum Asíu, arabíska menningarsvæðisins og Afríku sunnan Sahara. Sjóðurinn leggur einnig áherslu á barnabókmenntir og þýðingar úr öðrum málum en ensku, þótt hún sé ekki alfarið sett til hliðar. Annar styrkveitandi er Norræni þýðingarsjóðurinn, sem er á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, en honum er ætlað að stuðla að þýðingum merkra bókmenntaverka á milli Norðurlandanna.

Í viðauka má sjá lista með dæmum um þýdd skáldverk sem gefin hafa verið út hér á landi síðustu fimm ár, bæði fyrir börn og fullorðna. Nokkur fjöldi erlendra höfundarheimsækir Reykjavík á ári hverju, bæði sem gestir bókmenntahátíða og af öðrum tilefnum, svo sem vegna útgáfu bóka þeirra og sviðsetningar leikverka. Lista með nöfnum þeirra sem hafa sótt landið heim síðustu tvö ár er einnig að finna í viðhengi.

Þýðingafraði hefur verið kennd sem sérstök námsbraut við Háskóla Íslands frá 2001, en þar hefur verið lögð aukin áhersla á kennslu og rannsóknir á þessu sviði á síðustu árum. Þýðendur hafa einnig myndað með sér samtök, sem tóku til starfa árið 2004.

*Það skiptir sköpum fyrir svo fámenna þjóð og lítið málsvæði að mynda samræðu við önnur lönd, og leika þýðingar á bókmenntum annarra landa og menningarsvæða þar stórt hlutverk.*

## TILVÍSANIR

- 1 „Saga og bókmenntir í handritum.“ Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, [http://www3.hi.is/page/arnastofnun\\_hand\\_sagaogbokmenntir](http://www3.hi.is/page/arnastofnun_hand_sagaogbokmenntir). Síðast sótt 17. febrúar 2011.
- 2 „Handritasafn Árna Magnússonar á varðveisluskrá Unesco.“ Sjá: [http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun\\_hand\\_unesco](http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_hand_unesco). Síðast sótt 17. febrúar 2011.
- 3 Helga Kress hefur skrifað fjölda greina um þetta viðfangsefni, sjá t.d. greinasafn hennar *Óþarfar unnustur og aðrar greinar um íslenskar bókmenntir*. Reykjavík: Bókmennta- og listfræðistofnun Háskóla Íslands, 2009.
- 4 Síðan er á vef Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs þar sem Kvæðamannafélagið er til húsa. Sjá: [http://www.gerduberg.is/desktopdefault.aspx/tabid-3471/5840\\_read-14958/](http://www.gerduberg.is/desktopdefault.aspx/tabid-3471/5840_read-14958/). Síðast sótt 17. febrúar 2011.
- 5 Kristján Albertsson: „Ritdómur. Halldór Kiljan Laxness: Vefarinn mikli frá Kasmír.“ *Vaka*, 1927.
- 6 Gljúfrasteinn, Hús skáldsins, [http://www.gljufasteinn.is/cat.html?super\\_cat=2&cat=21](http://www.gljufasteinn.is/cat.html?super_cat=2&cat=21). Síðast sótt 18. febrúar 2011.
- 7 Halldór Guðmundsson: *Halldór Laxness. Ævisaga*. Reykjavík. JPV útgáfa, 2004.
- 8 Halldór Laxness: *Úngur eg var*. Reykjavík. Helgafell, 1976.
- 9 Pétur Gunnarsson: *Þú í forheimskunarlandi*. Reykjavík. JPV útgáfa, 2009, s. 175.
- 10 Sjá bók Dagnýjar Kristjánsdóttur: *Kona verður til: Um skáldsögur Ragnheiðar Jónsdóttur fyrir fullorðna*. Reykjavík. Háskólaútgáfan, 1996.
- 11 Ástráður Eysteinnsson: „Herm þú mér. Skáldverk Svövu Jakobsdóttur.“ Bókmenntavefurinn, [http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3903/6066\\_read-18695/RSkra-113](http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3903/6066_read-18695/RSkra-113). Síðast sótt 17. febrúar 2011.
- 12 Sjá: Jón Yngvi Jóhannsson: „Realism and Revolt: Between the World Wars.“ Daisy Neijmann (ritstj.): *A History of Icelandic Literature*. Lincoln & London. University of Nebraska Press, 2006.
- 13 Sjá: Eysteinn Þorvaldsson: „Ósýnileg hönd við gamla vindhörpu. Um ljóð og önnur ritverk Matthíasar Johannessen.“ Bókmenntavefurinn, [http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3903/6066\\_read-18698/RSkra-90](http://www.bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3903/6066_read-18698/RSkra-90). Síðast sótt 17. febrúar 2011.
- 13 Sjá umræðu Silju Aðalsteinsdóttur í greininni „Íslenskar barnabækur. Sögulegt yfirlit.“ Silja Aðalsteinsdóttir (ritstj.): *Raddir barnabókanna*. Reykjavík. Mál og menning, 1999.

# Bókmenntaborgin Reykjavík

|     |                                   |
|-----|-----------------------------------|
| 68  | Bókmenntir í borgarlandslaginu    |
| 74  | Hátíðir, viðburðir og verðlaun    |
| 88  | Bókasöfn og rafræn miðlun         |
| 94  | Menntun, læsi og bókmenntir       |
| 100 | Bókmenntir og háskólasamfélagið   |
| 106 | Útgáfa, bókaverslun og fjölmiðlar |

## Bókmenntir í borgarlandslaginu

Í menningarsögu borgarinnar hafa bókmenntir verið algengasta skírskotunin í listum af öllum toga. Dæmi um listaverk í borgarlandslaginu sem vísa til bókmennta eru til að mynda höggmyndir eftir listamennina Einar Jónsson (1874–1954) og Ásmund Sveinsson (1893–1982). Báðir litu þeir til Íslendingasagna í listsköpun sinni, svo og norrænnar goðafræði og þjóðsagna. Höggmynd Einars, *Útlagar*, sem stendur við Hringbraut, vísar til að mynda í þjóðsögur um útilegumenn, en stytta hafði slík áhrif á Halldór Laxness að hann ákvað að nota mynd af henni á kápuna á öðru bindi *Sjálfstæðs fólks*, sem kom út 1935. Eitt af þekktari verkum Ásmundar, *Sæmundur á selnum*, byggist einnig á þjóðsögu sem flestir Íslendingar þekkja, það er sögunni af viðureign Sæmundar fróða við sjálfan Kölska. Það er við hæfi að stytta stendur á lóð Háskóla Íslands og er eins konar einkennismerki hans, þar sem sagan snýst um það að beita viti og kærsku til að sigrast á hindrunum, sem gætu virst óyfistíganlegar. Annað verk eftir Ásmund, *Fýkur yfir hæðir*, sækir kveikju sína í ljóð Jónasar Hallgrímssonar, „Móðurást“, en höggmyndin sýnir móður sem vefur barn sitt örmum. Ljóðið segir átakanlega sögu móður sem verður úti en bjargar barni sínu með því að skýla því með líkama sínum.

Nokkrar styttnar eru af skáldum í borginni og má þar helst nefna Einar Benediktsson (1864–1940) og Þorstein Erlingsson (1807–1845) á Klambratúni, Jónas Hallgrímsson (1807–1845) í Hljómskálagarði og nýja styttnu eftir Höllu Gunnarsdóttur af Tómasi Guðmundssyni sitjandi á bekk við Reykjavíkurtjörn. Stytta af Tómasi var afhjúpuð í desember 2010, en hún er nýstárleg að því leyti að þar geta vegfarendur tyllt sé niður hjá skáldinu í stað þess að líta á það á stalli. Brjóstmynd af Tómasi er að finna í aðalsafni Borgarbókasafns Reykjavíkur og ljóðlínur úr verkum hans skreyta glugga í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Meðal húsa í Reykjavík sem kennd eru við skáld og rithöfunda er fyrrum heimili Gunnars Gunnarssonar (1889–1975), Gunnarshús, sem nú hýsir Rithöfundasamband Íslands. Reykjavíkurborg keypti húsið árið 1991, en það er ekki eingöngu merkilegt vegna tengslanna við Gunnar heldur einnig vegna stöðu sinnar í sögu íslenskrar byggingalistar. Gunnarshús er samkomustaður rithöfunda og þar eru haldnar ýmsar bókmenntaupptökur. Í húsinu er íbúð þar sem erlendir rithöfundar og þýðendur geta dvalið í allt að átta vikur í senn. Gunnar Gunnarsson, sem var einn þekktasti rithöfundur Íslendinga á tuttugustu öld, bjó lengst af erlendis og var um tíma vinsæll höfundur í Danmörku og Þýskalandi. Hann flutti aftur heim árið 1939, byggði Gunnarshús 1950 ásamt Franziscu konu sinni og bjó þar til æviloka.



*Einar Jónsson: Útlagar (1901). Ljósmynd: Jóhann Smári Karlsson*



*Ásmundur Sveinsson: Sæmundur á selnum (1926).  
Ljósmynd: Jóhann Smári Karlsson*



*Halla Gunnarsdóttir: Tómas Guðmundsson (2010).  
Ljósmynd: Hermann Karlsson*

Önnur bygging kennd við skáld er Hallgrímskirkja, eitt af helstu kennileitum borgarinnar. Kirkjan er tileinkuð sálmaskáldinu Hallgrími Péturssyni (1614–1674), sem er þekktastur fyrir *Passíusálma* sína, safn fimmtíu sálma um píslargöngu Krists. Nánari upplýsingar um Hallgrím og ýmsa aðra höfunda sem hér eru nefndir er að finna í yfirliti um bókmenntasöguna hér að framan. Líkt og þar er getið er móttökuhús borgarráðs Reykjavíkur, Höfði, fyrrum heimili Einars Benediktssonar og sögur af dvöl hans í húsinu og sérstaklega myrkfælni hans eru samofnar sögu og ímynd hússins. Fæðingarstaður Einars við Elliðavatn er varðveittur í sinni upprunalegu mynd, en hann fæddist í steinbæ sem nú er í eigu Skógræktarfélags Reykjavíkur.

Halldór Laxness var víðförull maður og dvaldi langdvölum erlendis. Heimili hans í meira en hálfa öld var þó að Gljúfrasteini í Mosfellsdal. Hús skáldsins, sem nú er í eigu íslenska ríkisins, var opnað sem safn árið 2004 og þar er allt eins og var þegar Halldór bjó þar með konu sinni. Gljúfrasteinninn er vinsæll viðkomustaður íslenskra og erlendra gesta og reykvískir nemendur á öllum aldri heimsækja safnið. Borgarbókasafn Reykjavíkur og Rit höfundasamband Íslands stóðu sameiginlega fyrir því að láta merkja fæðingarstað Halldórs við Laugaveg 32 á aldarafmæli hans árið 2002 (sjá texta á bls. 54). Við sama tækifæri tóku ríflega þrjátíu rithöfundar þátt í boðhlaupi frá Laugavegi að Gljúfrasteini.

Á síðustu árum hefur Reykjavíkurborg stuðlað að varðveislu gamalla húsa sem hafa menningarsögulegt gildi. Eitt þeirra er Gröndalshús, sem er nefnt eftir Benedikt Gröndal (1826–1907) sem bjó þar og starfaði. Endurgerð hússins er hluti af svo kölluðu Völundarverkefni, sem miðar að

því að viðhalda verkkunnáttu og handverki sem þarf til að endurgera gamlar byggingar. Gröndalshúsi verður fundinn staður í grennd við upphaflega staðsetningu þess í gamla miðbænum, en ekki hefur enn verið ákveðið hvaða hlutverki húsið mun gegna.

Þar sem Reykjavík er ung borg er hún ekki auðug að gömlum sögulegum byggingum. Allt fram á átjándu öld voru torfbæir algengasta húsagerðin og í samræmi við það er elsta varðveitta húsið í Reykjavík tiltölulega ungt, eða frá 1755. Þetta hús er Viðeyjarstofa, en saga eyjarinnar tengist bókmenntum og lærdómi eins og komið var að fyrir í þessu riti. Viðey er í eigu Reykjavíkurborgar og sér borgin um rekstur eyjarinnar. Elsta húsið á „fastalandinu“ er frá 1764, en það er húsið að Aðalstræti 10, sem einnig er í eigu Reykjavíkurborgar. Borgin lét endurgera húsið eftir að hún eignaðist það og opnaði það eftir endurbæturnar árið 2007. Í sömu götu er svo Landnámssýning Minjasafns Reykjavíkur þar sem gestir geta skoðað minjar frá níundu öld. Á sýningunni, sem opnuð var árið 2006, gefur að líta rústir bæjar frá landnámsöld ásamt munum sem hafa fundist á svæðinu og sögð er saga fyrstu íbúanna í Reykjavík. Landnámssýningin hlaut NODEM verðlaunin árið 2006 ([www.nodem.dk](http://www.nodem.dk)) fyrir framsetningu margmiðlunarefnis.

Meðal bygginga sem hafa menningarsögulegt gildi í borginni er Tjarnarbíó, sem stendur vestan við Reykjavíkurtjörn. Húsið var upphaflega byggt sem íshús árið 1913 en var tekið í notkun sem kvikmyndahús 1942 og varð síðar leikhús. Reykjavíkurborg á Tjarnarbíó og árið 2008 var ákveðið að endurgera leikhúsið í upprunalegri mynd. Það opnaði aftur í október 2010 og hýsir nú alls kyns



*Landnámssýningin. Ljósmynd: Guðmundur Ingólfsson*

menningaruppákomur auk þess að vera heimili sjálfstæðu leikhópanna í borginni. Þessir hópar skipta sköpum fyrir leikhúslífið í borginni og eru oft vettvangur nýrra íslenskra verka og höfunda. Annað gamalt leikhús í miðbænum er Iðnó, sem borgin er einnig eigandi að. Iðnó var heimili Leikfélags Reykjavíkur þar til það flutti í Borgarleikhúsið árið 1989. Húsið er enn notað fyrir leiksýningar og þar hefur Bandalag íslenskra listamanna aðsetur.

Þjóðmenningarhúsið stendur við hlið Þjóðleikhússins við Hverfisgötu. Húsið var byggt á árunum 1906–1908 og þar fengu Landsbókasafn Íslands og Þjóðskjalasafnið aðsetur þegar húsið var tekið í notkun vorið 1909. Þjóðminjasafn Íslands og Náttúrugripasafn Íslands voru einnig í húsinu lengi vel, enda var það þekkt undir nafninu Safnahúsið. Í dag hýsir Þjóðmenningarhúsið fastasýninguna *Handritin – Saga handrita og hlutverk um aldir*, sem er á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Þar eru sýnd skinnhandrit frá miðöldum, meðal annars handrit Íslendingasagna og Eddukvæða, og einnig er brugðið upp myndum frá tímabilinu fyrir ritun sagnanna. Saga bókagerðarinnar er sögð í sér rými og þar geta gestir kynnt sér hvernig skinnin voru verkuð, blekið soðið og verkin rituð. Á sýningunni eru einnig pappírshandrit frá síðari tímum.

Í náninni framtíð verður Stofnun Árna Magnússonar betur í stakk búin til að sýna handritin í eigin húsnæði, þar sem Hús íslenskra fræða er nú komið af teikniborðinu og áætlað að það muni rísa á svæði Háskóla Íslands á næstu árum. Þar verður starfsemi Árnastofnunar loks sameinuð undir einu þaki og Íslensku- og menningardeild Háskólans verður þar einnig til húsa. Utan um bygginguna verður málmhjúpur

með stílfærðum afritum texta úr handritum sem stofnunin varðveitir og verður hún vafalaust þekkt kennileiti í borginni og til þess fallin að vekja forvitni borgarbúa og gesta um það sem býr þar innan veggja.

Önnur mikilvæg bygging sem er í undirbúningi er sú sem mun hýsa alþjóðlega tungumálamiðstöð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, einnig á svæði Háskóla Íslands. Þessar tvær byggingar og stofnanirnar sem þær munu hýsa, auk bókmenntamiðstöðvarinnar sem minnst var á í upphafi þessa rits, munu gegna lykilhlutverki fyrir Bókmenntaborgina Reykjavík.

Það eru þó síður en svo einungis opinberar byggingar sem skipta máli í menningarlandslaginu. Þvert á móti eru einkaheimili, kaffihús, barir og fleiri staðir mikilvægir í bókmenntasögu borgarinnar, og Reykjavíkurborg hyggst heiðra þá sögu með því að koma upp bókmenntamerkingum á íslensku og ensku þar sem við á. Þar verða tengsl bókmennta og staðar tíunduð og komið fyrir texta úr viðeigandi verki. Þessu verkefni verður hleypt af stokkunum árið 2011. Sem dæmi um staði sem koma til greina má nefna Unuhús við Garðastræti, en eins og þegar hefur verið minnst á var húsið samkomustaður rithöfunda og menntamanna á fyrstu áratugum tuttugustu aldar. Ýmsir gestanna hafa skrifað um húsið og eigendur þess eða skírskotað á annan hátt til þess í verkum sínum, eins og til að mynda má sjá í texta Þórbergs Þórðarsonar í bókmenntaslóðinni hér í ritinu. Ytra byrði Unuhúss var friðað árið 2008.

Við Unuhús liggur örlítill stígur, svokallaður „Skálda-stígur“, og hefur stígurinn nú einnig verið friðaður og skal



*Hús íslenskra fræða.*

*Birt með leyfi Hornsteina arkitekta*

hann vera opinn og aðgengilegur almenningi. Merkingar verða settar upp við báða enda stígsins til að sýna þýðingu hans í menningarsögu borgarinnar.

Skáldastígur er frekar örnefni en eiginlegt götuheiti. Bókmenntir hafa þó einnig á stundum komið við sögu þegar götum er gefið nafn í Reykjavík. Þannig eru götunöfn í Norðurmýrinni mörg fengin úr Íslendingasögum og öðrum miðaldatextum, svo sem Guðrúnargata, Bollagata og Kjartansgata, sem heita eftir persónunum í hinum fræga ástarþríhyrningi *Laxdælu*. Þrælar Ingólfs, þeir Vífill og Karli, eiga einnig sínar götur í hverfinu. Borgarbókasafn Reykjavíkur hefur boðið upp á fornsagnagöngur í Norðurmýri þar sem sögurnar eru kynntar um leið og fólk gengur göturnar sem bera nöfn söguhetjanna. Í kringum Skólavörðuholtið eru götur sem sækja nöfn í norræna goðafræði – þar eru til að mynda Freyjugata, Njarðargata, Urðarstígur, Lokastígur og Þórsgata. Hverfið er reyndar stundum kallað „goðahverfið“, og mun upphaflega hafa átt að heita Ásgarður, en það nafn festist hins vegar ekki við.<sup>1</sup> Árið 2007 gaf Norræna félagið út göngubækling um þessar slóðir undir nafninu *Goðahverfið*.

Þessi hverfi eru bæði nálægt miðbænum, Norðurmýrin byggðist á fjórða áratug síðustu aldar og Skólavörðuholtið fyrr á sömu öld. Þegar götur voru nefndar í einu af nýrri hverfum borgarinnar síðar á öldinni, Grafarvoginum, var að hluta til sótt til bókmennta sem tengjast hverfinu. Skáldið Bjarni Thorarensen (1786-1841) bjó um tíma í Gufunesi og skrifaði mörg ljóða sinna þar. Götuheiti í Foldahverfi vísa til ljóðs hans „Eldgamla Ísafold“ og bæði Fjörgyn og Gullinbrú sækja nafn sitt í ljóðið „Veturinn“, sem hefst á þessum ljóðlínum:

*Hver ríður svo geyst  
á gullinbrúvú?*

Svarið er auðvitað sjálfur veturinn.



*Götuskilti. Ljósmynd: Hermann Karlsson*



Gullinbrú. Ljósmynd: Katrín Axelsdóttir

#### Bókmennta- slóð



ljóðinu „Draumur“, hittir skáldkona Óðin, handhafsa skáldskaparmjadarins.

**LÆKJARTORG** Skáldkonan Vilborg Dagbjartsdóttir var einnig barnakennari í Austurbæjarskóla um langt árabíl. Hún er ein þeirra kvenna sem stofnuðu Rauðsokkahreyfinguna í Reykjavík og mörg ljóða hennar hafa fémínískan tón. Rauðsokkurnar birtust fyrst á 1. maí hátíðarhöldunum í miðbæ Reykjavíkur 1970. Miðbærinn var síðar vettvangur kvennafríðagsins við upphaf kvenna-áratugar Sameinuðu þjóðanna árið 1975, þegar þúsundir kvenna lögðu niður vinnu og komu saman á Lækjartorgi. Í

#### Draumur

Mér þótti ég stödd á eyri eða nesi. Lá vegur afeyraroddanum austanverðu á ströndinni en efra tóku við klettabelti. (Aldrei hef ég hvorki í svefni né vöku séð útyflislegra landslag.) Gekk ég sem leið lá norður tangann með hafð á aðra hönd en hamravegginn á hina. Sá ég þá hvar maður kom á móti mér í nokkurri fjarlægð. Þegar hann nálgadist sá ég að þetta var karlmaður, mikill vexti, klæddur stuttum, gráum stakki með dökkann hatt, slútti annað barðið svo það huldi nær hálf andlitið.

Svo þröngt var á einstiginu að ég straukst við hann þegar við mættumst og um leið laust því í hug mér sem eldingu hver hann var. Kallaði ég þá til hans, því ég þóttist eiga við hann margt vantalad.

Hann snögg stansaði, vatt til höfðinu, og undan hattbarðinu glitti í auga logandi af girnd.

Rann þá upp fyrir mér að jafnvel Óðinn sjálfur á ekki nema eitt erindi við konur. Og ég sem hélt ég væri skáld – mér tókst að hrista af mér svefninn og komst yfir í vöku – í sál minni brann reiðin.

## Hátíðir, viðburðir og verðlaun

*Margir aðilar styðja bókmenntir og læsi í Reykjavík. Þar má helst telja Borgarbókasafn Reykjavíkur, skóla á öllum stigum, útgefendur og bóksala, borgarhátíðir, menningarmiðstöðvar og samtök rithöfunda, auk Háskóla Íslands og stofnana hans. Hér á eftir verður litið stuttlega yfir viðburði og bókmenningu í borginni með áherslu á samstarf Reykjavíkurborgar við helstu aðila á þessu sviði.*

Það má raunar segja að viðamesta lestrahvatningin á landinu sé ekki skipulögð dagskrá heldur fyrirbæri sem hefur orðið til vegna þeirrar hefðar að hér er langmest gefið út af bókum á haustmánuðum og fram að jólum. Jólabókaflóðið skellur á landsmönnum síðla hausts og það eru engar ýkjur að segja að tímabilið frá því í október og fram til jóla sé að stórum hluta helgað bókum og bókmenntumræðu. Útgefendur keppast við að senda frá sér bækur og bókaverslanir, bókasöfn, kaffihús, skólar og vinnustaðir, að ógleymdum fjölmiðlum, kynna þær á ýmsan hátt. Lesendur mæta á upplestra og aðra bókmenntaviðburði og fólk ræðir sín á milli hver sé nú besta bókina í ár, hverjar eigi að gefa vinum og ættingjum, og þannig mætti áfram telja. Rithöfundar aðstoða kaupendur við val á bókum í bókaverslunum og ýmsir viðburðir eru í boði um alla borg. Bækur hafa löngum haft vinninginn sem vinsælasta jólagjöfin á Íslandi og allir þeir sem koma að bókmenningu taka þátt í leiknum, enda er þetta sá árstími þegar bækur eru á allra vörum.

Sitt sýnist þó hverjum um hvort þessi samþjöppun útgáfunnar sé af hinu góða eða ekki. Ýmislegt hefur verið gert á síðustu árum til að dreifa útgáfunni og auka umræðu um bókmenntir á öðrum árstíðum. Þannig hefur vorútgáfa aukist, ekki síst í kringum Viku bókarinnar, og bókmenntir koma við sögu á ýmsum menningarhátíðum allt árið um kring. Reykjavíkurborg hefur í hyggju að koma á fót lestrarhvetjandi verkefni í borginni í samstarfi við aðra aðila, ef hún verður útnefnd Bókmenntaborg og mun Borgarbókasafn Reykjavíkur hafa frumkvæði að slíku átaki í fyrsta sinn árið 2012. Hugmyndin er að slíkt verkefni nái til allra aldurshópa og verður litið til lestrarhvetjandi verkefna sem þegar eru til staðar í Bókmenntaborgum UNESCO.

### BÓKMENNTAHÁTÍÐIR

Í Reykjavík er fjölbreytt flóra hátíða og þær hafa spilað stórt hlutverk í menningarlífi borgarinnar undanfarna áratugi. Fremst í flokki bókmenntahátíða er Alþjóðlega bókmenntahátíðin í Reykjavík, en hún hefur verið haldin annað hvert ár frá árinu 1985. Hátíðin nýtur virðingar jafnt innan lands sem utan en einstakt má telja að svo lítil hátíð státi af jafn mögnuðum gestalista. Meðal erlendra höfunda sem tekið hafa þátt eru Kurt Vonnegut, Günter Grass, J.M. Coetzee, Paul Auster, A.S. Byatt, Isabel Allende, Haruki Murakami, Ngugi wa Thiong'o, Seamus Heaney og Taslima Nasrin, svo aðeins fáeinir séu taldir. Að auki hafa flestir fremstu höfundar landsins tekið þátt í hátíðinni. Allir viðburðir eru ókeypis og nær undantekningarlaust hefur verið fullt út úr dyrum á upplestrum og öðrum viðburðum, sem fara fram í Iðnó og í Norræna húsinu. Mikil stemmning myndast jafnan í kringum Bókmenntahátíð,



*Sigurður Pálsson rithöfundur bauð gestum heim í stofu á „húslestrum“  
Listahátíðar í Reykjavík 2009. Ljósmynd: Guðfinna Magnúsdóttir*

útgefendur gefa út verk erlendu gestanna í íslenskum þýðingum, bókabúðir og bókasöfn vekja athygli á höfundunum á ýmsan hátt og blöð og aðrir fréttamiðlar sinna einnig kynningu á verkum þeirra. Á hátíðinni hittast auk þess innlendir og erlendir þýðendur og útgefendur og sum árin eru haldin hliðarþing með dagskrá fyrir þessa hópa. Hátíðin er því mikilvægur vettvangur til kynningar á erlendum bókmenntum á Íslandi og gefur einnig íslenskum höfundum færi á að hitta kollega sína frá öðrum löndum og heimshlutum. Reykjavíkurborg er meðal helstu styrktaraðila hátíðarinnar og Borgarbókasafnið hefur jafnan kynnt þá höfunda sem taka þátt, bæði innlenda og erlenda, með því að stilla verkum þeirra út og gera þeim skil á bókmenntavef safnsins, *bokmenntir.is*.

Listahátíð í Reykjavík, sem haldin hefur verið frá árinu 1970, hefur jafnan bókmenntir á dagskrá ásamt öðrum listgreinum, en hún var haldin annað hvert ár til ársins 2000 og árlega síðan. Meðal nýjunga á síðustu hátíðum er stofulestur skálda, en þar býðst gestum að sækja skáldin heim í bókstaflegum skilningi og setjast inn í stofu hjá þeim til að hlýða á upplestur og spjalla. Þetta minnir nokkuð á hinn gamla sið á íslenskum bæjum, húslesturinn, sem var stundaður hér á landi um aldir og fólst í því að einhver á heimilinu, yfirleitt húsbóndinn, las valda kafla

*Þótt Reykjavík sé lítil borg á alþjóðlegan mælikvarða  
býr hún að ibúum sem kunna að meta hið ritaða orð  
og taka bókmenntir alvarlega.*

J.M. COETZEE, Nóbelsverðlaunahafi í bókmenntum



Ljóðaslammi Borgarbókasafns Reykjavíkur 2008.

Ljósmynd: Þorsteinn Cameron

#### Bókmennta- slóð



**LÆKJARGATA** *Menntaskólinn í Reykjavík er elsta menntastofnunin í borginni. Hann hefur heitið fleiri nöfnum, svo sem Latínuskólinn og Lærði skólinn. Alþingi hélt fundi sína í húsinu frá 1845 þar til Alþingishúsið var tekið í notkun 1881 og var Þjóðfundurinn 1851 haldinn í sal skólans. Skáldsaga Steinunnar Sigurðardóttur, Tímabjófurinn, lýsir stuttu ástarsambandi kennslukonunnar Öldu við gíftan samkennara sinn, skammvinnri hamingju og langri örvæntingu eftir að hann hafnar henni. Í eftirfarandi texta er hin sjálförugga Alda, sem er vönust því að hafa fulla stjórn á sjálfri sér og lífi sínu, um það bil að hefja ferð sem einkennist af missi og tilfinningalegu umröti.*

**Úr Tímabjófinum** Hann fer með döðrant undir hönd útum dyrnar á kennarastofunni, herberginu þar sem ég fann hann upp og fékk einkaleyfið. Ég skapaði þennan mann einsog ég væri guð. Ég stjórnaði verkinu með augnaráðinu einu og fullkomnaði það með því að strjúka honum um ennið hendurnar bringuna feturna bakið og magann. Þessi maður er mitt handarverk. Hvað verður um þá sem flýja skapara sinn? Hvað verður um skaparann handarverkslausan?

Nei ég keyri þig klukkan tvö.  
Hvað boðar það?  
Hann er hettur.  
Er hann hettur?

úr þeim ritum sem til voru á bænum. Þessi persónulega nálgun við höfunda hefur verið afar vinsæl, en samskonar dagskrá hefur áður verið sett upp á Menningarnótt í Reykjavík og einnig hafa höfundar verið sóttir heim í bókmenntagöngum Borgarbókasafns.

Alþjóðleg barnabókmenntahátíð hefur verið haldin annað hvert ár í Reykjavík síðan 2001 og þar hefur fjöldi höfunda og fræðimanna tekið þátt frá ýmsum löndum. Að hátíðinni standa Norræna húsið, IBBY á Íslandi, Rithöfundasamband Íslands, Borgarbókasafn Reykjavíkur, SÍUNG (Samtök barna- og unglingabókahöfunda) og Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hátíðin er ætluð börnum og er boðið upp á ýmsar uppákomur með höfundum, svo sem upplestra, smíðjur, leik- og listsýningar, en auk þess er fræðileg dagskrá um barnabókmenntir fyrir fag- og áhugafólk. Hver hátíð beinir sjónum að sérstöku viðfangsefni, sem dæmi má nefna samband mynda og texta í barna- og unglingabókum, goðsagnir, galdur og fantasíu, og ljóð og kvæði fyrir börn og unglinga. Reykjavíkurborg hefur stutt hátíðina og eins og áður segir er Borgarbókasafnið einn af aðstandendum hennar. Leik- og grunnskólar borgarinnar taka virkan þátt í þessari hátíð, bæði með því að sækja viðburði utan skólanna og hýsa þá. Höfundar hafa meðal annars sótt skólana heim og eru innlendir og erlendir höfundar þá venjulega paraðir saman og eins hafa nemendur tekið þátt í vinnusmíðjum með höfundum, bæði innan skólanna og utan. Útgefendur og bóksalar hafa einnig komið að hátíðinni.

Nýlega hefur svo árleg alþjóðleg ljóðahátíð grasrótarsamtakanna Nýhils bæst í þessa flóru og hefur hún þegar náð að festa sig í sessi því sjötta hátíðin var haldin haustið 2010. Meginmarkmið ljóðahátíðarinnar er að styrkja samskipti milli Íslands og annarra landa á ljóðasviðinu og kynna áhugaverða samtímaljóðlist fyrir Íslendingum og íslenska ljóðlist fyrir erlendum gestum. Nýhil hefur einnig staðið að ýmsum ljóðauppákomum og smíðjum, oft með nýstárlegum hætti, og hélt til að mynda reglulega Open Mic-kvöld á krám í miðbæ Reykjavíkur árið 2010. Listamennirnir sem tengjast Nýhil vinna oft með öðru listafólki og samtvinna ritlist og aðrar listgreinar, þannig stóðu Nýhil og grasrótargallerýið Crymo gallerý í

Reykjavík til dæmis fyrir dagskránni *Hvað er ljóð* 2010 þar sem ljóðskáld og myndlistarmenn skiptu um hlutverk og útkoman varð ýmis konar ljóðagjörningar.

Allar þessar hátíðir hljóta styrk frá Reykjavíkurborg en borgin stendur auk þess fyrir árlegum borgarhátíðum sem Höfuðborgarstofa hefur veg og vanda af. Þær stærstu eru Menningarnótt í ágúst og Vetrarhátíð og Safnanótt í febrúar. Þótt Reykjavíkurborg haldi utan um þessar menningarhátíðir eru þær í eðli sínu grasrótarhátíðir sem fjölmargir einstaklingar, stofnanir og félagasamtök koma að. Bókmenntir eru ætíð hluti af dagskrá þeirra og hafa bæði einstaklingar, samtök og stofnanir á borð við Borgarbókasafn, Norræna húsið, bókaverslanir, útgefendur, Rithöfundasambandið og fleiri staðið að fjölbreyttum viðburðum á því sviði. Menningarnótt er fjölmennasta og stærsta hátíð landsins, en undanfarin ár hafa allt að 100.000 manns komið saman í miðborg Reykjavíkur af þessu tilefni.

Reykjavíkurborg efndi til Barnamenningarhátíðar í apríl 2010 í fyrsta sinn og er markmiðið að hún verði haldin annað hvert ár. Á þessum tíma er sumardagurinn fyrsti haldinn hátíðlegur og þá er einnig Vika bókarinnar, en bæði tilefnin hafa í gegnum tíðina ekki síst verið helguð börnum og bóklestri og er bók ein af klassískum sumargjöfum til barna landsins. Barnamenningarhátíð leggur áherslu á alls kyns menningarstarf með börnum og unglingum og koma grunn- og leikskólar borgarinnar markvisst að hátíðinni ásamt menningarstofnunum Reykjavíkurborgar. Meðal þess sem boðið var upp á í þetta fyrsta sinn var að bekkjardeildir í nokkrum skólum tóku rithöfund í fóstur og var verkefnið unnið í samvinnu Höfuðborgarstofu, Menntasviðs Reykjavíkur, bókaútgáfunnar Forlagsins og Borgarbókasafns Reykjavíkur. Sex höfundar fóru í jafn marga grunnskóla og sögðu nemendum frá verkum sínum. Krakkarnir unnu svo margvísleg verkefni í samvinnu við rithöfundana og var afraksturinn loks settur upp á sýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur.

*Í Reykjavík ganga skáldin um stræti og torg, söguvið verka sinna. Við, lesendurnir, göngum sömu götur og sjáum persónurnar ljóslifandi fyrir okkur.*

ANNA STEINUNN VALDIMARSDÓTTIR,  
grunnskólakennari

#### AÐRIR VIÐBURÐIR

Grunnskólar í borginni vinna að ýmsum fleiri lestrarhvetjandi verkefnum, oft í samstarfi við aðra. Til dæmis vinnur Rithöfundasamband Íslands með skólum að verkefninu *Skáld í skólum* en það miðar að því að efla tengsl rithöfunda og skólanema með því að bjóða grunnskólum bókmenntadagskrár í flutningi tólf rithöfunda. Höfundarnir vinna tveir og tveir saman og eru dagskrárnar ólíkar og sniðnar að ýmsum aldurshópum. Leikskólar borgarinnar vinna markvisst með bókmenntir og er eitt dæmi um slíkt *Rithöfundur mánaðarins* þar sem börnin kynnast nýjum höfundum í hverjum mánuði. Þau lesa verk hans með kennurum sínum og síðan kemur höfundurinn í heimsókn. Annað skemmtilegt verkefni er *Skilaboðaskjóðan* sem unnið er í samstarfi nokkurra leikskóla og eins grunnskóla, en þar velja nemendur og kennarar ljóð eða sögu til að vinna með og ferðast verkefnið á milli skólanna og þróast jafnframt og breytist allt þar til sameiginleg sýning er sett upp með afrakstrinum í lokin.

Stóra upplestrarkeppnin er eitt af stærstu verkefnum grunnskólanna á landsvísi, en það er árlegur viðburður sem fjölmargir aðilar styðja, meðal annars Félag íslenskra bókaútgefenda. Nemendum í sjöunda bekk í öllum grunnskólum landsins býðst að taka þátt í keppninni, en markmið hennar er að vekja athygli og áhuga á vönduðum upplestri og framburði. Í Reykjavík er sá háttur hafður á að undankeppni er haldin í hverjum skóla, þar sem nemendur lesa ljóð og aðra texta eftir íslenska höfunda. Keppnin hefst ávallt á Degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember og lokahátíðir eru síðan að vori í hverju hverfi þar sem vinningshafar úr skólunum koma fram. Þessar hátíðir eru vel sóttar og orðnar fastur liður í skólastarfi og eru þátttakendurnir oft fengnir til að lesa upp við ýmis önnur tækifæri. Þótt um keppni sé að ræða er áherslan þó fyrst og fremst á það mikla starf sem fram fer í hverjum skóla fyrir sig í aðdraganda hennar. Munnlegur flutningur



Gagnvirk brjóstmynd af skáldinu Jónasi Hallgrímssyni (1807–1845).

Mjólkursamsalan, [www.ms.is](http://www.ms.is). Hönnun: Hóíta búið

skáldskapar hefur ávallt skipað stóran sess í íslenskri menningu og upplestrarkeppnin á þátt í að viðhalda áhuga nýrra kynslóða á honum, um leið og hún minnir á leikrænar rætur ljóðlistarinnar.

Dagur íslenskrar tungu er fæðingardagur eins af ástsælustu skáldum Íslands, Jónasar Hallgrímssonar. Dagurinn er helgaður íslensku máli, stöðu tungumálsins og gildi þess fyrir menningu og þjóð og stendur mennta- og menningar- málaráðuneytið fyrir sérstöku átaki í tilefni hans og hvetur skóla á öllum stigum, bókasöfn, menningar- miðstöðvar og -samtök, ásamt einkaaðilum, til að taka þátt í því. Eitt af þeim verkefnum sem sprottið hafa úr þessu átaki er á vegum mjólkurvörufyrirtækisins MS, en

*Rithöfundasamband Íslands vinnur með skólum að verkefninu Skáld í skólum en það miðar að því að efla tengsl rithöfunda og skólanema og auka áhuga á bókmenntum með því að bjóða grunnskólum bókmenntadagskrár í flutningi rithöfunda.*

Það felst í því að prenta ljóð og aðra texta eftir grunn- og framhaldsskólanema á Íslandi á mjólkurfernur fyrir-tækisins og þannig er þessi skáldskapur daglega á borðum svo að segja allra landsmanna. Fyrirtækið hefur einnig prentað texta um íslenska málnotkun á fernurnar, til dæmis um orðtök og notkun þeirra, og einnig hafa börn og unglingar myndskreytt orðtök og málshætti fyrir þessar umbúðir. Fyrirtækið hefur gert stuðning við íslenskt mál og bókmenntir að aðalsmerki sínu og unnið að ýmsum fleiri verkefnum á þessu sviði. Til að mynda lét það útbúa gagnabanka til heiðurs Jónasi á heimasíðu sinni þar sem íslensk náttúra og ljóð eftir fjölmörg skáld eru samtvinnuð á skemmtilegan hátt í mósaíkmynd af skáldinu.<sup>2</sup>

Enn eitt verkefni sem skólar koma að, ásamt fjölmörgum öðrum, er Vika bókarinnar, sem skipulögð er í kringum alþjóðlegan dag bókarinnar í apríl ár hvert. Margt er á dagskrá tengt bókum og ritlist þessa viku, bókasöfn, bókaverslanir, skólar, Rithöfundasambandið og fleiri standa að bókmenntaviðburðum fyrir alla aldurshópa og Félag íslenskra bókaútgefenda hvetur auk þess til lesturs og bóksölu með því að senda ávísun á lestur á öll heimili í landinu. Hún veitir 1.000 króna afslátt af kaupum á íslenskum bókum, en útgefendur senda gjarnan frá sér nýjar bækur í tilefni bókaþingunnar. Árið 2010 ákvað félagið að hluti af andvirði hverrar ávísunar rynni í nýstofnaðan Skólasafnasjóð og vildi þannig beina sjónum sérstaklega að skólabókasöfnum og mikilvægu starfi þeirra að lestrahvatningu.

Borgarbókasafn Reykjavíkur stendur að fjölda bókmenntaviðburða ár hvert, svo sem upplestrum, ritsmiðjum, fyrirlestrum, höfundakynningum, ljóðaslammi fyrir ungt fólk og margs konar lestrarhvetjandi verkefnum með skólum og leikskólum. Meðal viðburða safnsins má nefna Söguhring kvenna en það er samstarfsverkefni Borgarbókasafns

og Samtaka kvenna af erlendum uppruna. Síðustu ár hefur Borgarbókasafn aukið markvisst þjónustu við innflytjendur og er Söguhringurinn meðal nýrra verkefna á þessum vettvangi. Konurnar, sem eru bæði af erlendum uppruna og íslenskar, hittast einu sinni í mánuði og skiptast á sögum, bæði formlega og óformlega, auk þess sem þær hafa unnið saman að listsköpun. Konurnar deila menningarlegum bakgrunni sínum og styðja hver við aðra og hefur þetta verkefni þegar sannað gildi sitt eftir aðeins rúm ár. Eitt af framtíðarmarkmiðum Söguhringsins er að safna saman sögum kvenna af ólíkum uppruna, með það í huga að koma þeim á bók, en bókmenntir innflytjenda er svo að segja óþekkt fyrirbæri á Íslandi enn sem komið er. Í Söguhringnum gefst konum af erlendum uppruna einnig tækifæri til að tjá sig á íslensku, æfa tungumálið og fræðast um íslenska menningu, bókmenntir og siði.

Annað áhugavert verkefni Borgarbókasafns eru bókmenntagöngur, en safnið hefur staðið fyrir þeim um árabil. Eins og nafnið gefur til kynna er gengið um söguslóðir í borginni og fjallað um bókmenntir sem eiga sér stað á viðkomandi slóðum og hafa þessar göngur verið afar vinsælar allt frá fyrstu göngunni árið 2003 þegar hundrað manns mættu. Safnið hefur sett saman margar göngur með mismunandi þemum, nefna má ljóðagönguna „Ljóðin í garðinum“, þar sem gengið er um gamla kirkjugarðinn í Reykjavík, staldrað við leiði ljóðskálda og lesið úr verkum þeirra, „hinsegin göngu“ sem einblínir á bókmenntir sem fjalla um samkynhneigð, og pöbbaönguna þar sem komið er við á kaffihúsum og krám sem bæði skáld og sögupersónur hafa sótt og fjallað um bókmenntir sem tengjast sögu þeirra. Einnig hefur verið boðið uppá glæpasagnagöngur, barnabókmenntagöngur, þjóðsagnagöngur og svo mætti áfram telja. Fyrst um sinn var einungis gengið um miðbæjarsvæðið en síðar hafa verið settar saman göngur fyrir önnur hverfi borgarinnar og auk þess hefur safnið staðið fyrir bókmenntarútuferðum þar sem unnt er að fara yfir stærra svæði. Unnið er að því að gera þessar göngur aðgengilegar á rafrænu formi með það að markmiði að íbúar og gestir geti nálgast þær á bókmenntavef safnsins og hlaðið þeim niður í síma eða spilara. Safnið býður einnig upp á vikulegar göngur á ensku fyrir erlenda gesti borgarinnar yfir sumarmánuðina og eins er hægt að panta slíkar göngur fyrir hópa á öðrum árstímum. Stundum eru

*Félag íslenskra bókaútgefenda hvetur til lesturs og bóksölu með því að senda ávísun á lestur á öll heimili í landinu í Viku bókarinnar.*

rithöfundar fengnir til að lesa úr eigin verkum í þessum göngum og einnig hefur verið unnið með bókaverslunum, kaffihúsum og útgefendum. Síðastliðin fimm ár hafa bókasafnið, Listasafn Reykjavíkur, Ljósmyndasafn og Minjasafn Reykjavíkur staðið sameiginlega að göngudagskrá í miðbænum á sumrin.

Göngurnar eiga þátt í að glæða borgina lífi yfir sumar-mánuðina, en fleiri aðilar standa fyrir alls kyns göngum fyrir ferðamenn og íbúa, bæði einkaaðilar og menningarstofnanir. Annað verkefni sem gleður borgarbúa og gesti þeirra á sumrin er skapandi starf ungmenna á vegum Hins hússins, menningar- og upplýsingamiðstöðvar ungs fólks, sem rekin er af Reykjavíkurborg. Hópum eða einstaklingum á aldrinum 17–25 ára býðst að starfa fyrir borgina í átta vikur við framkvæmd eigin verkefna á sviði lista. Hóparnir setja mikinn svip á miðborgina en nokkrum sinnum yfir sumarið eru skipulagðar uppákomur þar sem þeir sýna afrakstur vinnu sinnar. Ávallt hefur að minnsta kosti einn hópur unnið á sviði bókmennta og ritlistar og sumarið 2010 stóðu til að mynda tveir piltar fyrir „ljóðaárásun“ á borgarbúa, en svo nefndu þeir ýmis konar friðsamlega gjörninga sem ætlað var að vekja athygli vegfarenda á íslenskum ljóðum, nýjum og gömlum, samtímis því að opna augu þeirra á nýjan hátt fyrir miðborg Reykjavíkur og „ögra eftirtektarleysi fólks í erilsömu nútímasamfélagi“, eins og þeir komust sjálfir að orði. Meðal þess sem þeir gerðu var að skilja ljóð eftir á

*Borgarbókasafn hefur sett saman margar göngur með mismunandi þemum, nefna má ljóðagönguna „Ljóðin í garðinum“, þar sem gengið er um gamla kirkjugarðinn í Reykjavík, staldrað við leiði ljóðskálda og lesið úr verkum þeirra, „hinsegin göngu“ sem einblínir á bókmenntir sem fjalla um samkynhneigð, og pöbbaöngu þar sem komið er við á kaffihúsum og krám, sem bæði skáld og sögupersónur hafa sótt, og fjallað um bókmenntir sem tengjast sögu þeirra.*

*Norræni þýðingarsjóðurinn hefur nýverið verið færður undir Norræna húsið í Reykjavík og vonast stjórn hússins einnig eftir að fá umsýslu um Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs til sín á næstu misserum.*


óvæntum stöðum, flytja ljóð á götum úti og einnig hvöttu þeir fólk til að skrifa í bækur sem lágu frammi víða um bæinn. Annar hópur samdi og flutti uppstand á götum úti, á vinnustöðum og víðar, en hópurinn var skipaður nokkrum háskólanemum á sviði ritlistar, leiklistar, kvikmyndafræði og fleiri greina. Þriðji hópurinn vann með íslenskar þjóðsögur og skapaði myndasögur út frá völdum sögum sem vegfarendur rákust á í miðbænum. Alls voru fimmtán skapandi sumarhópar að störfum sumarið 2010 auk Götuleikhússins, sem er fjölmennasti hópurinn og sá eini sem er fastur liður frá ári til árs.

Norræna húsið í Reykjavík er vettvangur bókmennta-viðburða af ýmsum toga, hvort sem er alþjóðlegra, norrænna eða fyrir borgarbúa. Húsið hyggst nú leggja enn meiri áherslu á bókmenntir og gera þær að kjarna starfseminnar enda hýsir það bæði Bókmenntahátíðina í Reykjavík og Alþjóðlegu barnabókmenntahátíðina. Veturinn 2009–2010 stóð húsið fyrir hádegisdagskrám þar sem höfundar spjölluðu um tilurð verka sinna og voru þessi erindi mjög vel sótt. Ritlistardeild Háskóla Íslands stendur að samskonar dagskrá, sem hefur einnig verið afar vinsæl. Norræni þýðingarsjóðurinn hefur nýverið verið færður undir Norræna húsið í Reykjavík og vonast stjórn hússins einnig eftir að fá umsýslu um Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs til sín á næstu misserum. Norðurlöndin hafa með sér samvinnu á mörgum sviðum, ekki síst undir forsjá Norrænu ráðherranefndarinnar, sem styrkir menningarmál myndarlega, ásamt margvíslegum öðrum norrænum menningarsjóðum.



Ljóðalestur við Reykjavíkurtjörn í einni af bókmenntagöngum Borgar-  
bókasafns Reykjavíkur. Norrena húsið sést í fjarlægð.

Ljósmynd: Kristín Hauksdóttir



**BERGSTAÐASTRÆTI** *Kaffibarinn er vinsæll bar sem hefur verið rekinn frá 1993, en húsið, sem stendur við Bergstaðastræti 1 og hefur nú verið friðað, var byggt í upphafi tuttugustu aldar. Staðurinn kemur töluvert við sögu í skáldsögu Hallgríms Helgasonar, 101 Reykjavík, sem kom út árið 1996. Hún lýsir tilvistarkreppum hugarheimi ungs miðbæjarmanns sem varla hefur komið út fyrir pósthúmerið sitt nema fyrir tilstilli sjónvarps og tölvunnar sem tengja hann við umheiminn. Baltasar Kormákur gerði samnefnda kvikmynd eftir bókinni árið 2000.*

**Úr 101 Reykjavík** *Við stöndum í biðröð fyrir framan K-barinn. Það er nýr dyravörður og ekki búinn að læra nógu vel heima. Hann þekkir okkur ekki. Ég hef ekki séð hann áður, nema tattúið sem hann er með á hálsinum. Aðeins meiri frumleika takk. Klukkan er að vísu orðin 200 en við erum hér staddir á einhverri ísöldinni. Þetta er kallað að fara út að skemmta sér. Ég er í svörtum gallabuxum með vasana fulla affingrum, hvíttri rúllukragapeysu og leðurjakka. Það er erfitt að sjá í hvaða skóm ég er – troðningurinn – en mér sýnist ég vera í þessum svörtu. Stelpa (30.000) á undan í röðinni segir „hæ“. Ég lét nikkid nægja. Hún vinnur í vídeóleigunni á Skólavörðustígnum og hefur leigt mér klámmyndir. Marri gefur mér sigarettu og við reynum að ofna okkur á henni, fá smá hita í lungun. Samt einsog prímus á Norðurpólnum. Aamundsen-bræður. Við biðum í tólf ár áður en við komumst inn.*



*Kanadíski rithöfundurinn Michael Ondaatje á Bókmenntabátíð  
í Reykjavík 2009. Ljósmynd: Stella Soffía Jóhannesdóttir*

*Líkt og er um svo margar þjóðir, sem  
standa sögulega á menningarlegum og  
landfræðilegum jaðri alþjóðasamfélagsins  
hefur þátttaka Íslands í hinu alþjóðlega  
listasviði breyst mikið á síðustu árum.*

*Íslendingar hafa skrifað sögur og ljóð frá því þeir fyrst komust í fjaðurstafi og skinn. Í dag er Reykjavík miðstöð menningar á Íslandi, að öðrum stöðum ólöstuðum, og gegnir lykilhlutverki í að halda uppi þessum ómetanlega menningararfi.*

MÁR MÁSSON MAACK og SNORRI RAFN HALLSSON. Ljóðverk, skapandi sumarhópur Hins hússins, 2010

#### RÁÐSTEFNUR OG MÁLÞING

Fjölmargar ráðstefnur og málþing eru haldin í Reykjavík ár hvert, bæði alþjóðlegar og fyrir heimamenn. Hér verður ekki gerð tilraun til að gefa heildaryfirlit um þetta svið heldur aðeins talin upp nokkur nýleg og athyglisverð dæmi.

Menningarmiðstöðin Gerðuberg, sem rekin er af Reykjavíkurborg, er í Breiðholti og hún stendur fyrir alls kyns viðburðum og sýningum. Meðal fastra viðburða eru svo kölluð ritþing sem haldin hafa verið þar frá árinu 1999, en þar er einn höfundur og ferill hans í brennidepli. Á þinginu er farið ítarlega yfir höfundarverkið, höfundur er spurður út í líf sitt og list af þremur spýrlum í óformlegum samræðum og leikarar fara með brot úr verkum hans. Ritþingin eru nær undantekningarlaust afar vel sótt og er sérlega ánægjulegt að efni þeirra er gefið út á bók í kjölfarið og er þeim þannig miðlað til enn fleiri lesenda viðkomandi höfunda um leið og þau verða varanleg heimild. Sum þeirra hafa einnig verið hljóðrituð af RÚV. Síðasta ritþing var tileinkað skáldkonunni Kristínu Marju Baldursdóttur (f. 1949) og var á sama tíma sett upp myndlistarsýning til heiðurs skálduðu myndlistarkonunni Karitas úr nýlegri tveggja binda skáldsögu Kristínar. Einnig var boðið upp á nokkurra vikna námskeið fyrir almenning um verk sama höfundar og var það yfirfullt.

Meðal annarra fastra málþinga um bókmenntir og fræði eru árleg Hugvísindaping Háskóla Íslands, árleg málþing um barnabókmenntir á vegum Gerðubergs, Borgarbókasafns, IBBY á Íslandi og fleiri aðila sem tengjast þessu sviði, ýmis þing á vegum samtaka sjálfstætt starfandi fræðimanna, ReykjavíkurAkademíunnar og bókmenntaþing



Rithöfundurinn Kristín Marja Baldursdóttir setur sig í spor einnar söguþetju sinnar, myndlistarkonunnar Karitasar, úr tveggja binda skáldsögu sem kom út árin 2004 og 2007.

Ljósmynd: Kristín Hauksdóttir

Rithöfundasambandsins á alþjóðlegum degi bókarinnar.<sup>3</sup> Einnig má nefna árlega kynningu á bókum eftir konur, sem nefnist „Kellingabækur“ og árlegt „Þýðingahlaðborð“ Bandalags þýðenda og túlka. Í febrúar 2010 hélt Leikskóla-svið Reykjavíkurborgar ráðstefnu um sögur og ævintýri og hana sóttu um 200 leikskólakennarar af öllu landinu. Þar var gildi þjóðsagna og ævintýra í starfi með ungum börnum í öndvegi og var lögð áhersla á hvernig nota má ólíkar listgreinar til að miðla þessum bókmenntum til barna, svo sem myndlist, tónlist, dans og leikræna tjáningu sem og sagnamennsku.

Ráðstefnum og þingum um þýðingar hefur fjölgað á síðustu árum og voru til að mynda tvær alþjóðlegar ráðstefnur um þýðingar haldnar í Reykjavík vorið 2010. Í

*Fimm bækur eru tilnefndar til Íslensku þýðingaverðlaunanna og þannig hefur athygli verið beint að framúrskarandi þýðingum á verkum frá ýmsum löndum síðan verðlaunin voru stofnuð árið 2005.*

maí héldu Háskóli Íslands og Norræna húsið í Reykjavík ráðstefnuna *Art in Translation – International Conference on Language and the Arts*. Henni var ætlað varpa ljósi á það hvernig orðræða um listir hefur áhrif á allt vinnuferli listarinnar, hvort heldur sem um ræðir myndlist, tónlist, kvikmyndir eða bókmenntir. Meginspurning ráðstefnunnar sneri ekki síst að smærri málsvæðum og þeim spurningum sem listamenn þar standa frammi fyrir þegar þeir taka þátt í alþjóðlegri samræðu. Líkt og er um svo margar þjóðir sem standa sögulega á menningarlegum og landfræðilegum jaðri alþjóðasamfélagsins hefur þátttaka Íslands í hinu alþjóðlega listasviði breyst mikið á síðustu árum. Og líkt og lista- og fræðimenn frá öðrum smærri málsvæðum hafa Íslendingar tekið upp ensku sem hluta af listsköpun og orðræðu um listina, stundum samhliða eigin máli og stundum ekki. Kannski má segja að þessi háttur sé nauðsynlegur til að viðkomandi list og fræði geti verið með á alþjóðlegum vettvangi og veltu þátttakendur ráðstefnunnar því fyrir sér hvaða þýðingu þetta hefur fyrir lista- og fræðimenn, þátttakendur og listnjótendur í öllum löndum og málсамfélögum. Ráðstefnan tókst afar vel og lýsti einn þátttakandinn henni svo að hún hafi í raun verið gjörningur þar sem listamenn og fræðimenn rugluðu saman reitum. Þátttakendur voru frá 21 landi, úr öllum heimsálfum, og nálguðust viðfangsefnið meðal annars í gegnum hljóðverk, vídeólist, söng, dans og annars konar gjörning í bland við hefðbundna fyrirlestra af

ýmsu tagi. Þar sem svo vel tókst til hefur verið ákveðið að ráðstefnan verði haldin annað hvert ár, á víxl með áherslu á þýðingar í viðum skilningi og á ritlist og ritlistarkennslu. Í júní hélt Háskólinn ráðstefnuna *Translation, History, Literary Culture* með fyrirlesurum frá Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Noregi, Svíþjóð, Galísíu, Skotlandi og Íslandi. Þar var fjallað um einstakar þýðingar, þátt þýðinga í bókmenntasögunni og þýðingar milli ólíkra menningarsvæða, svo dæmi séu tekin.

Bókasafnafólk á Íslandi hittist annað hvert ár á landsfundi og íslenskir bókasafnsfræðingar eru einnig í góðum tengslum við erlenda kollega sína. Margt spennandi er að gerast í heimi bókasafna í dag, enda eru breytingar í miðlun og upplýsingaflæði örar. Um nokkurt skeið hefur verið uppi umræða um svokallað „Next Library“, það eru vangaveltur um hvernig þróa skuli þá þjónustu sem bókasöfn veita í takt við breytta tíma og tækni. Bókasöfn á Norðurlöndum, að Íslandi meðtöldu, hafa verið framarlega í þessari umræðu og Borgarbókasafn tekur nú þátt í þriggja ára verkefni ásamt sex öðrum söfnum sem snýst um að þróa nýjar hugmyndir og fá fram ítarlega framtíðarsýn fyrir almenningsbókasöfn í þessum löndum. Löndin eru Ísland, Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk og mun afrakstri vinnunnar verða miðlað með gagnvirkum netsíðum, myndböndum, rannsóknarskýrslum og greinum. Fyrstu vinnubúðirnar af þrennum í þessu verkefni voru haldnar í Reykjavík í júní 2010 og sá Borgarbókasafnið um þær. Þar hittust um sjötfu þátttakendur frá öllum löndunum en síðari búðirnar verða haldnar í Stokkhólmi sumarið 2011 og loks í Helsinki ári síðar.

*Borgarbókasafn tekur nú þátt í þriggja ára verkefni ásamt sex öðrum söfnum í Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og á Íslandi, sem snýst um að þróa nýjar hugmyndir og fá fram ítarlega framtíðarsýn fyrir almenningsbókasöfn í þessum löndum.*

## BÓKMENNTAVERÐLAUN

Fjöldi bókmenntaverðlauna og viðurkenninga til rithöfunda er veittur í Reykjavík. Reykjavíkurborg heldur utan um tvenn bókmenntaverðlaun árlega. Önnur eru kennd við Reykjavíkurskáldið Tómas Guðmundsson og eru veitt fyrir óbirt ljóðahandrit, en þau hafa átt þátt í að koma nýjum og athyglisverðum skáldum á framfæri síðustu árin. Hin eru Barnabókaverðlaun Menntaráðs Reykjavíkurborgar, sem eru veitt fyrir tvær af útgefnum barnabókum ársins, eina frumsamda og eina þýdda.


Félag íslenskra bókaútgefenda stendur að Íslensku bókmenntaverðlaununum, en tilnefningar til þeirra eru gerðar opinberar í nóvember ár hvert og eru verðlaunin svo afhent í byrjun árs. Forseti Íslands afhendir verðlaunin í tveimur flokkum; annars vegar í flokki fagurbókmennta og hins vegar í flokki bókmennta almenns eðlis. Fimm bækur eru tilnefndar í hvorum flokki. Forsetinn veitir einnig Íslensku þýðingaverðlaunin sem Bandalag þýðenda og túlka stendur að, en þau eru afhent á Degi bókarinnar. Þar eru einnig fimm bækur tilnefndar og þannig hefur athygli verið beint að framúrskarandi þýðingum á verkum frá ýmsum löndum síðan verðlaunin voru stofnuð árið 2005.

Á Degi íslenskrar tungu eru Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar afhent formlega. Þau eru veitt þeim einstaklingum sem eru taldir hafa „unnið íslenskri tungu gagn í ræðu eða riti, með skáldskap, fræðistörfum eða kennslu og stuðlað að eflingu hennar, framgangi eða miðlun til nýrrar kynslóðar“.<sup>4</sup> Þennan dag veitir Menntaráð Reykjavíkurborgar einnig íslenskuverðlaun, en skólar borgarinnar tilnefna nemendur sem skarað hafa framúr í notkun á íslensku máli.

Önnur helstu bókmenntaverðlaun sem haldið er utan um í Reykjavík af mismunandi aðilum eru Íslensku barnabókaverðlaunin, Bókmenntaverðlaun bóksala, Fjöruverðlaunin, sem eru bókmenntaverðlaun kvenna, og Menningarverðlaun DV í bókmenntum. Þá stendur Borgarbókasafnið fyrir Bókaverðlaunum barnanna þar sem börn á aldrinum 6–12 ára velja bestu bækur ársins, IBBY á Íslandi veitir barnabókahöfundum verðlaun fyrir feril og tilnefnir höfunda á heiðurslista alþjóðlegu IBBY-samtakanna, Dimmalimm-verðlaunin eru veitt fyrir myndskreytingar í barnabókum, Blóðdropinn eru glæpasagnaverðlaun og félagið Hagþenkir veitir viðurkenningar fyrir fræðibækur, svo og Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða. Íslendingar taka einnig þátt í norrænum verðlaunum á sviði barnabókmennta, fagurbókmennta, leikritunar og glæpasagna.

Nokkrir íslenskir samtímahöfundar hafa hlotið alþjóðleg bókmenntaverðlaun og viðurkenningar. Thor Vilhjálmsson, Sjón, Fríða Á. Sigurðardóttir og Einar Már Guðmundsson eru meðal þeirra sem hlotið hafa Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, Andri Snær Magnason hlaut nýverið hin virtu alþjóðlegu Kairos-verðlaun, Guðbergur Bergsson hefur meðal annars hlotið Norrænu bókmenntaverðlaun sænsku akademíunnar, Kristín Steinsdóttir hefur meðal annars hlotið Norrænu barnabókaverðlaunin, Arnaldur Indriðason hefur hlotið fjölmörg verðlaun fyrir glæpasögur sínar, meðal annars Gold Dagger verðlaunin árið 2005, og eins og áður hefur komið fram fékk Halldór Laxness Nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 1955.<sup>5</sup>

### Bókmennta- slóð



VEGAMÓTASTÍGUR *Þjóðsögur skipa stóran sess innan íslenskra bókmennta. Sögurnar greinast í mismunandi flokka, en meðal þeirra eru sögur af álfum og huldufólki. Í eftirfarandi sögu er fólki kennt hvernig eigi að bera sig að á krossgötum og því er eftir vill ástæða til að hafa varan á ef manni skyldi detta í hug að tylla sér niður einhvers staðar á Vegamótastígnunum.*

Úr „Krossgötum“ Þegar menn sitja á krossgötum þá koma álfar úr öllum áttum og þyrpast að manni og biðja hann að koma með sér en maður má engu gegna. Þá bera þeir að manni alls konar gersemar, gull og silfur, klæði, mat og drykk, en maður má ekkert þiggja. Þar koma álfakonur í líki móður og systur manns og biðja mann að koma og allra bragða er leitað. En þegar dagur rennur þá á maður að standa upp og segja: „Guði sé lof, nú er dagur um allt loft.“ Þá hverfa allir álfar en allur þessi álfaauður verður eftir og hann á þá maðurinn. – En svari maður eður þiggi boð álfa þá er maður heillaður og verður vitstola og aldrei síðan mönnum sinnandi.

## ÍSLAND HEIÐURSGESTUR Á BÓKASÝNINGUNNI Í FRANKFURT 2011

Framundan er einstakt tækifæri til kynningar á íslenskum bókmenntum á alþjóðavettvangi þar sem Ísland verður í brennidepli á alþjóðlegu Bókasýningunni í Frankfurt í október 2011. Mikið starf hefur verið unnið vegna þessa og hefur verkefnið kallað á samvinnu margra aðila sem koma að miðlun bókmennta í Reykjavík og á landinu öllu. Skrifstofa á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins hefur haldið utan um undirbúninginn fyrir þetta viðamikla verkefni, en í tilefni þess koma bækur fjölmargra íslenskra höfundar út í Þýskalandi árin 2010 og 2011. Þegar þetta er skrifað hefur þýðingarréttur um 120 verka verið seldur. Viðburðir helgaðir íslenskum bókmenntum og menningu eru víðs vegar um landið allt frá haustinu 2010 fram að sýningunni í Frankfurt ári síðar.

Bókasýningin í Frankfurt er ein stærsta og mikilvægasta bókasýning heims. Tæplega 300.000 gestir heimsækja sýninguna ár hvert, 7.000 sýningaraðilar frá um hundrað löndum taka þátt og kynna samtals um 400.000 bókatitla. Á bókasýningunni er eitt land sett í öndvegi, heiðurgesturinn, og er sú þjóð sem verður fyrir valinu jafnan með ríka arfleifð á sviði bókmennta. Heiðurgesturinn er með sér sýningarskála og viðamikil dagskrá viðburða og fyrirlestra er skipulögð til þess að vekja athygli á bókmenntum landsins í víðtæku menningarlegu samhengi. Að auki skipuleggja listastofnanir, söfn, tónleikasalir og kvikmyndahús um gjörvallt Þýskaland ýmiskonar uppákomur með listamönnum frá heiðurslandinu. Þýskir og alþjóðlegir fjölmiðlar fjalla um heiðurslandið frá mörgum sjónarhornum og rithöfundar og verk þeirra fá víðtæka umfjöllun í bókmenntatímaritum, fréttu- og dægurmálaþáttum. Það er því ljóst að þarna skapast ómetanlegt tækifæri fyrir Ísland til að koma bókmenntum sínum og listum á framfæri við milljónir manna.

Meðal þess sem verkefnastjórnin hefur lagt áherslu á er að allar Íslendingasögurnar verði þýddar og gefnar út í Þýskalandi. Þegar hafa tekist samningar við eina stærstu bókaútgáfu Þýskalands um að standa að slíkri útgáfu árið 2011. Að auki mun hún stuðla að því að nítjándu og tuttugustu aldar bókmenntir Íslendinga verði þýddar og gefnar út, en talsvert hefur vantað upp á að þær bókmenntir hafi verið aðgengilegar erlendis. Síðast en ekki síst verður stuðlað að kynningu og útbreiðslu á íslenskum samtímabókmenntum á alþjóðlegum bókamarkaði, en Bókasýningin í Frankfurt hefur jafnan verið stökkpallur til annarra landa.<sup>6</sup>

Í undirbúningsferlinu fyrir þetta verkefni hefur dýrmætri þekkingu verið safnað saman, tengsl mynduð og áþreifanlegum verkefnum komið á fót sem verður veglegur heimanmundur verði Reykjavík útnefnd Bókmenntaborg UNESCO. Reykjavíkurborg vonast því til þess að niðurstaða UNESCO varðandi umsókn Reykjavíkur liggi fyrir vorið 2011. Hljóti Reykjavík útnefningu er mikilvægt að nýta þann alþjóðlega slagkraft sem Frankfurtaerkefnið felur í sér svo hægt verði að kynna Bókmenntaborgina og Samstarfsnet skapandi borga UNESCO á sem áhrifaríkastan hátt.



*Kynningarveggsþjöld fyrir Söguvæjuna Ísland – Heiðursgestur á Bókasýningunni í Frankfurt 2011. Hönnun: Fiton*

## Bókasöfn og rafræn miðlun

### BÓKASÖFN

Í Reykjavík er fjöldi bókasafna af öllum toga, almenningsbókasöfn, skólasöfn og sérfræðisöfn. Allir grunn-, framhalds- og háskólar á höfuðborgarsvæðinu reka skólabókasöfn sem þjóna nemendum og starfsmönnum viðkomandi skóla og fá til að mynda allir grunnskólanemar kennslu í notkun bókasafna auk þess sem skólasafnkennarar styðja við bókmenntakennslu og upplýsingalæsi. Í grunnskólalögum er kveðið á um að skólasafn skuli vera í öllum skólum en einnig er öllum sveitarfélögum landsins skylt að veita íbúum sínum bókasafnaþjónustu samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn. Almennings- og skólabókasöfn hafa með sér ýmiss konar samvinnu, til dæmis koma allir fjórðu bekkingar í grunnskólum Reykjavíkur í skipulagða heimsókn í Borgarbókasafn og safnið tekur einnig á móti nemum á öllum aldri af ýmsu tilefni. Barnabókaverðir um allt land vinna saman að verkefnum eins og smásagna- og ljóðasamkeppnum fyrir börn og unglunga, málþingum um málefni barnabókasafna og stærri verkefnum á borð við Bókaverðlaun barnanna. Síðastnefnda verkefnið byrjaði sem framtak Borgarbókasafns Reykjavíkur, en er nú orðið að árlegu átaki á sviði lestrarhvatningar sem velflest almennings- og skólabókasöfn landsins taka þátt í undir forystu Borgarbókasafns.

Borgarbókasafn Reykjavíkur er stærsta almenningsbókasafn landsins með aðalsafn, fimm útibú, bókabíl og sögubíl. Safnið er bæði vel sótt og útlánatölur háar, gestafjöldi árið 2009 var um 700.000 manns og fjöldi útlána tæplega 1,2 milljónir. Samkvæmt könnunum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands sem gerðar voru árin 2007 og 2009 kemur fram að rúmlega 70 prósent íbúa Reykjavíkur á aldrinum 16–80 ára höfðu heimsótt Borgarbókasafn undangengna tólf mánuði. Aðsókn jókst á milli áráanna 2007 og 2009 um 22 prósent og útlán um 25 prósent, auk þess sem notendum heimasíðu safnsins fjölgaði um 46 prósent milli áráanna 2007 og 2009.

Reykjavíkurborg skilgreinir þjónustu Borgarbókasafns sem grunnþjónustu og því hefur núverandi efnahagsástand ekki haft eins mikil áhrif á starfsemi safnsins og annars væri. Framlag Reykjavíkurborgar til safnsins árið 2007 var 511 milljónir króna og fór upp í 550 milljónir árið 2009.

---

---

# yfir 70 %

Reykvíkinga á aldrinum 16–80 ára heimsóttu  
Borgarbókasafn á 12 mánaða tímabili

---

---



*Nemendur í Háskóla Íslands.*

Ljósmynd: Kristján Maack

Borgin þurfti að endurskoða allan rekstur á árinu 2010, en Borgarbókasafn var meðal þeirra stofnana sem niðurskurður bitnaði minnst á, framlag til safnsins var þá 541 milljón. Til að mæta þessum niðurskurði hefur safnið styt ítútlánstíma bóka úr þrjátíu dögum í tuttugu og einn og er tilgangurinn sá að auka nýtingu safnkostsins. Þetta er gert í tilraunaskyni og kann að verða endurskoðað síðar. Þá var minnsta útibúi safnsins, Seljasafni, lokað en það var aðeins opið hluta úr viku. Þjónusta safnsins, svo sem safnkennsla, sögustundir, bókmenntagöngur, ljóðaslamm, bókmenntavefur, þjónusta við innflytjendur og aðrir

viðburðir, hefur ekki verið skorin niður. Meðal nýrrar þjónustu við lesendur sem safnið tekur upp árið 2011 eru leshringir í aðalsafni og Ársafni undir heitinu *Reykjavík les*.

Barna- og unglingastarf safnsins er sérlega öflugt, leikskólabörn koma til dæmis í reglulegar heimsóknir og sögustundir auk þess sem sögubíll ferðast á milli leikskóla borgarinnar og færir yngstu kynslóðinni ævintýraheim bókanna. Börnin koma í bílinn og hlusta á sögur og ævintýri og hefur þessi þjónusta notið gífurlegra vinsælda eftir að hún var tekin upp árið 2008. Bíllinn er skreyttur myndum eftir Brian Pilkington og innréttaður með það í huga að þar geti börnin átt notalega og ævintýralega

stund með sögumönnunum. Nú eru einnig uppi áform um að bjóða upp á ævintýra- og þjóðsagnastundir á ensku í bílnum yfir sumarmánuðina fyrir erlend börn sem sækja borgina heim. Safnið lánar einnig bókakoffort í leikskóla til að hvetja foreldra til að taka bækur heim til að lesa með börnum sínum og samskonar koffort hafa verið útbúin fyrir grunnskóla með sérstöku þema í hvert sinn. Bókabíll safnsins hefur vikulega viðkomu á um fjörutíu stöðum um alla borg. Bókabíllinn er rúta í fullri stærð og er ekki síst mikilvægur fyrir börn sem búa úr göngufæri við næsta safn þar sem hann gerir þeim kleift að nálgast lesefni á eigin vegum.

Borgarbókasafn tekur þátt í Alþjóðlegu barnabókmennta-hátíðinni í Reykjavík og starfar með ýmsum aðilum sem láta sig barnabókmenntir og -menningu varða. Um langt árabíl hefur safnið staðið fyrir ritsmiðjum fyrir börn á sumrin og njóta þessi námskeið mikilla vinsælda. Þar vinna börnin með rithöfundum og myndlistamönnum ásamt barnabókavörðum safnsins og er afrakstur smíðanna síðan kynntur fyrir foreldrum og öðrum aðstandendum á upplestrardagskrá barnanna í lok námskeiðsins. Ekkert kostar að taka þátt í smíðjunum og það á við um alla viðburði sem safnið stendur að. Fleiri viðburða á vegum safnsins er getið í kaflanum um hátíðir og viðburði.

Annað mikilvægt safn á höfuðborgarsvæðinu er Blindrabókasafn Íslands, sem er í nágrannasveitarfélagi Reykjavíkur, Kópavogi. Safnið er rekið á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og þjónustar allt landið. Blindrabókasafn lánar út og framleiðir hljóðbækur fyrir blinda og sjónskerta, auk fólks með lesblindu, og stór hópur eldri borgara nýtir sér einnig þjónustu þess. Stefnir er að því að allt efni safnsins verði komið á rafrænt form

innan skamms, en safnkosturinn samanstendur af ýmiss konar fræðslu- og kennsluefni ásamt skáldskap af öllum toga. Við val skáldskapar eru vinsælar bækur í fyrirrúmi, til dæmis spennusögur, ævisögur og barna- og unglingabækur, bæði frumsamdar á íslensku og þýddar. Safnið hefur fjölda lesara á sínum snærum en sumir rithöfundar leita sérstaklega eftir því að lesa sjálfir eigin verk. Safnið annar ekki útlánunum til annarra en þeirra sem þurfa á því að halda sökum sjónskerðingar eða lesblindu en áhugi á hljóðbókum hefur vaxið töluvert á síðustu árum og hafa útgefendur brugðist við með aukinni útgáfu á slíku efni.

Landsbókasafn Íslands og bókasafn Háskóla Íslands eru í Þjóðarbókhöðunni svokölluðu en söfnin voru sameinuð í þessari byggingu árið 1994. Landsbókasafn safnar öllum íslenskum gögnum samkvæmt lögum um skylduskil til safna, varðveitir þau, skráir og flokkar. Það veitir einnig þjónustu við kennslu og rannsóknarstarfsemi Háskóla Íslands og heldur uppi bókasafns- og upplýsingaþjónustu í þágu atvinnuvega, stjórnsýslu og rannsókna á Íslandi. Safnið leggur mikinn metnað í að viðað sé gögnum á öllum sviðum og búa þau í hendur notenda og stendur auk þess fyrir ýmiss konar fræðslu og menningarstarfsemi. Innan Þjóðdeildar safnsins eru ýmis sérsöfn sem nýta til dæmis fræðimönnum sem vinna að rannsóknum á viðkomandi sviðum. Meðal þessara safna má nefna Laxnesssafn og Kvennasögusafn Íslands.

Handritadeild Landsbókasafns varðveitir um fimmtán þúsund handrit, allt frá einstökum skinnblöðum frá þrettándu öld til dagbóka og bréfa frá þeirri tuttugustu. Megnið af handritakostinum er pappírshandrit, flest frá níttjándu og tuttugustu öld en einnig fjölmörg frá sautjándu og átjándu öld. Sífellt er tekið á móti nýjum



nú í vígðri mold í Hólavallagarði. Í skáldsögu Gunnars Gunnarssonar, Svartfugli frá 1929, er fjallað um þessa atburði.

**SKÓLAVÖRÐUHOLT** Árið 1805 staðfesti Danakonungur dóm yfir elskendunum Steinunni Sveinsdóttur og Bjarna Bjarnasyni frá Sjöundaá vegna morðs á mökum sínum. Bjarni var fluttur til Noregs og líflátinn þar en Steinunn lést í fangahúsinu við Arnarhól, þar sem nú er Stjórnarráð Íslands. Samfangar hennar voru kvaddir til að dysja líkið og var dysin suðaustur af þar sem nú er stytta Leifs Eiríkssonar. Árið 1913, þegar grjótið var tekið úr holtinu vegna hafnargerðar, var ákveðið að flytja kistuna og hvílir Steinunn

Úr Svartfugli Ég spurði hann hvar Steinunn væri niður komin. Hann leit snögglega upp og framan í mig. Steinunn – veiztu það ekki? ... Hún er dái. Fórstu ekki fram hjá dys við veginn? Jú ... Og kastaði sjálfur steini í hana. Þú gæzt ekki vitað, hver átti hana ... Það er annars strax búíð að gefa henni nafn ... Hún er kölluð Steinkudys.

gögnum og starfsmenn safnsins leitast við að afla gagna og hafa samband við mögulega gefendur, en meðal þess efnis sem safnað er eru handrit skálda og rithöfunda og hefur Landsbókasafn tekið á móti miklu magni handrita frá rithöfundum á síðustu árum.

#### RAFRÆN MIÐLUN

Varðveisla og miðlun menningarefnis í rafrænu formi hefur aukist gífurlega á síðustu árum á Íslandi líkt og í öðrum löndum. Árið 2008 setti ríkisstjórn landsins fram stefnu í upplýsingamálum sem nefnist Netríkið Ísland og gildir hún til ársins 2012. Í þessari stefnu er meðal annars sett markmið um „aðgengi á einum stað að bókasöfnum, minja- og listasöfnum, skjalasöfnum ásamt fleiri gagnasöfnum“.<sup>7</sup> Einnig skuli hljóð- og myndefni Ríkisútvarpsins gert aðgengilegt á rafrænu formi, en stofnunin á mikinn fjársjóð íslensks menningarefnis, meðal annars á sviði bókmennta. Þar má nefna viðtöl við rithöfunda, upplestur þeirra og annarra á bókmenntum, frumsömdum og þýddum, leikrit og þætti um bókmenntir og listir. Þess má geta að sumarið 2010 var lögð áhersla á rafræna skráningu og miðlun þessara gagna í átaksverkefni fyrir námsmenn og atvinnuleitendur á vegum ríkisstjórnar Íslands.

Bókasöfn landsins standa framarlega í rafrænni miðlun og er Landsbókasafn þar í lykilhlutverki ásamt Borgar-bókasafni Reykjavíkur og fleiri söfnum. Á Íslandi er rekið miðlægt bókasafnskerfi sem veitir aðgang að skrár nær allra bókasafna landsins, *gegnir.is*, en menntamálaráðuneytið og rúmlega fjórutíu sveitarfélög standa saman að þessu kerfi sem var tekið í notkun í maí 2003. Síðan þá hafa landsmenn getað leitað að gögnum í fjölda bókasafna um allt land á einum stað og nú er einnig hægt að nálgast rafræna útgáfu af lokaritgerðum stúdenta við Háskóla Íslands í gegnum sama kerfi, sem og á vef Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Landskerfi bókasafna, sem rekur *Gegni*, vinnur að þróunarverkefni í samstarfi við Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn um að útbúa eina vefgátt að menningarefni á Íslandi, bæði efni bókasafna og annarra menningarstofnana, og eiga bæði Borgarbókasafn og Landsbókasafn fulltrúa í þessu verkefni. Það nefnist *PRIMO* og er áætlað að tilraunaútgáfa gættarinnar verði tekin í notkun snemma árs 2011.

Bæði þessi söfn taka einnig þátt í landsaðgangi Íslands að rafrænum gagnasöfnum, *hvar.is*, ásamt öðrum bókasöfnum í landinu. Þetta einstaka verkefni veitir öllum Íslendingum frían aðgang að fjölda innlendra og erlendra gagnasafna, dagblöðum og tímaritum úr hvaða tölvu á landinu sem er. Sennilega er óhætt að segja að slíkur landsaðgangur sé einsdæmi, en hann er kostaður af ríki og sveitarfélögum.

Landsbókasafn Íslands vinnur auk þessa að rafrænni varðveislu handrita og bóka og miðar þetta metnaðarfulla verkefni að því að allt íslenskt efni verði varðveitt á rafrænu formi og gert aðgengilegt fyrir notendur í samræmi við höfundarréttarlög og í samvinnu við rithöfunda og útgefendur.

Síðasttalda verkefnið tengist samstarfi Landsbókasafns við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, en einn af vegvísum Árnastofnunar er opinn aðgangur að gögnum hennar. Unnið hefur verið að stafrænni skráningu og myndum handrita og er takmarkið opinn aðgangur að öllum frumgögnum stofnunarinnar. Frumheimildir verða þannig aðgengilegar á netinu, ljósmyndir af handritum og hljóðskrár, ásamt orða- og örnefnaskrár. Þann 21. apríl 2010 opnaði mennta- og menningarmálaráðherra Íslands, Katrín Jakobsdóttir, vefinn *handrit.is* en hann veitir aðgang að sögulegum handritum og er samstarfsverkefni Árnastofnunar, handritadeildar Landsbókasafns og Árnasafns í Kaupmannahöfn. Þar er hægt að leita að handritum sem eru í eigu þessara þriggja safna, svo sem íslenskum fornþéttmenntum, meðal annars heildstæðu safni Íslendingasagna og -þátta. Einnig er þar drjúgur hluti norrænnar goðafræði, biskupasagna, fornaldarsagna og riddarasagna auk þess sem fjöldi handrita geymir ýmis kvæði, rímur og lausavísur. Jafnframt er veittur aðgangur að stafrænum myndum af handritunum þannig að fræðimenn og almenningur geta séð hverja síðu fyrir sig, þýsjað og skoðað í hágæðaupplausn og kannað þannig handritin hvaðan að sem er í heiminum. Vefurinn veitir fræði- og áhugamönnum um allan heim aðgang að handritasafni Árna Magnússonar, sem var sett á lista UNESCO yfir minni heimsins árið 2009.

Undanfarin tvö ár hafa sömu þrjár stofnanir tekið þátt í verkefninu *ENRICH, European Networking Resources and Information Concerning Cultural Heritage* (Evrópskar net- og upplýsingaveitur um menningararfleifð). Tilgangur þess er að veita aðgang að stafrænum myndum og lýsingum í handritum í evrópskum handrita-, skjala- og minja-söfnum gegnum eina sameiginlega vefgátt.<sup>8</sup> Þátttakendur í verkefninu eru átján evrópskar stofnanir og fyrirtæki og auk þess hafa fleiri gerst aukaaðilar og opnað aðgang að gögnum sínum.

Annað rafrænt verkefni Árnastofnunar á sviði tungumáls og bókmennta er óðfræðivefurinn *Bragi* sem er mikilvægt rannsóknartæki um íslenskan kveðskap og bragfræði. Stofnunin rekur líka íslenskt orðanet þar sem margvísleg vensl orða og orðasambanda eru í brennidepli, og enn fremur veitir vefurinn *Munnleg geymd* aðgang að þjóðfræðiefni stofnunarinnar. Þar er bæði hægt að skoða ritað efni og hlusta á viðeigandi hljóðrit með frásögnum

sagna- og kvæðamanna. Efni Þjóðfræðideildar er líka gefið út á geisladiskum og hefur Árnastofnun verið í samstarfi við útgáfufélagið Smekkleysu um þessa útgáfu. Að lokum má nefna að nú er verið að vinna að rafrænni útgáfu *Konungsbókar* Eddukvæða með meðfylgjandi notendaviðmóti á disk. Vinnan við að koma þessu mikilvæga handriti í stafrænt form hefur tekið nokkurn tíma, en mikið verk er að ganga frá rafrænni gerð textans og orðstöðulykli.

Meðal verkefna sem miðla samtímabókmenntum er fyrr nefndur bókmenntavefur Borgarbókasafns Reykjavíkur<sup>9</sup> sem er upplýsingavefur um íslenska samtímahöfunda og verk þeirra. Vefurinn er bæði á íslensku og ensku en hann hefur verið rekinn frá árinu 2000 og hófst sem þróunarverkefni í samstarfi við nokkrar aðrar menningarborgir Evrópu það ár. Síðan hefur vefurinn vaxið og dafnað og er nýtt efni stöðugt fært þar inn. Þar má lesa yfirlitsgreinar bókmenntafræðinga um höfundarverk vel yfir hundrað höfunda, ritdóma um bækur þeirra, pistla frá höfundunum sjálfum, textabrot úr verkunum og nálgast ítarlegar ritaskrár um útgefið efni höfundanna á Íslandi og erlendis, upplýsingar um verðlaun og viðurkenningar sem þeim hefur hlotnast, skrár yfir tímaritsgreinar um verk þeirra ásamt fréttum úr bókmenntalífni og fleira. Bókmenntavefurinn var opnaður með nýju viðmóti haustið 2010 og verður ýmsum nýjungum bætt á vefinn á næstunni, meðal annars upplestri höfunda og rafrænum bókmenntagöngum, en einnig verður notendum gert kleift að tjá sig um einstök verk. Efni af vefnum er einnig notað á vefnum *Sagenhaftes-Island*, sem er glæsilegur og vaxandi kynningarvefur um íslenskar bókmenntir á íslensku, ensku og þýsku. Að honum stendur verkefnið Ísland á Bókasýningunni í Frankfurt 2011. Báðir þessir vefir eru mikilvæg tæki í miðlun bókmenningar sem Bókmenntaborgin Reykjavík mun njóta góðs af, hljóti Reykjavík þennan titil. Reykjavíkurborg hefur einnig áhuga á að hafa samstarf um slíkar vefsíður við aðrar Skapandi borgir.

Allir þeir vefir og gagnagrunnar sem hér hafa verið nefndir eru opnir og geta allir nýtt sér efni þeirra.

Ekki er hægt að láta staðar numið hvað rafræna miðlun varðar án þess að nefna vefgáttina *Snöru*. *Snara.is* er að hluta í eigu Forlagsins, stærstu bókaútgáfu landsins, en þetta er safn vefbóka og má þar meðal annars leita að orðum og orðasamböndum úr Íslendingasögunum og verkum Halldórs Laxness, auk þess sem þar er safn orðabóka og annarra uppfléttrita. Vefurinn veitir fræði-

*Að eiga aðgang að sagnaheimi miðalda á Íslandi og það á framtungu sem maður les næstum eins auðveldlega og fréttablöð dagsins er fjársjóður sem aldrei er hægt að dást að eða rannsaka til fulls. Að kynnast fólki sem var uppi fyrir áttahundruð eða þúsund árum og finna að þetta var fólk nákvæmlega eins og við sem lifum núna: með samskonar húmor, sömu gleði yfir því sem er sögulegt, stórbrotið eða fallegt, sömu tilfinningar, metnað; alla kosti og ókosti og við sjáum í fari samferðamanna; kynslóðirnar sem byggðu landið til forna gengu um sömu holtin og hæðirnar, hlustuðu á samskonar fuglasöng og sáu sömu fjöllin og heyrðu sígildan nið úthafsöldunnar brotna við ströndina. Aðstæður þessa fólks voru um margt öðruvísi þegar kemur að öllu því ytra; samgöngutæki og verkefni frumstaðari, klæði og húsagerð með öðrum hetti, en það talaði sömu tungu og við og lifði um margt dramatískari tíma, með meiri lífsháská og grimmari lífsþorsta, og umfram allt skrifaði það bækur eins og við, sagði sögur af því tagi sem fólk á öllum stundum vill læra og njóta og ferir okkur nútímasögumönnum aðgang að veröld sem er full af ósögðum sögum sem fyrst og fremst eru til þess fallnar að við skiljum betur stöðu okkar í heiminum og lífinu; hversvegna við erum hér og nú – að kljást við nútímaklandur allra tíma.*

EINAR KÁRASON, rithöfundur

mönnum og öðru áhugafólki ómetanlegan aðgang að þessum verkum. Hægt er að leita að hvaða orðum eða orðmyndum sem er og sjá þannig í hvaða samhengi þau birtast og skoða bókmenntirnar í nýju ljósi, bæði hvað varðar efni og málfar. Þannig er til að mynda á augabragði hægt að sækja sér tilvitnanir í Íslendingasögurnar, fletta upp orðum og orðasamböndum og bera saman endurtekið orðfæri.



Efri: Bókabíllinn Höfðingi er sérstaklega mikilvægur fyrir börn sem búa úr göngufæri við næsta bókasafn. Ljósmynd: Bára Kristinsdóttir

Neðri: Leikskólabörn hlusta spennt á ævintýri í sögubíl Borgarbókasafns, Æringja. Ljósmynd: Leikskólar Félagsstofnunar stúdenta

## Menntun, læsi og bókmenntir

*Bókmenntir og bókmenntaarfur skipa háan sess í menningarlífi þjóðarinnar. Þess vegna er mikilsverður þáttur í íslenskri menntun og menningu að þekkja íslenskar bókmenntir, geta notið þeirra og miðlað þeim og samið nýjar.*

Aðalnámsskrá grunnskóla – íslenska, 1999

Á Íslandi er menntakerfið að stærstum hluta rekið af ríki og sveitarfélögum. Jafn aðgangur að menntun hefur verið ein af grunnstoðum íslensks samfélags og stendur grunnmenntun öllum íbúum landsins til boða án endurgjalds. Skyldunám (fyrsti til tíundi bekkur) er kostað af sveitarfélögum og framhaldsmenntun á grunnstigi af ríkinu. Í Reykjavík eru fimm einkareknir grunnskólar og eru þeir styrktir af Reykjavíkurborg, sem leggur til 75 prósent af rekstrarkostnaði þeirra. Það sem eftir stendur kemur frá aðstandendum nemenda í formi skólagjalda. Háskóli Íslands, sem er stærsti háskóli landsins og sá sem sinnir bókmenntum að langstærstum hluta, er ríkisskóli og tekur ekki skólagjöld, þótt nemendur greiði árlegt skráningargjald sem nemur um 45.000 krónum.<sup>10</sup> Þeir skólar sem sinna bókmenntum og bókmenntakennslu í Reykjavík eru því nær eingöngu kostaðir af borg og ríki. Á Íslandi er ekki rík hefð fyrir því að einkaaðilar kosti einstök verkefni eða námsgreinar í skólastarfi og því hafa bókmenntakennsla og rannsóknir ekki verið háð slíkum fjármunum að neinu marki. Það má færa rök fyrir því að þetta sé jákvætt í því árferði sem nú ríkir, þar sem efna-hagskreppan hefur ekki leitt til niðursveiflu hvað þetta varðar, einfaldlega vegna þess að kostun af þessu tagi hefur ekki verið fyrir hendi. Bæði ríki og borg skilgreina íslensku-, bókmennta- og tungumálakennslu sem undirstöðunámsgreinar og því eru engin áform uppi um að skera kennslumagn niður í þessum greinum.

Íslenska og stærðfræði eru kjarnagreinar í grunnskóla en saman fá þessar greinar um 36 prósent af lögbundnum kennslutíma. Þær eru skilgreindar sem grunnfög sem allt annað nám hvílir á. Sérstök áhersla er einnig lögð á að samþætta íslenskunám öðrum námsgreinum. Í drögum að nýrri aðalnámsskrá grunnskóla er íslenska enn skilgreind sem grunnur að öðru námi og líklegt að hlutur hennar verði enn aukinn. Á síðustu árum hefur svo áhersla á þjálfun í lesskilningi aukist, þar sem alþjóðlegar kannanir hafa gefið til kynna að huga þurfi sérstaklega að þessum þætti í námi íslenskra barna. Nýjustu niðurstöður þessara rannsókna (PISA 2009) gefa þó til kynna að þokast hafi í rétta átt og koma íslenskir nemendur þar mun betur út en í rannsókninni á undan. Aðeins tíu þeirra sextíu og átta landa sem taka þátt í könnuninni komu betur út en Ísland hvað lesskilning varðar, en landið var meðal níu efstu OECD landanna.

Íslenska og bókmenntakennsla eru einnig meðal kjarnagreina í framhaldsskólum og meðal námsleiða menntaskólanna eru tungumálabrautir þar sem áhersla er lögð á tungumál og bókmenntir. Samkvæmt námsskrá framhaldsskóla, sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út, ber öllum nemendum að nema íslensku og bókmenntir, en íslenska er stærsta einstaka kjarnagreinin á



*Þórarinn Leifsson: Bókasafn ömmu Huldar. Reykjavík. Mál og menning, 2009. Bókin blaut Barnabókaverðlaun Menntaráðs Reykjavíkur sama ár.*

Þessu skólastigi. Nemendur þurfa einnig að læra dönsku og ensku ásamt þriðja máli. Í menntaskólum er einnig boðið upp á bókmenntanámskeið sem valfög. Meðal annars bjóða flestir skólar upp á svokallaðan yndislestur, þar sem nemendur lesa valdar bókmenntir, frumsamdar á íslensku, þýddar og á ensku, og ræða þær við kennara sína.

Í Háskóla Íslands hefur verið boðið upp á nýjar námsbrautir sem tengjast bókmenntum á síðustu árum, til viðbótar við þær sem voru þegar til staðar. Ritlist hefur verið kennd á sérstakri námsbraut frá árinu 2008 og frá hausti 2011 gefst möguleiki á meistaranámi. Meistaranám í hag-

nýtri ritstjórn og útgáfufræði var sett á laggirnar 2006 og er hluti námsins unninn í samvinnu við fyrirtæki á sviði útgáfu. Þýðingafæði hefur verið sérstök námsbraut á meistarastigi frá 2002. Fjöldi nemenda í bókmennta- og tungumálanámi á Hugvísindasviði hefur aukist jafnt og þétt, en árið 2010 voru 1.760 nemendur skráðir í Íslensku- og menningardeild og Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda. Árið 2002 voru þeir hins vegar 1.074. Á sama tímabili fjölgaði ársverkum við Háskóla Íslands úr 954 (2002) í 1.269 (2009), og voru 144,9 þeirra árið 2009 innan Hugvísindasviðs (2008 voru þau 139,7).

Háskóli Íslands fagnar aldarafmæli sínu árið 2011 og var ný stefna háskólans fyrir árin 2011–2016 kynnt við upphaf afmælisársins þann 7. janúar. Skólinn hefur sett sér það

markmið að komast í hóp hundrað fremstu háskóla heims og verður áfram unnið að þessu langtímamarkmiði, sem skólinn telur raunhæft að stefna að. Frá því að fyrri stefna var sett fram árið 2005 hefur mikilvægum áföngum verið náð. Þannig fjölgaði vísindagreinum fræðimanna háskólans í virtum alþjóðlegum ritrýndum tímaritum úr 260 árið 2005 í 550 árið 2009; sértekjur skólans jukust um 78 prósent og styrkir úr erlendum samkeppnisjóðum þrefölduðust. Á sama tímabili fjölgaði doktorsnemum úr 166 í 440 og brautskráðum doktorum úr þrettán árið 2005 í 36 árið 2010. Engir styrkir stóðu doktorsnemum til boða árið 2005 en árið 2010 hafði þeim fjölgað í 106.<sup>11</sup> Þó svo Háskóli Íslands hafi þurft að taka á sig mikla hagræðingu á síðustu þremur árum (5,3 prósent niðurskurð milli árunna 2009 og 2010) hefur hún enn sem komið er ekki komið illa niður á bókmenntakennslu skólans.

### LEIKSKÓLAR

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er það val foreldra hvort barnið sæki slíkan skóla, en langflest börn í Reykjavík gera það. Yfirleitt nær leikskólastigið yfir börn á aldrinum tveggja til fimm ára. Leikskólar eru á ábyrgð sveitafélaganna, en nokkrir skólar í Reykjavík eru sjálfstætt starfandi. Mikil áhersla er lögð á metnað og fagmennsku, menntun leikskólakennara er á háskólastigi og sérhver leikskóli gerir starfsáætlun og mótar eigin skólanámskrá sem endurspeglar hugmyndafræði hans og starfsaðferðir. Leikskólar borgarinnar eru hvattir til að marka sér sérstöðu með því að leggja áherslu á ákveðna stefnu eða þætti í leikskólastarfinu, svo sem listir, hreyfingu, vísindi, náttúru og umhverfisvernd. Í öllum leikskólum borgarinnar eru bækur notaðar við leik og kennslu, og í mörgum þeirra er unnið með ritmál í frjálsum leik og skipulögðu starfi. Í aðalnámskrá leikskóla er kveðið á um að málörvun skuli fléttað inn í sem flesta þætti starfsins og að nota skuli bókmenntir og sagnamennsku í daglegu starfi til að ýta

undir alhliða þroska barnanna. Starfsmenn leikskólaskrifstofu og kennarar hafa til að mynda heimsótt *Storytelling Centre* í Edinborg og hafa tilteknir kennarar sérhæft sig í sagnamennsku. Margir leikskólar vinna sérstaklega með þjóðsögur og ævintýri, rithöfundar koma einnig í heimsókn og sumir þeirra vinna í smiðjum með börnunum. Eins og áður var sagt hafa leikskólar borgarinnar mikið samstarf við Borgarbókasafn Reykjavíkur. Einnig er markvisst unnið með Sinfóníuhljómsveit Íslands en elstu börn leikskólanna heimsækja hljómsveitina og þar er þeim sögð saga um leið og þau fræðast um og hlýða á tónlist auk þess að fá heim með sér bók að heimsókn lokinni. Margir leikskólar vinna með svo kallaðan sögugrunn, en það er námstæki sem miðar að því að hjálpa börnum við frásögn og sögugerð með því að nota myndir og leik. Þessa aðferð má einnig nota á fjölbreyttan hátt til að örva málþroska og læsi og til íslenskukennslu barna með fleiri en eitt tungumál. Meðal fjölda annarra verkefna á sviði bókmennta og ritunar má telja að grunnskólabörn heimsækja leikskóla og lesa fyrir yngri börnin en þetta er einnig liður í að tengja skólastigin saman. Eins og þegar hefur komið fram taka leikskólar borgarinnar virkan þátt í ýmsum hátíðum og bókmenntaviðburðum.

### GRUNNSKÓLAR

Fyrsta vísinn að skólakerfi fyrir almenning á Íslandi má finna seint á nítjándu öld, en árið 1880 voru sett lög þess efnis að öll börn skyldu læra lestur, skrift, reikning og undirstöðuatriði kristinfræðinnar. Árið 1907 var sett á skólaskylda fyrir börn frá tíu ára aldri, og árið 1936 fyrir börn frá sjö ára aldri. Segja má að þó að formlegt skólakerfi hafi ekki verið fest í sessi fyrr en á síðustu öld þá hafi á Íslandi farið fram óformleg kennsla öldum saman. Á miðöldum virðist læsi hafa verið útbreiddara á Íslandi en í nágrennalöndunum, og má ef til vill rekja það til vinsælda íslensku sagnanna og rímnanna, en eins og fram hefur



**SKÓLAVÖRÐUHOLT** *Hluti gatna við Skólavörðuholt er nefndur eftir persónum úr norrænni goðafræði og má raunar rekja sig eftir goðafræðinni um hverfið. Má þar nefna Freyjugötu, Njardargötu, Lokastíg, Urðarstíg og Þórsgötu. Í Eddu fjallar Snorri Sturluson (1179–1241) um norræna goðafræði og rekur meðal annars einkenni guðanna.*

*Úr Eddu Bragi heitir einn. Hann er ágetur að speki og mest að málsnilld og orðfimi. Hann kann mest af skáldskap, og af honum er bragur kallaður skáldskapur, og af hans nafni er sá kallaður bragur karla eða kvenna er orðsnilld hefur framar en aðrir, kona eða karlmaður.*



*Þessar ungu stúlkur hafa fundið sér spennandi lesefni í bókabíl Borgar-  
bókasafns, Höfðingja. Ljósmynd: Bára Kristinsdóttir*

komið var húslesturinn fastur liður á íslenskum heimilum. Þar kom heimilisfólk saman á kvöldin og vann handavinnu á meðan einhver las upp eða fór með kvæði og rímur.<sup>12</sup> Þannig má segja að bókmenntir hafi öldum saman verið helsta dægradvölin á íslenskum heimilum og sögur, ljóð og ýmiss konar fróðleikur var hafður fyrir fólki.

Grunnskóla sækja börn frá sex til fimmtán ára aldurs og er sá aldur skólaskyldur. Íslenskukennsla er víðamesta námsgreinin í grunnskóla og er henni skipt niður í nokkra þætti; lestur, talað mál og framsögn, hlustun og áhorf, ritun, bókmenntir og málfræði. Í grunnskólum

borgarinnar er mikið starf unnið á sviði bókmennta og læsis og verður það aukið enn frekar á næstunni. Allir þurftu skólarnir til að mynda að vera búnir að setja sér lestrarstefnu fyrir haustið 2010, eða þriggja ára áætlun um eflingu málþroska og læsis, í samræmi við stefnu borgarinnar í menntamálum.

Læsi útheimtir nú á tímum mun meiri færni en áður og um leið eru kröfurnar meiri. Menntasvið Reykjavíkurborgar hefur sett margs konar áætlanir á stefnuskrá sína til að ýta undir læsi, til dæmis verða nýir kennsluhættir þróaðir til að auka lesskilning á ýmsum sviðum, bókmenntir verða nýttar til að auka skilning nemenda á daglegu lífi og námskeið verða haldin fyrir kennara um það hvernig megi efla áhuga nemenda á mið- og unglingastigi á

lestri og hvernig auka megi lestrarfærni og almennt læsi, svo eitthvað sé nefnt. Eins og kom fram hér að framan virðist þessi aukna áhersla á lesskilning þegar hafa skilað nokkrum árangri.

Menntasvið vinnur ennfremur að innleiðingu kenningar- ramma OECD um grunnfærni einstaklinga við lok grunn- skóla, meðal annars hvað varðar lesskilning. Þetta er sam- starfsverkefni borgarinnar og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og mun því ljúka í mars 2012. Sviðið er einnig í samstarfi við Háskólann á Akureyri í verkefni sem lýtur að byrjendalæsi, en það felur í sér að nota barnabókmenntir til að efla færni nemenda í lestri, ritun og hlustun. Þá eru skólar í samvinnu við félög eldri borgara, þar sem félagar koma í skólana, lesa fyrir börn og börnin lesa einnig fyrir eldra fólkið. Nemendur í grunnskólum borgarinnar heim- sækja auk þess leikskóla og lesa fyrir börnin þar eins og áður var sagt.

Skólabókasöfn eru starfrækt í öllum grunnskólum í Reykjavík og heldur Skólasafnamiðstöð utan um starfsemi þeirra, en allir nemendur fá kennslu og þjálfun í notkun bókasafna og vinna þar ýmis verkefni sem tengjast bók- menntum. Eitt þeirra verkefna sem unnin eru í samstarfi við miðstöðina og myndver grunnskólanna er gerð mynd- banda um bókmenntir sem nemendur á mið- og unglinga- stigi skólanna vinna að.

#### FRAMHALDSSKÓLAR

Bókmenntir eru stór þáttur í kennslu framhaldsskólanema, hvort heldur sem um ræðir íslenskar eða erlendar bók- menntir. Í íslenskukennslunni er mikil áhersla lögð á að nemendur átti sig á sögulegu, félagslegu og menningarlegu gildi íslenskrar tungu og bókmennta. Náminu er skipt upp í málfræði, ritun, talað mál og framsögn, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir. Farið er í gegnum íslenska bók- menntasögu og bæði gömul og ný verk eru lesin. Í öllum framhaldsskólum er bókmenntaarfurinn kynntur og markmiðið er að nemendur kynnist sem flestum tegundum íslenskra fornbókmennta auk nýrri verka. Í mörgum fram- haldsskólum er notast við nýstárlegar og skapandi kennslu- aðferðir, til að mynda með því að leggja áherslu á tengsl við aðra listmiðla og nemendur fengnir til að vinna með og miðla bókmenntatextum eftir ólíkum leiðum. Sem dæmi má nefna verkefni þar sem nemendur semja tónlist og dans við forn kvæði og láta svo samnemendur sína og kennara

stíga dans í kennslustundinni, myndasöguggerð útfrá bók- menntatextum og leikræna framsetningu á frásögnum. Nemendur ná að tengja við bæði gamla og nýja texta á eigin forsendum með þessum hætti og gera þá um leið eftirminnilega fyrir sig og samnemendur sína.

Bent hefur verið á að nýta megi betur svo kallað „seinna þróunarskeið“ málþroska og lestrarskilnings, unglingsárin, og er það eitt af því sem Bókmenntaborgin Reykjavík myndi vilja stuðla að, meðal annars í samstarfi við fram- haldsskóla. Borgarbókasafn Reykjavíkur hefur á síðustu árum gert átak í að ná til ungs fólks, meðal annars með viðburðum á borð við ljóðaslamm, myndasögusamkeppnir og sýningar á verkum ungra listamanna, auk hefðbundnir viðburða eins og safnkennslu, bókmenntakynningum, upplestrum og öðrum bókmenntaviðburðum. Það er ekki nokkur vafi á að þessir viðburðir hafa skilað góðum árangri og aukið aðsókn ungs fólks að safninu.

#### ÍSLENSKA SEM ANNAD TUNGUMÁL

Nýverið voru sett ákvæði í aðalnámsskrá bæði grunnskóla og framhaldsskóla um að nemendur með annað móðurmál en íslensku eigi rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungu- máli. Með slíkri kennslu er stefnt að því að nemendur verði hæfir til að taka fullan þátt í íslensku samfélagi sem tvítyngdir einstaklingar með rætur og innsæi í tvo eða fleiri menningarheima og auðgi með því íslenskt mannlíf. Framkvæmd og eðli slíkrar kennslu í íslensku tekur einnig mið af alþjóðlegum sáttmálum sem Ísland er aðili að, svo sem barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 29. grein, sem segir að menntun allra barna skuli stuðla að því að móta „virðingu fyrir foreldrum [barnsins], menningararfleifð þess, tungu og gildismati, þjóðernislegum gildum þess lands sem það býr í og þess lands er það kann að vera upprunnið frá og fyrir öðrum menningarháttum sem frábrugðnir eru menningu þess sjálfs“.<sup>13</sup> Markmiðin með kennslunni fela í sér að íslenska sem annað tungumál sé lykill að íslensku skólastarfi, íslensku samfélagi, virku tvítyngi og tveimur menningarheimum.<sup>14</sup> Íslensku- kennsla fyrir fullorðna er einnig vaxandi og er í auknum mæli boðið upp á hana, bæði hjá opinberum aðilum og einkareknum símenntunarmiðstöðvum. Þess má geta að innflytjendur í íslenskunámi, bæði börn og fullorðnir, koma í auknum mæli í skipulagðar heimsóknir í Borgar- bókasafn Reykjavíkur, sem býður upp á nýstárlega safn- kennslu sem er sérstaklega sniðin að þessum hópum.

#### FULLORÐINSFRÆÐSLA

Menntun er ævilangt verkefni sem afmarkast ekki við ákveðin aldurs skeið. Fólk á öllum aldri sækir sér námskeið hvort sem það er til að viðhalda starfsþekkingu, afla sér nýrrar vitneskju og færni, eða sinna áhugamálum. Fjöl margar símenntunarstöðvar eru í Reykjavík, og bjóða þar upp á styttri og lengri námskeið, sem og nám samhliða starfi. Námskeið í bókmenntum eru sívinsæl og þar sem leikhúsin setja oft upp verk byggð á íslenskum skáldsögum hefur einnig reynst vinsælt að bjóða upp á námskeið sem byggist á því að lesa og rýna í skáldsögu og fylgjast samtímis með uppsetningu verksins.

Háskóli Íslands rekur Endurmenntunarsstofnun, sem er opin öllum almenningi og býður meðal annars upp á fjölbreytt námskeið sem tengjast bókmenntum og menningu. Má þar til dæmis nefna árleg og afar vinsæl námskeið um valdar bækur úr íslenskri útgáfuflóru undangengins árs, alls kyns námskeið á sviði forn bókmennta, íslenskra sem erlendra, ritlistarnámskeið og áður nefnd námskeið í tilefni leikhúsuppfærslna á bókmenntaverkum í samvinnu við atvinnuleikhúsin í borginni. Endurmenntun Háskóla Íslands er stærsta símenntunarmiðstöð landsins og eitt helsta markmið hennar er að vera farvegur fyrir miðlun þekkingar Háskóla Íslands til samfélagsins.

Námsflokkar Reykjavíkur eru önnur fræðslustofnun sem sinnir fullorðnu fólki og heyrir hún undir Menntasvið Reykjavíkurborgar. Námsflokkarnir sinna einkum þeim sem minnsta formlega menntun hafa og gera það meðal annars með sérkennslu í lestri og skrift, grunnskólanámi fyrir fólk eldra en sextán ára, undirbúningsnámi fyrir framhaldsskóla og ýmsum lengri og styttri fræðsluverkefnum sem flest eru unnin í samstarfi við aðra. Einnig sinna Námsflokkarnir íslenskukennslu fyrir útlendinga í samvinnu við aðrar fræðslustofnanir. Sem dæmi um námskeið er Kvinnasmíðjan sem er átján mánaða átaksverkefni ætlað einstæðum mæðrum. Meðal þess sem þátttakendur þar hafa gert er að skrifa leikrit undir handleiðslu Auðar Jónsdóttur rithöfundar. Leikritin hafa svo verið flutt í Borgarleikhúsinu, leiklesin af leikurum fyrir fullu húsi áhorfenda.

#### Bókmennta- slóð



#### HLJÓMSKÁLAGARÐUR

*Hljómskálagarðurinn er lítt skjólsell en fríðsall og falletgur garður við suðurenda Tjarnarinnar. Byrjað var að móta garðinn árið 1920 en framkvæmdum lauk ekki fyrr en 1954. Garðurinn ber nafn af Hljómskálalagnum, sem stendur við horn Frikirkjuveg og Skothúsveg. Brekkukotsannáll (1967) Halldórs Laxness segir frá ungum dreng sem elst upp hjá afa sínum og ömmu í litlum torfbæ við Tjörnina um aldamótin 1900.*

*Úr Brekkukotsannál [...] sunnanvið kirkjugarðinn í höfuðstaðnum okkar tilvonandi, þar sem brekkan fer að lækka við syðri tjarnarendann, alveg á blettinum þar sem hann Guðmundur Guðmúnsen sonur hans Jóns Guðmundssonar í Guðmúnsensbúð reisti loks veglegt hús, þar stóð einusinni litill torfbær með tveim burstum; og þilin tvö vissu suðrað tjörninni. Þessi litli bær hét í Brekkukoti. Í þessum bæ átti hann af minn heima, hann Björn sálugi í Brekkukoti sem veiddi stundum brokkelsin á vorin, og hjá honum sú kona sem hefur staðið nær mér en flestar konur þó ég vissi ferra um hana, hún amma mín. Þetta litla moldarhús var ókeypis gistisherbergi handa hverjum sem hafa vildi. Í það mund sem ég var að verða til, þá var þar í kotinu mikil örtröð af því fólki sem nú á dögum heitir flóttamenn; það er að flýja land; það leggur á stað með tárur úr heimkynnum sínum og ættbygð af því svo illa er að því búð heima fyrir að börn þess ná ekki þroska heldur deya.*

## Bókmenntir og háskólasamfélagið

### HÁSKÓLI ÍSLANDS

Háskóli Íslands er elsti og stærsti háskóli landsins. Hann var stofnaður 1911 og var þá til húsa í Alþingishúsinu. Fyrsta skólaárið voru einungis 45 nemendur við skólann, þar af ein kona, en skólaárið 2008–2009 stunduðu á fjórtánda þúsund manns nám við skólann og eru konur nú í meirihluta. Háskólinn flutti í núverandi aðalbyggingu sína árið 1940 og hafa nýjar byggingar bæst við í gegnum tíðina og fleiri eru á teikniborðinu. Á afmælisárinu 2011 verður hvert hinna fimm fræðasviða skólans í sviðsljósinu í einn mánuð og margt verður gert til að fagna þessum áfanga. Erlendir fræðimenn heimsækja skólann, hann mun einnig standa fyrir opnum fyrirlestrum og heimsækja menntastofnanir á landsbyggðinni, nemendur munu skipuleggja dagskrá um menningu ungs fólks og kennarar gerast leiðsögumenn í borgargöngum, svo eitthvað sé nefnt.

Háskóli Íslands býður upp á nám á grunn-, meistara- og doktorsstigi á fimm fræðasviðum. Hann er eini skóli landsins sem gefur kost á hugvísindanámi á öllum þremur háskólastigum og er breidd námsins mikil og hefur farið vaxandi á síðustu árum. Hugvísindasvið skiptist í fjórar deildir, en þær tvær sem sinna bókmenntum eru Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda og Íslensku- og menningardeild. Þar er boðið upp á nám í íslenskum bókmenntum og tungu, íslensku sem öðru máli, ritlist, almennri bókmenntafræði, þýðingafraði, hagnýtri menningarmiðlun, hagnýtri ritstjórn og útgáfu og miðaldabókmenntum, auk bókmenntanáms í erlendum málum. Árið 2009 brautskráðust 274 nemendur af Hugvísindasviði.

Ritlistin er ný námsbraut við skólann og verður hún færð á meistarastig frá haustinu 2011, eins og áður sagði. Námið skiptist í ritsmiðjur og bókmenntanámskeið og skulu nemendur fá innsýn í helstu bókmenntaform, bæði sem lesendur og höfundar. Meistaránámið verður tveggja ára nám og gefst nemendum einnig kostur á að taka námskeið í skyldum greinum á meistarastigi, svo sem blaðamennsku, þýðingafraði og menningarmiðlun. Lokaverkefni verður skapandi ritsmið, svo sem ljóðasafn, smásagnasafn, skáldsaga, leikrit, kvikmyndahandrit eða greinasafn. Námið

*Bókmenntirnar eru Íslendingum ljósgjafi á köldum skammdægisnóttum, hvort sem um er að ræða sjö hundruð ára skáldsögu eða tveggja daga gamalt dægurlag. Þær eru samgrónar menningu alþýðunnar og atlaðar til daglegs brúks, eins og munntóbak eða skópar.*

SVERRIR NORLAND, nemi í ritlist við Háskóla Íslands



Frá Háskóla Íslands. Ljósmynd: Kristján Maack

er það nýtt að það er enn í mótun en meðal nýjunga sem deildin hefur nú þegar komið til leiðar er sérlega skemmtileg fyrirlestraröð rithöfunda veturinn 2009–2010 þar sem þeir sögðu frá tilurð og vinnslu tiltekinna skáldverka sinna. Þessi hádegisdagskrá er opin almenningi og var afar vel sótt þetta fyrsta ár og eru erindin nú einnig aðgengileg á netinu. Það má segja að þessi námsgrein fari af stað með krafti því í síðustu styrkjaúthlutun Bókmenntasjóðs Íslands til nýrra höfunda vorið 2010 voru fjórir af fimm styrkþegum nemendur í ritlist við Háskóla Íslands.

Hugvísindasvið starfrækir þrjár rannsóknarstofnanir, Hugvísindastofnun, Bókmennta- og listfræðistofnun og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Allar gefa þessar stofnanir út efni á fræðasviðinu, standa að ráðstefnum og viðburðum af ýmsum toga og taka þátt í alþjóðlegri samvinnu. Dæmi um ráðstefnur og fasta viðburði sem deildin stendur að eru árlegt Hugvísindabíling, fyrirnefnd fyrirlestraröð, „Hvernig verður bók til?“, málþing *Ritsins*, tímarits Hugvísindastofnunar og sumarið

2010 voru haldnar alþjóðlegu ráðstefnurnar *Art in Translation* og *Translation and History* ásamt svokölluðum *Frændafundi* íslenskra og færeyskra fræðimanna. Hann er haldinn þriðja hvert ár, til skiptis í Reykjavík og í Þórshöfn í Færeyjum.

Innan Hugvísindastofnunar er starfrækt Miðaldastofa og er hún samstarfsvettvangur miðaldafræðinga sem starfa innan og utan Háskóla Íslands. Hún hefur meðal annars staðið að málstofum í miðaldafræðum. Hugvísindastofnun hefur ennfremur gert samstarfssamning við Þórbergssetur á Hala í Suðursveit, en það er fæðingarstaður rithöfundarins Þórbergs Þórðarsonar (sjá um hann í yfirliti bókmenntasögu) og er setrið tileinkað verkum hans.

## STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er sjálfstæð stofnun við Háskóla Íslands sem heyrir beint undir menntamálaráðherra.<sup>15</sup> Hún vinnur að rannsóknum í íslenskum fræðum og skyldum fræðigreinum, einkum á sviði íslenskrar tungu og bókmennta, miðlar þekkingu á þeim fræðum og varðveitir og eflir þau söfn sem stofnuninni eru falin. Árnastofnun skiptist í fimm svið, alþjóðasvið, handritasvið, málræktarsvið, nafnfræðisvið, orðfræðisvið og þjóðfræðisvið. Hún hefur markað sér stefnu sem byggist á fjórum vegvísum, en þeir eru opinn aðgangur, samstarf, rannsóknir og nýsköpun og loks samhent átak, sem vísar til samstarfs sviðanna fimm. Nýtt hús, Hús íslenskra fræða, mun rísa á næstu árum eins og áður var sagt, og mun þá öll starfsemi stofnunarinnar sameinast undir einu þaki og einnig verður hægt að sameina almenningufræðslu og rannsóknir á einum stað. Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands verður einnig í húsinu.

Meðal þeirra fjölmörgu verkefna sem stofnunin stendur fyrir er íslenskukennsla fyrir útlandinga og alþjóðlegur handritaskóli. Handritaskólinn er sumarskóli og rekinn í samstarfi við Den Arnamagnæanske Samling í Kaupmannahöfn en aðrir samstarfsaðilar eru Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og háskólarnir í Tübingen, Zürich og Cambridge. Íslenska er nú kennd í um fjórutíu háskólum víða um heim, meðal annars í Zagreb háskóla í Króatíu, Karlova háskóla í Prag, Tékklandi og Waseda háskóla í Japan. Íslenska ríkið styrkir sautján þessara háskóla. Stofnunin annast einnig sumarnámskeið í íslensku við Háskóla Íslands fyrir fólk frá öðrum Norðurlöndum auk alþjóðlegra sumarnámskeiða í íslensku í samstarfi við Hugvísindasvið Háskóla Íslands, en síðastnefndu námskeiðin hafa verið haldin í 23 ár. Síðastliðið sumar tóku 28 manns frá tólf löndum þátt í námskeiðinu. *Icelandic Online I* og *II* er kennsluefni á netinu og fær vefurinn um 600 heimsóknir daglega (tölur frá 2009) frá notendum víðs vegar um heiminn.

Starfsmenn Árnastofnunar eru í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi. Fræðimenn eru í rannsóknarsamstarfi við erlenda kollega sína og stunda einnig kennslu við erlenda háskóla. Stofnunin er ein meginstofnana á sviði

„Tungumálið er það tæki sem við notum til að skilgreina okkur“ segir gamalt máltæki.

*Allt frá landnámi Íslands á níundu öld hefur ást þjóðarinnar á því að segja sögur – sem birtist í okkar kærri Íslendingasögum og ljóðlistinni – verið undirstaða sjálfsmyndar okkar og samastaðar okkar í tilverunni. Orðlistin er því elsta list á Íslandi og sterkur grunnur að lifandi nútímamenningu. Það er með mikilli ánægðu að ég lýsi yfir stuðningi mínum við umsókn Reykjavíkurborgar um að gerast Bókmenntaborg UNESCO og lít ég björtum augum til samstarfs Bókmenntaborgarinnar og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.*

*Ég heffulla trú á því að sem Bókmenntaborg, sem hefur það að leiðarljósi að miðla menningu og hugmyndum milli ólíkra borga, geti Reykjavík verið leiðandi og veitt öðrum mikilsverða þekkingu. Þetta segi ég ekki sist vegna þess að það er lífsnaðsyn fyrir fámenna þjóð með sitt eigið sérstæða tungumál og menningu, að þekkja tungumál annarra þjóða. Slík þekking er lykilatriði í því að skilja og sjá fyrir sér heim þar sem allir og allt verður stíffelt tengdara hvert öðru.*

VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR, fyrrverandi forseti Íslands og velgjörðarsendiherra UNESCO

íslenskra fræða í heiminum og laðar sem slík að sér erlenda fræðimenn og er rannsóknarsamfélag hennar því mjög alþjóðlegt. Árið 2009 nutu um sextíu erlendir gestir rannsóknaraðstöðu á Árnastofnun um lengri eða skemmri tíma auk þess sem erlendir stúdentar stunduðu þar rannsóknir og fengu leiðsögn starfsmanna. Stofnunin heldur utan um upplýsingar um fræðimenn í íslenskum fræðum og geymir þær í gagnabanka sem aðgengilegur er á netinu. Þar er einnig að finna lista yfir þýðendur úr íslensku yfir á önnur mál. Stofnunin hefur að auki umsjón með kennslu í íslensku við erlenda háskóla og heldur utan um samstarf Íslendinga við þessa skóla og veitir upplýsingar um þá á heimasíðu sinni. Þá sér Árnastofnun um að

úthluta styrkjum sem kenndir eru við Snorra Sturluson en þeir eru veittir erlendum fræðimönnum, rithöfundum og þýðendum sem fást við íslenskar bókmenntir og vilja dvelja á Íslandi í að minnsta kosti þrjá mánuði til að stunda rannsóknir sínar og kynnst sem best íslenskrri tungu, menningu og mannlífi.

#### STOFNUN VIGDÍÐSAR FINNBOGADÓTTUR OG ALÞJÓÐLEG MIÐSTÖÐ TUNGUMÁLA

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er rannsóknarstofnun innan Háskóla Íslands. Stofnunin er kennd við Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands en hún var fyrst kvenna í heiminum sem kjörin var forseti í þjóðaratkvæðagreiðslu. Vigdís er velgjörðarsendi-herra tungumála hjá UNESCO, og hún var sæmd heiðursdoktorsnafnbót við deild erlendra tungumála í Háskóla Íslands í apríl 2010.

Stofnunin er vettvangur fræðilegrar umræðu um tungumál, tungumálanám og menningarfræði. Meðal verkefna hennar eru rannsóknir í erlendum tungumálum frá ýmsum sjónarhornum, til dæmis máltöku, táknfræði, þýðingum, málfræði og bókmenntum, en einnig efling rannsókna í þýðingafraði og þróun kennslugagna í tungumálum. Á vegum hennar eru einnig haldin málþing og ráðstefnur og var í apríl síðastliðnum til dæmis haldin alþjóðleg ráðstefna í tilefni af áttarðisafmæli Vigdísar, *Preserving the Future: Sustainability of Language, Culture and Nature*. Meðal fyrirlesara áttu að vera Irina Bokova, framkvæmdastýra UNESCO, en íslensk náttúra greip í taumana þar sem eldfjallagjóska úr Eyjafjallajökli stöðvaði flugumferð í Norður Evrópu á tímabili og féllu því ákveðnir þættir ráðstefnunnar niður. Það má segja að það hafi verið við hæfi í ljósi viðfangsefnisins að náttúran gerði vart við sig með svo eftirminnilegum hætti og minnti Íslendinga og aðra á órjúfanleg tengsl okkar við hana.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur vinnur að því að koma á fót Alþjóðlegri miðstöð tungumála. Fyrrverandi aðalframkvæmdastjóri UNESCO, Koichiro Matsuura, mælti með verkefninu og lýsti yfir stuðningi við það fyrir hönd stofnunar sinnar. Stofnunin yrði mikilvægur samstarfsaðili Bókmenntaborgarinnar Reykjavíkur og hafa báðir aðilar lýst yfir vilja til slíks samstarfs.

#### Leiðarljós fyrir Alþjóðlega tungumálmiðstöð

*Markmiðið er að koma á fót glæsilegri alþjóðlegri miðstöð um tungumál og menningu með fullkominni aðstöðu til kennslu og rannsókna og til að miðla þekkingu um tungumál og menningu. Með því að setja á laggirnar slíka tungumálamiðstöð vill Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur stuðla að aukinni tungumálakunnáttu og menningarlesi á Íslandi og vekja athygli á heimsvísu á gildi slíkrar menntunar. Jafnframt vill stofnunin auka þekkingu á tungumálum og vekja unga sem aldna til vitundar um veigamikil hlutverk þeirra fyrir menningu einstakra málsvæða, sem og fyrir heimsmenninguna. Í samvinnu við innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir, vísindamenn og alla þá sem láta sig varða vill stofnunin leggja sinn skerf til eflingar og viðgangs tungumála og þeirrar menningar sem þeim tengist. Þá vill stofnunin styðja við og halda áfram því brautryðjendastarfi sem Vigdís Finnbogadóttir hefur beitt sér fyrir á alþjóðavettvangi sem velgjörðarsendiherra tungumála heims hjá Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). Síðast en ekki síst er tilgangurinn að heiðra framlag Vigdísar til tungumála, bæði móðurmálsins og erlendra mála, jafnt heima sem heiman.*

#### ÞÝÐINGASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS

Árið 2000 var Þýðingasetri Háskólans komið á laggirnar og starfar það innan vébanda Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Bodið hefur verið upp á meistaranám í þýðingarfræðum við skólann frá árinu 2002 og einnig er hægt að taka námskeið á B.A.-stigi í greininni. Þýðingasetur er rannsóknarstofa með tvíþætt hlutverk, annars vegar er henni ætlað að standa fyrir rannsóknum og hagnýtum verkefnum í þýðingum og þýðingafraði og hins vegar að styðja við kennslu og miðlun fræðanna innan og utan Háskóla Íslands. Með þessi markmið að leiðarljósi hefur setrið unnið að ýmsum verkefnum í margmála þýðingum, ráðgjöf til atvinnulífsins og miðlun sérhæfðra verkefna á sviðum þýðinga. Þýðingasetrið hefur til að mynda unnið að verkefnum í samvinnu við fyrirtæki á ýmsum sviðum auk Háskóla Íslands og Norrænu ráðherranefndarinnar.



Upplýst tré á Vetrarhátíð í Reykjavík.



**HLJÓMSKÁLAGARÐUR** *Garðurinn hefur lítið breyst frá því að mótun hans lauk árið 1954. Trén í syðri enda garðsins minna á lítinn skóg og af þeim dregur Bjarkargata nafn sitt. Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, ljóðskáld, barnabókahöfundur og tónlistarmaður, líkir mannfólkinu við tré í eftirfarandi ljóði úr barnaljóðabókinni Segðu mér og segðu ... sem kom út árið 2009.*

**Rætur**  
*Tré hafa rætur  
sem kvíslast í jörðina  
hlykkjast með skrykkjum  
niður í moldina.*

*Himinninn yfir  
vaggar þeim vindurinn  
vökvar þau regnið  
og baðar þau sól.*

*Ég er með rætur  
sem kvíslast um kynslóðir  
hlykkjast í lykkjum  
um greinar á ættartré.*

*Himinninn yfir  
vindurinn hvíslar lágt  
kitlar mig regnið  
og yljar mér sól.*

#### RANNSÓKNARSTOFA UM ÞROSKA, MÁL OG LÆSI BARNNA OG UNGLINGA

Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi barna og unglunga hefur verið starfandi við Háskóla Íslands frá 2008, en hún leggur áherslu á rannsóknir á málþroska og þróun læsis og ritunar. Þrír grunnskólar í Reykjavík eru í samstarfi við stofuna um að innleiða árangursríkar kennsluaðferðir í lestrarkennslu yngstu nemenda grunnskólans. Stofan er aðili að evrópska fræðimannanetinu *The European Research Network on Learning to Write Effectively* (ERN-LWE) og einn helsti fræðilegi ráðgjafi hennar er Catherine E. Snow, prófessor við Harvard-háskóla, en hún er meðal virtustu sérfræðinga Bandaríkjanna á sviði læsis. Ein af þeim rannsóknum sem stofan fæst við er langtímarannsókn á sjálfstjórn, málþroska og læsi barna á aldrinum fjögurra til átta ára undir forystu Dr. Hrafnhildar Ragnarsdóttur og er þess vænst að sú þekking sem hún skapar muni nýtast við þróun kennsluaðferða. Bæði leikskólar og grunnskólar í Reykjavík taka þátt í þessari rannsókn.

#### REYKJAVÍKURAKADEMÍAN

Í Reykjavík er starfræktur félagsskapur sjálfstætt starfandi fræðimanna undir heitinu ReykjavíkurAkademían og er hann studdur af Reykjavíkurborg. Félagið var stofnað árið 1997 og sjálfseignarstofnun um fræðasetur þess var sett á laggirnar árið 2006. Þar hafa nú fjölmargir fræðimenn aðsetur og starfar mestur hluti þeirra á sviði hug- og félagsvísinda. Setrið hefur ýtt undir alls kyns samstarf fræðimanna á síðustu árum, en meðal athyglisverðra verkefna sem hafa nýlega verið á döfinni er fyrirlestraröð í samstarfi við Háskólann á Bifröst og INOR (Icelandic Images of the North) um ímyndir og sjálfsmyndir, en upptökur af fyrirlestrunum voru einnig aðgengilegar á netinu á meðan á fyrirlestraröðinni stóð.

*Þýðingar hafa alltaf verið óaðskiljanlegur hluti af íslensku bókmenntalífi. Frá því að latneska stafrófið var „þýtt“ á íslensku, hafa þýðingar verið einn meginþáttur ritunar í landinu. Hómilíur, sálmar, litúrgíur og veraldlegar bókmenntir voru þýddar frá byrjun, jafnvel Eddukvæðin eru að vissu leyti þýðingar og Íslendingar hafa fylgst með erlendum bókmenntastraumum af athygli í þúsund ár.*

*Eftir endurreisnina og fyrstu Bibliuþýðingarnar birtust margir afbragðs textar á íslensku eftir höfunda eins og Hómer, Milton og Klopstock og aðra minna þekktu höfunda og þessi hefð hefur haldið velli fram á okkar daga. Margir fremstu höfundar þjóðarinnar hafa þýtt verk kollega sinna; Halldór Laxness þýddi Voltaire og Hemingway, Guðbergur Bergsson bæði Cervantes og Márquez, Ingibjörg Haraldsdóttir Dostojevski og hinn mikli þýðandi tuttugustu aldar, Helgi Hálfðanarson, þýddi öll leikrit Shakespeares, næstum alla grísku harmleikina og fjölda klassískra evrópskra leikverka frá sautjándu öld, auk úrvals evrópskra, kínverskra og japanskra ljóða. Íslenskar bókmenntir hafa því ávallt verið í tengslum við heimsbókmenntirnar og einnig lagt sitt af mörkum með sínu mikilvæga tilleggi til evrópskra miðaldabókmennta.*

*Þýðingar hafa einnig skipt sköpum fyrir varðveislu þessa þúsund ára gamla bókmenntamáls. Með þýðingum hafa Íslendingar getað fylgst með nýjungum í heimsbókmenntunum og á sama tíma notið þeirra á sínu eigin máli, og þannig skapað vettvang fyrir eigin höfunda og þeirra sköpun. Þetta er grunnurinn að hinum ótrúlega styrk bókmennta sem eiga sér færri lesendur en lítil borg í Evrópu, en geta engu að síður af sér fleiri verk en margar borgir sem eru mun stærri.*

GAUTI KRISTMANNSSON, Dr. Phil. og forstöðumaður Þýðingaseturs Háskóla Íslands

## Útgáfa, bókaverslun og fjölmiðlar

### BÓKAÚTGÁFA

Síðari heimsstyrjöldin kippti Íslandi til nútímans má segja á augabragði. Þó að stríðið hafi fært landinu efnahagslegan ávinning til lengri tíma fylgdi því einnig vöruskortur vegna erfiðra samgangna við önnur lönd. En fátt er svo með öllu illt að því fylgi ekki nokkuð gott og svo reyndist vera hvað bókmenntalífið varðar. Vegna vöruskortsins urðu bækur vinsælar til gjafa, sérstaklega um jól, og útgáfa og bóksala urðu mikilvægur hlutur af efnahagslífi Reykjavíkur. Árið 1950, þegar íbúar borgarinnar voru 55.980, voru tuttugu og þrjár prentsmiðjur í Reykjavík, yfir fjórutíu bókaverslanir og tuttugu bókaforlög. Meira en þúsund manns störfuðu í greininni, eða um 4,5 prósent vinnuafsisins í borginni.<sup>16</sup> Sá síðan að gefa bækur í jólagjafir hefur haldið velli æ síðan og íslenskir bókaútfendur hafa því einbeitt sér að því að gefa út bækur á haustin og nær salan hámarki rétt fyrir jól. Þetta fyrirkomulag er sérkenni íslensks bókamarkaðar og hefur getið af sér fyrrnefnt „jólabókaflóð“, en í því felst viðeigandi lýsing á þeirri holskeflu bóka sem ríður yfir á stuttum tíma.

Þótt útgáfan sé mest á haustin og fram að jólum hefur vorútgáfa á bókum aukist síðustu árin. Í kringum Viku bókarinnar í apríl keppast útgefendur við að senda frá sér nýja titla, meðal annars vegna þess að öll heimili í landinu fá senda ávísun frá Félagi íslenskra bókaútfenda upp á eitt þúsund krónur til bókakaupa í tilefni hennar, eins og áður hefur verið sagt frá. Á síðasta ári komu 180 nýjar bækur á íslensku út í kringum hátíðina og bóksala jókst um 28 prósent miðað við vikurnar á undan.<sup>17</sup> Stóraukin kiljuútgáfa síðustu árin hefur einnig gert það að verkum að söluáherslur hafa færst talsvert til, fólk kaupir meira en áður af bókum fyrir sjálft sig og salan dreifist meira yfir árið.

Hvergi í heiminum eru eins margir titlar gefnir út miðað við höfðatölu og á Íslandi. Samkvæmt Hagstofunni koma út fimm titlar á hverja þúsund íbúa, en sambærilegar tölur frá hinum Norðurlöndunum eru tveir til tveir og hálfur á hverja þúsund íbúa. Meðalupplag skáldverka er eitt þúsund eintök, sem jafngildir milljón eintökum í Bandaríkjunum svo dæmi sé tekið. Þótt ekki séu til opinberar tölur um fjölda þeirra sem starfa í bókmenntageiranum er ljóst að hér starfa óvenju margir að útgáfu bóka. Í Félagi íslenskra bókaútfenda eru nú 37 fyrirtæki, en sú tala hefur staðið nokkuð í stað undanfarin ár. Þetta segir þó aðeins hálfa söguna því alls kyns aðrir aðilar standa í bókaútgáfu á ári hverju. Í árlegum *Bókatíðindum*, sem félagið gefur út og dreifir frítt á öll heimili í landinu, eru flestar þær bækur kynntar sem taldar eru eiga erindi á almennan markað. Árið 2010 voru 678 titlar kynntir af 127 útgefendum, en flestir þeirra eru skráðir í Reykjavík.

*Í bókabúðunum og á kaffihúsunum eru haldnar útgáfuveislur, þrjónakvöld, upplestrar, myndlistasýningar, áritanir og tónleikar, í samvinnu við útgefendur, rithöfunda og aðra.*




*Samkvæmt Hagstofunni eru fimm titlar gefnir út á hverja þúsund íbúa, en sambærilegar tölur frá hinum Norðurlöndunum eru tveir til tveir og hálfur á hverja þúsund íbúa. Meðalupplag skáldverka eru þúsund eintök, sem jafngildir milljón eintökum í Bandaríkjunum svo dæmi sé tekið.*

*Norðurljós leika um himininn yfir Hallgrímskirkju. Hringbrautin skilur háskólasvæðið og Vatnsmýrina frá miðbænum. Ljósmynd: Ragnar Th. Sigurðsson*

## ÚTGEFNIR TITLAR 1991–2010

Þessar tölur eru byggðar á Bókatiðindum og vísa til bóka sem taldar eru eiga erindi á almennan markað.

Þarna er ekki alls kyns sértækara efni eða ýmis rit sem gefin eru út af einstaklingum.




Súluritið hér að ofan sýnir þróunina í fjölda útgefna bóka síðustu tuttugu ár. Það er athyglisvert að útgáfan virðist ekki hafa dregist saman að ráði þrátt fyrir efnahagslæð síðustu ára, titlafjöldinn minnkar að vísu nokkuð árið 2008 en fer þó ekki niður fyrir þær tölur sem sjá má fyrir metárið 2007. Nýjustu tölurnar sýna svo aftur fjölgun titla.

Þessi þróun helst í hendur við tölur um veltu í bókaútgáfu síðastliðin fimm ár. Súluritið sýnir aukningu frá 2003 sem nær hámarki 2007. Í kjölfar hrunsins 2008 lækkar veltan nokkuð frá fyrra ári (3,8 prósent), en strax árið eftir hækka tölurnar aftur. Það er því ef til vill ástæða til bjartsýni hvað bókamarkaðinn varðar, þar sem hann virðist halda nokkuð jafnvægi í íslensku efnahagslífi.

Eins og sagt var hér að framan hafa flest útgáfufyrirtæki á Íslandi aðsetur í Reykjavík, eða yfir níutíu prósent.<sup>18</sup> Stærsta fyrirtækið er Forlagið, sem gefur út bækur undir merkjum Máls og menningar, Vöku-Helgafells, JPV og Iðunnar. Bjartur/Veröld er næststærst. Smærri forlög með fjölbreytta útgáfustarfsemi eru til að mynda Uppheimar, Opna, Ormstunga, Sögur og Salka. Ýmsar fleiri útgáfur eru einnig í Reykjavík og sumar hverjar sérhæfa sig í ákveðnum tegundum bókmennta, líkt og Nýhil og Ókeibæ(!)kur sem gefa meðal annars út ýmiss konar jaðarefni, Crymogea og Útúrdúr sem gefa út listaverkabækur, ljósmyndaverk og fleira, námsgagna- og fræðibókaútgáfur líkt og Námsgagnastofnun og Háskólaútgáfan, barnabókaútgáfur á borð við Eddu, Æskuna og forlagið Unga ástin mín, og svo mætti áfram telja. Sjálfútgáfa er einnig nokkuð algeng í Reykjavík. Finna má lista með helstu forlögum í borginni í viðauka.

## VELTA Í BÓKAÚTGÁFU 2002–2009

Velta (án vsk.). Samkvæmt virðisaukaskýrslum. Heimild: Hagstofa Íslands



## BÓKAVERSLUN


Fjórar allstórar bókaverslanir eru í miðbæ Reykjavíkur og skipa þær stóran sess í miðborgarlífinu. Þetta eru verslanir Eymundsson í Austurstræti og á Skólavörðustíg, Mál og menning á Laugavegi og Iða í Lækjargötu. Þær selja að stærstum hluta íslenskar bækur og ritföng, en þar má einnig finna úrval af bókum og tímaritum á ensku. Reykvíkingar heimsækja bókaverslanir sínar reglulega og eyða þar töluverðum tíma. Bækur eru vinsælasta gjafavara landsins, hvort heldur til tækifæris- eða jólagjafa og Íslendingasögur og samtímaskáldverk í erlendum þýðingum auk ljósmyndabóka af landinu teljast til vinsælustu minjagripa hjá erlendum ferðamönnum. Þessar fjórar búðir eru opnar alla daga vikunnar til kl. 22 og þar eru einnig vinsæl kaffihús þar sem gestir geta kíkt í bækur og tímarit. Í bókabúðunum og á kaffihúsunum eru haldnar útgáfuveislur, þrónakvöld, upplestrar, myndlistasýningar, áritanir og tónleikar. Minni bókabúðir eru einnig í miðbænum, þær eru sérhæfðari en þær stærri og selja til dæmis einvörðungu lista- og hönnunarbækur. Þar er einnig að finna elstu starfandi fornbókaverslun landsins, Bókina, en hún var stofnuð árið 1964 og er í raun orðin að sjálfstæðu menningarfyrirbæri. Fleiri bókaverslanir eru á öðrum stöðum í borginni.

Tölur um veltu í bókaverslun frá árunum 2001 til 2009 sýna að hún hefur aukist jafnt og þétt, nema árið 2009 þegar salan lækkaði um 5,6 prósent frá árinu á undan. Tölur frá árinu 2010 voru ekki tiltækar þegar þetta er skrifað. Hins vegar leiddi könnun sem gerð var í janúar 2011 í ljós að 74,4 prósent Íslendinga fengu eina eða fleiri bækur í jólagjöf, en sú tala var hærri en árið á undan.<sup>19</sup>

Árlega stendur Félag íslenskra bókaútgefenda fyrir bóka- markaði og hefur hann verið við lýði næstum samfleytt frá því í lok sjötta áratugar síðustu aldar. Á markaðnum eru seldar íslenskar og þýddar bækur af öllum gerðum; yfir 12.000 titlar eru þar fáanlegir af fræðibókum, barna- bókum, skáldsögum, ævisögum, ljóðabókum o.s.frv. Seldar eru bæði nýjar bækur og eldri, allar með miklum afslætti, og gefur markaðurinn einstaklega góða yfirsýn yfir íslenska bókaútgáfu. Þessi bókamarkaður er afar vinsæll og virðist efnahagskreppan ekki bita á hann nema síður sé; aðsóknin hefur nú slegið öll met en umfang markaðarins hefur nálega þrefaldast undanfarin fimm ár, auk þess sem sölutölur hafa aldrei verið hærri.

## BÓKSALA 2002–2009

Innifalinn er sala dagblaða og ritfanga. Heimild: Hagstofa Íslands



## Bókmennta- slóð



**HRINGBRAUT** *Hringbrautin skilur að miðbæinn og Vatnsmýrina, þar sem Háskóli Íslands, Þjóðminjasafnið og Norræna húsið eru staðsett ásamt fleiri byggingum. Þrátt fyrir byggðina og Reykjavíkurflugvöll, sem einnig er á svæðinu, er mýrin enn dvalarstaður fugla og þar má sjá villta náttúru sem er opin fyrir öflugum vindum af hafi. Linda Vilhjálmsdóttir fjallar á stundum um öfga íslenskrar náttúru og hún varpar oft upp köldum og meitluðum myndum. Hún skrifar þó einnig ástarljóð sem hita mann beint í hjartastað, eða tvinnar þetta tvennt saman, líkt og í þessu ljóði frá árinu 1992.*

## Veður – Tvö

Fyrsta dag ársins átti ég erindi í skerjafjörðinn. Veðrið var ekki ofarlega í huga mér á göngu minni yfir holtið þótt ég fyndi fyrir andvara. Niður við hringbraut sé ég hvar svart ský hékk yfir háskólanum og herra á lofti glitruðu skarlatsrauð ísaský. Á malarveginum í vatnsmýrinni var ég farin að smjatta á veðrinu. Mér þótti hann hryssingslegur og hnýtti í hann nokkrum hraustlegum blótsyrðum. Ég stóð í stað í aftakaveðri þegar það hvarflaði að mér að ég yrði úti og fyndist stirðnuð þarna miðja vegu milli horfins bejarveggjar vetrargarðsins og hálfkaraðra torfkeúluhúsanna. Ég vissi að framundan lá flugbrautin á sjó út og ég reyndi að hljóma eins og stórskáld þegar ég öskraði í vindinn: Ég elska þig!

## FJÖLMIDLAR

Á Íslandi var lengi framan af aðeins ein útvarpsstöð, hið ríkisrekna Ríkisútvarp (RÚV), en hún var stofnuð árið 1930. Útsendingar fóru hægt af stað, fyrst um sinn var einungis útvarpað í fjórar klukkustundir á dag, og fyrstu fimmtíu árin var aðeins um þessa einu stöð (Rás 1) að ræða. Árið 1983 bættist Rás 2 við, sú stöð leggur meiri áherslu á dægurmál og tónlist en Rás 1 sinnir einkum þáttagerð og fréttatutningi. Í kjölfar nýrra laga sem afnámu einokun ríkisins á útvarpi og sjónvarpi tók fyrsta einkarekna útvarpsstöðin til starfa árið 1986 og bættust fleiri við á næstu misserum og árum.

Samkvæmt lögum skal Ríkisútvarpið leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifið, veita almenna fréttabjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir, og bjóða upp á fjölbreytt efni fyrir börn. Ríkisútvarpið er eini fjölmiðillinn sem hefur ráðunaut til að leiðbeina starfsmönnum um íslenskt mál og hefur markað sér stefnu í þeim málum. Bókmenntatengd þáttagerð er fyrirferðarmest á Rás 1 af öllum útvarpsstöðvunum, en þar eru þættir tileinkaðir bókmenntum í viku hverri. Fyrir utan fasta útvarpsþætti eru einnig reglulega þættir um tiltekna höfunda og verk.

Leiklistarflutningur í útvarpi á sér langa sögu, hann hófst hér á landi skömmu eftir stofnun Ríkisútvarpsins og var orðinn fastur liður í dagskrá þess árið 1937. Útvarpsleikritin voru mikilsverður þáttur í íslensku leikhúslífi fram eftir tuttugustu öldinni, þangað til sjónvarp og síðar kvikmyndir komu til sögunnar. Þar gafst færi á að kynna þjóðinni fjölda erlendra leikrita, klassískra verka og samtíðarleikja, en íslensk leikritun fyrir útvarp hófst þó ekki af alvöru fyrr en á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar. Helstu markmið með Útvarpsleikhúsinu eru að skapa framsæknið hljóðleikhús sem speglar íslenskan veruleika á spennandi hátt og sýnir forvitni hlustenda um nýja alþjóðlega straua, viðheldur áhuga á sigildri menningu og sífældri endurskoðun á því hvaða boðskap hún ber til nýrra tíma. Margir öndvegishöfundar þjóðarinnar og efnileg skáld yngri kynslóðar leggja þar hönd á plóginn og á hverju ári eru frumflutt um tíu ný íslensk verk.

*Eitt af því sem aðstandendur Bókmenntaborgarinnar vonast til að leiði af verkefninu er að bókaútgáfa, bóksala og ekki síst bókaumfjöllun í fjölmiðlum dreifist jafnar yfir árið, og verði að varanlegum og viðvarandi þætti í umræðunni.*

Árið 1966 hóf Ríkissjónvarpið útsendingar, og fór rólega af stað. Í fyrstu var aðeins sjónvarpað tvö kvöld í viku og í mörg ár var hvorki sjónvarp á fimmtudögum né í júlí. Árið 1986 hóf fyrsta einkarekna sjónvarpsstöðin, Stöð 2, útsendingar og í kjölfarið hafa nokkrar minni stöðvar komið og farið, en undanfarin tíu ár hafa Ríkissjónvarpið, og einkareknu stöðvarnar Stöð 2 og Skjár einn verið fastur punktur í sjónvarpsflöru landsmanna. Þar fyrir utan eru svæðisbundnar sjónvarpsstöðvar og útvarpsstöðvar í nokkrum landshlutum.

Í sjónvarpi er það helst bókmenntaþátturinn *Kiljan* í Ríkissjónvarpinu sem sinnir bókmenntaumfjöllun. Bókmenntatengd dagskrárgerð í sjónvarpi er fátækleg, og er það samróma álit aðstandenda Bókmenntaborgarinnar að hér þurfi að gera átak. Vonast er til þess að ef titillinn fæst geti hann skapað tækifæri til þess með vogaraflí sínu.

Í Reykjavík koma út þrjú dagblöð; *Morgunblaðið* og *DV* eru áskriftarblöð en *Fréttablaðið* er dreift ókeypis. Að auki koma *Viðskiptablaðið* og *Fréttatíminn* út einu sinni í viku og *Reykjavík Grapevine*, sem er á ensku, kemur ýmist út mánadaglega eða tvisvar í mánuði. Flest blöðin sinna bókmenntagagnrýni og bókmenntaumfjöllun að einhverju marki.

Þó nokkur bókmenntatímarit eru gefin út á Íslandi. Elsta félag og bókaforlag á Íslandi, Hið íslenska bókmenntafélag (stofnað árið 1816), hefur gefið út tímaritið *Skírni* síðan árið 1827. Það er tileinkað fræðilegri umfjöllun um bókmenntir og aðrar fræðigreinar og kemur út tvisvar á ári. *Tímarit Máls & menningar*, sem var fyrst gefið árið 1938, kemur út fjórum sinnum á ári og er helgað menningar-

## Bókmennta- slóð



HÁSKÓLI ÍSLANDS *Ljóðasafnið sem svokölluð Konungsbók hefur að geyma gengur oftast undir nafninu Eddukvæði. Kvæðin eru einnig varðveitt í öðrum handritum að hluta og ekki er þau öll að finna í Konungsbók. Konungsbók er hluti handritasafns Árna Magnússonar, sem Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands varðveitir. Ljóðabálkurinn Hávamál, sem lagður er í munn Óðni (hins háa), inniheldur fyrst og fremst lífsspeki og ráðleggingar, en kvæðið er talið skráð á þrettánda öld.*

## Úr Hávamálum

*Ungur var eg forðum,  
fór eg einn saman,  
þá varð eg villur vega,  
auðigur þóttumst  
er eg annan fann,  
maður er manns gaman.*

umfjöllun og gagnrýni, *Stína* er tímarit um bókmenntir og listir og kemur út tvisvar á ári, *Börn og menning* er málagn IBBY-samtakanna á Íslandi og er einkum ætlað að auka veg barnamenningar og barnabókmennta, og *Ritið*, sem er tímarit Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands, kemur út þrisvar á ári og er hvert tölublað til-einkað ákveðnu þema og birtir fræðigreinar tengdar því. Nýjasta viðbótin í flóruna er tímaritið *Spássían*, sem er að mestu leyti helgað bókmenntaumfjöllun og kemur það út ársfjórðungslega. Auk þessara tímarita koma út fagtímarit á borð við tímarit þýðenda, *Jón á Bægisá* og *Skímu*, tímarit móðurmálskennara, svo að einhver séu nefnd. ReykjavíkurAkademían, vettvangur sjálfstætt starfandi fræðimanna, gefur út tvær bókmenntatengdar ritraðir; *Atvik* og *Íslensk menning*. Þessar ritraðir eru báðar veigamikil fræðirit; í hinna fyrri eru hugmyndir og rannsóknir kynntar með þýðingum og frumsömdum textum í hnitmiðuðum smáritum, en sú síðari fjallar um ýmsar hliðar sögu og menningar. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands gefur út nokkrar ritraðir á vettvangi bókmenntarannsókna og má þar helst nefna *Fræðirit Bókmenntafræðistofnunar*, ritröðina *Studia Islandica* og *Afmælisrit* stofnunarinnar til heiðurs einstökum fræðimönnum.

Fjöl margar íslenskar vefsíður hafa bókmenntir til umfjöllunar.<sup>20</sup> Útgáfufyrirtækið Nýhil hefur til að mynda staðið fyrir vefritinu *Tíu þúsund tregawött* frá árinu 2006 ([www.tregawott.net](http://www.tregawott.net)), en þar eru birt ljóð og ljóðabýðingar, gagnrýni og umfjöllun af ýmsu tagi. *Rithringur.is* er grasrótarvefur um skapandi skrif, opinn hverjum þeim sem vill birta skrif sín og fá umsögn annarra við þeim, *Ljod.is* er af svipuðum meði en hann leggur áherslu ljóðlist, og *Kistan.is* er vefur um menningu og fræði svo einhverjar síður séu nefndar. Borgarbókasafn rekur bókmenntavefinn *Bókmenntir.is*, eins og áður hefur verið sagt, og *Sögueyjan Ísland* er kynningarvefur um íslenskar bókmenntir, líkt og áður var nefnt. Einnig eru sérvefir um einstaka höfunda reknir af ýmsum söfnum og stofnunum. Loks má nefna að fjöl margar fréttar- og menningarvefsíður eru með bóka- blogg og bóka gagnrýni innan sinna vébanda.

Eitt af því sem aðstandendur Bókmenntaborgarinnar vonast til að leiði af verkefninu er að bókaútgáfa, bóksala og ekki síst bókaumfjöllun í fjölmiðlum dreifist jafnar yfir árið, og verði að varanlegum og viðvarandi þætti í umræðunni.

*Það á að vera íslenskri þjóð algjört metnaðarmál að standa sem best að útbreiðslu og kynningu þessa elsta og heildstæðasta menningararfs síns um heim allan.*

Úr stefnumiðum Bókmenntasjóðs



Thor Vilhjálmsson, Guðbergur Bergsson, Vigdís Grímsdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir eru meðal höfunda sem hafa hlotið heiðurslaun listamanna. Ljósmyndir: Jóhann Páll Valdimarsson nema af Vigdís Grímsdóttur; María Guðmundsdóttir.

#### STUÐNINGUR VIÐ RITHÖFUNDA

Mennta- og menningarmálaráðuneytið rekur Bókmenntasjóð, en hlutverk hans er að styðja við bókmenningu á Íslandi ásamt því að annast kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis. Í samræmi við þetta hlutverk styður sjóðurinn við þýðingar íslenskra bókmennta á erlend mál, en einnig þýðingar á íslensku svo og við útgáfu íslenskra bóka. Sjóðurinn lítur sérstaklega til þess hlutverks síns að efla menningarlega sjálfsmynd sem byggir á getu móðurmálsins til að sanna sig sem öflugt samskiptatæki. Hann einskorðar sig ekki við hefðbundið form bókarinnar heldur kallar einnig eftir verkefnum þar sem önnur miðlunarform eru nýtt til að koma textum á framfæri. Sjóðurinn styður meðal annars við nýrækt í bókmenntalífni með því að veita árlega Nýræktarstyrki, en þá hljóta nokkrir valdir höfundar fyrir ný bókmenntaverk sem hafa takmarkaða eða litla tekjuvon en ótvírætt menningarlegt gildi. Umsóknum um þessa styrki hefur fjölgað mjög á milli ára frá því að þeim var fyrst úthlutað árið 2008. Þá bárust nú umsóknir um styrkina fimm, en árið 2010 bárust alls 39 umsóknir.

Íslenska ríkið styður einnig höfunda með launasjóði rithöfunda. Árið 2010 veitti sjóðurinn 64 höfundum styrki til að stunda listgrein sína, frá þremur mánuðum upp í tvö ár eða alls 505 mánaðarlaun. Fagnefnd fer yfir umsóknir höfunda um starfslaun árlega og eru þau veitt á grundvelli ferils höfunda og þeirra verkefna sem lögð eru til grund-

*Íslenska ríkið styður einnig höfunda með launasjóði rithöfunda. Árið 2010 veitti sjóðurinn 64 höfundum styrki til að stunda listgrein sína, frá þremur mánuðum upp í tvö ár, eða alls 505 mánaðarlaun.*

vallar umsókna hverju sinni. Þá veitir Alþingi nokkrum rithöfundum heiðurslaun listamanna, en þetta eru höfundar sem hafa unnið sér sess á löngum ferli og hljóta þeir viðurkenninguna til frambúðar. Ríkisútvarpið heiðrar einnig rithöfunda með árlegum styrk úr svo kölluðum Rithöfundasjóði og Reykjavíkurborg útnefnir borgarlistamann árlega, sem getur verið rithöfundur. Þjóðleikhúsið starfrækir leikritunarsjóðinn Prologus sem ætlað er að hlúa að íslenskri leikritun og efla höfundastarf við leikhúsið og Leikritunarsjóður Borgarleikhússins velur leikskáld árlega sem starfar við leikhúsið í eitt ár með það að markmiði að verk sem unnið er að á árinu verði síðar sviðsett. Launasjóður fræðiritahöfunda starfar innan Rannís (Rannsóknamiðstöð Íslands) og er meginhlutverk hans að auðvelda samningu bóka og verka á stafrænu formi til eflingar íslenskri menningu. Starfslaun úr sjóðnum eru veitt árlega og eru þau allt frá hálfárslaunum til þriggja ára. Fræðibókahöfundar geta einnig sótt um styrki til Rannsóknasjóðs Rannís til vísindarannsókna á sviði bókmennta. Þá geta fræðibókahöfundar sótt um styrki til félags síns, Hagþenkis, meðal annars starfsstyrki til ritstarfa og gerðar fræðslu- og heimildarmynda. Af öðrum sjóðum má nefna Bókasafnsjóð höfunda en árlega er úthlutað úr honum til rithöfunda, þýðenda, myndhöfunda og annarra rétthafa, samkvæmt útlánum verka þeirra í bókasöfnum landsins.

Ekki er mikið um peningaverðlaun á sviði bókmennta á Íslandi og upphæðirnar sem höfundar fá eru ekki háar. Íslensku bókmenntaverðlaunin eru peningaverðlaun, svo og Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar, en stærstu peningaverðlaun sem Íslendingar eiga aðild að eru Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs og Norrænu leikskáldaverðlaunin, sem NTU (Nordic Theatre Union) stendur að.

Auk þessa styðja borg, ríki og einkaaðilar bókmenntalífið með verkefnastyrkjum og ýmsum öðrum hætti. Meðal stuðnings Reykjavíkurborgar má nefna samning borgarinnar við Rithöfundasamband Ísland um afnot af húsi rithöfundarins Gunnars Gunnarssonar, aðkomu borgarinnar að verkefninu *Skáld í skólum* þar sem höfundar heimsækja börn og unglinga og bjóða þeim upp á skemmtilegar bókmenntadagskrár og samstarfssamning borgarinnar við Bókmenntahátíðina í Reykjavík. Borgin styrkir einnig Alþjóðlegu barnabókmenntahátíðina í Reykjavík og fleiri bókmenntatengda viðburði auk þess sem fastar hátíðir, svo sem Menningarnótt, Vetrarhátíð og hin nýja Barnamenningarhátíð, innihalda ávallt bókmenntatengt efni. Stærsta einstaka verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytisins á sviði bókmennta um þessar mundir, fyrir utan fasta liði á sviði framhalds- og háskólamenntunar, er verkefnið Ísland á Bókasýningunni í Frankfurt 2011.

#### Bókmennta- slóð



**BIRKIMELUR** *Vesturbærinn er fyrst og fremst íbúðahverfi með blöndu af smáum og stærri fjölbýlishúsum. Barnabókin Engill í Vesturbænum eftir þær Kristínu Steinsdóttur og Höllu Sólveigu Þorgeirsdóttur segir frá litlum dreng sem er nýfluttur í hverfið með fráskildri móður sinni. Þabbinn býr hins vegar í öðru hverfi með nýrri konu. Ýmsir ógnvænlegir hlutir verða á vegi drengsins á nýja staðnum en að lokum tekst honum að sigrast á eigin ótta og óöryggi. Bókin hefur unnið til fjölda verðlauna.*

#### Úr Engli í Vesturbænum

*Eitt kvöldið þegar ég var að bursta tennurnar leit ég í spegilinn. Burstinn datt ofan í vaskinn og tannkreimið lak út úr mér.*

*Fyrir aftan mig sá ég engilinn og nú var hann pínulítill.*

*Hann sat á badherbergisskápnum og var í sama hvíta kjólnum og venjulega.*

*Stórir vængirnir voru útbreiddir og á höfðinu var geislabaugurinn ...*

*Ég þorði varla að snúa mér við af ótta við að hann hyrfi á meðan en svo gerði ég það eldsnöggt og hann var þarna ennþá. Varlega gekk ég að skápnum og rétti út höndina. Engillinn þrýsti höndunum saman á brjóstinu og brosti með lokuð augu.*

*Ég tók hann varlega niður. Hann var ekki stærri en lófinn á mér, léttur með sitt gult hár. Ég fór með hann til mömmu og hendurnar á mér titruðu þegar ég rétti henni engilinn.*



Sigurður Guðmundsson: Mountain, 1980-1982. Ljósmynd, 93 x 115 cm.

## TILVÍSANIR

- 1 Sjá t.d. Þorsteinn Þorsteins-son: „Hverfi Reykjavíkur og íbúatala þeirra síðan um aldamót.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, sunnudagur 17. nóvember 1929.
- 2 Sjá: <http://jonas.ms.is>. Síðast sótt 17. febrúar 2011.
- 3 Sjá fyllri lista um ráðstefnur, málþing og aðra viðburði í viðburðadagatali í viðauka.
- 4 Vefur mennta- og menningarmálaráðuneytis, <http://www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/dit/nr/658>. Síðast sótt 18. febrúar 2011.
- 5 Á bókmenntavef Borgar-bókasafns, [bokmenntir.is](http://bokmenntir.is), má nálgast lista yfir íslensk bókmenntaverðlaun og hand- hafa þeirra frá upphafi, ásamt tilnefndum höfundum og verkum. Einnig er þar að finna lista yfir íslenskar bækur sem hafa verið tilnefndar til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.
- 6 Sjá: [www.sagenhaftes-island.is](http://www.sagenhaftes-island.is).
- 7 *Netrikið Ísland. Stefna ríkisstjórnar Íslands um upplýsinga-samfélagið 2008–2012*. Reykjavík. Forsætisráðuneytið, maí 2008.
- 8 Sjá: <http://beta.manuscriptorium.com>.
- 9 Sjá: [www.bokmenntir.is/www.literature.is](http://www.bokmenntir.is/www.literature.is).
- 10 Skólaárið 2010 – 2011.
- 11 *Stefna Háskóla Íslands 2011–2016*. Sjá: [http://www.hi.is/files/Stefna\\_HI\\_A4\\_net.pdf](http://www.hi.is/files/Stefna_HI_A4_net.pdf). Síðast sótt 18. febrúar 2011.
- 12 Jóhannes Nordal, Valdimar Kristinsson (ritstj.): *Iceland – The Republic*. Reykjavík. Seðlabanki Íslands, 1996.
- 13 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. Sjá: <http://www.barnasattmali.is/nam/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>. Síðast sótt 18. febrúar 2011.
- 14 *Aðalnámskrá grunnskóla – íslenska*. Reykjavík. Menntamálaráðuneytið, 1999.
- 15 Kaflinn um Árnastofnun byggir að miklu leyti á *Árs-skýrslu* stofnunarinnar 2009.
- 16 Eggert Þór Bernharðsson: *Bókaþjóf í borg. Tengsl skáldskapar og borgarmyndunar á Íslandi 1940–1990*. Meistara-ritgerð við Háskóla Íslands, 1992.
- 17 Samkvæmt Bryndísi Loftsdóttur, vörustjóra íslenskra bóka hjá Eymundsson.
- 18 Félag íslenskra bókaútgefenda, sjá: <http://www.bokatidindi.is/index.php/felagatal>. Síðast sótt 19. febrúar 2011.
- 19 Capacent Gallup, janúar 2011.
- 20 Yfirlit yfir vefsíður má finna í viðauka.

# Framtíðarsýn





*Sem Bókmenntaborg UNESCO vill  
Reykjavík leggja áherslu á miðlega stöðu  
bókmenntanna í menningarlífi borgarinnar  
og þjóðarinnar, sögulega þýðingu þeirra og  
gildi í samtímanum.*

Eins og hefur komið fram í þessari umsókn hefur Reykjavík nú þegar margt til brunns að bera sem bókmenntaborg og þá innviði vill Reykjavíkurborg styrkja enn frekar þannig að bókmenntir og ritlist verði ein af stöðum skapandi starfs í borginni. Áhersla verður lögð á samstarf og nýsköpun á þessu sviði, bæði innan bókmenntageirans og við aðrar skapandi greinar. Einn af helstu samstarfsaðilum Bókmenntaborgarinnar yrði Alþjóðleg miðstöð tungumála, sem Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum mun koma á fót á næstu misserum, en báðir aðilar hafa lýst miklum áhuga á slíku samstarfi og sjá í því fjölmörg tækifæri. Reykjavíkurborg gerir sér grein fyrir því að í titlinum Bókmenntaborg UNESCO felst ekki bara virðing og vegsemd heldur líka áskorun. Áskorunin felst í því að nýta vogarafl titilsins til að þróa stöðugt nýjar leiðir að fyrrgreindu markmiði og taka jafnframt virkan þátt í alþjóðlegu starfi.

#### MIÐSTÖÐ ORÐLISTAR

Eitt af forgangsverkefnum aðstandenda Bókmenntaborgarinnar er að komið verði á fót bókmenntahúsi í Reykjavík, miðstöð orðlistar, sem verður vettvangur þessa starfs, bæði innan borgarinnar og á alþjóðavísu. Þar mun Bókmenntaborgin eiga sér heimili ásamt fleiri aðilum sem tengjast bókmenntum og miðlun þeirra, samstarfsverkefni verða mótuð og haldið utan um það starf sem fram fer á sviði bókmenningar í borginni. Þar væri einnig hægt að taka á móti erlendum gestum, rithöfundum, þýðendum og fagfólki, en Reykjavík hefur mikinn hug á að taka þátt í vista- og vinnuskiptum Skapandi borga UNESCO. Þegar eiga flestir þeir sem koma að undirbúningi verkefnisins aðild að alþjóðasamstarfi og vistaskiptum í alls kyns ólíkum verkefnum, en Íslendingar hafa jafnan sótt þekkingu og reynslu út fyrir landsteinana og bjóða erlenda gesti að sama skapi velkomna.

#### LESTRARHVATNING

Þegar litið er til einstakra verkefna hefur Reykjavíkurborg sérstakan áhuga á að koma á fót og taka þátt í verkefnum sem snúa að lestrarhvatningu og skapandi starfi barna og ungmenna. Borgin leggur þegar áherslu á slíkt starf með skapandi sumarhópum ungs fólks, barna- og unglingastarfi Borgarbókasafns, skapandi starfi í leikskólum og grunnskólum og nýrri Barnamenningarhátíð, en áhugi er fyrir því að efla samstarf ólíkra aðila á þessu sviði. Lestrarhvetjandi verkefni á borð við One City – One Book eru spennandi kostur fyrir alla aldurshópa, en einnig væri áhugavert að vinna að og þróa skapandi starf ungmenna með öðrum Bókmennta- og Skapandi borgum.



Friðarsúla Yoko Ono í Viðey með borgarljósin í Reykjavík í baksýn.

Ljósmynd: Guðlaugur Ottosen Karlsson

#### Bókmennta- slóð



**HÓLAVALLAGARÐUR** *Gamli kirkjugarðurinn við Suðurgötu var tekinn í notkun árið 1838 og var aðalgrefstrunarstaður Reykvíkinga fram til ársins 1932. Mörg skáld og rithöfundar eru jarðsett þar og þar er gröf Jóns Sigurðssonar, sjálfstæðis-  
hetju Íslendinga. Glepasagan Dauðarósir eftir Arnald Indriðason hefst á því að lík finnst fyrir framan gröf Jóns, en sagan segir svo frá rannsókn málsins þar sem komið er víða við í íslenskri sögu og samtíma.*

**Úr Dauðarósum** *Líkið lá á leiði sjálfstæðis-  
hetju Íslendinga. Reiturinn var umgirtur lágu, svartmáluðu grindverki úr járni en legsteinninn sjálfur náði eina þrjá metra upp í loftið og var brúnleit marmarasúla. Koparskjöldur með vanga-  
mynd Jóns forseta var á súlunni miðri. Henni fannst eins og forsetinn horfði niður til þeirra með fyrir-  
litningarsvip. Starfsmenn kirkjugarðsins sáu til þess að grafreit-  
urinn var ávallt snyrtur og skreyttur blómum. Þetta var skömmu eftir 17. júní og stór blómakransinn, sem forseti Íslands lagði á  
leiðið ár hvert á þjóðhátíðardagsmorgunn, hafði ekki enn verið fjarlægður. Stúlkan lá hvít og nakin í blómahafi, sem  
tekið var að sölna. Viðkvæmur keimur afsúrri rotnun lá í loftinu.*

## RAFRÆN MIÐLUN

Samstarf á sviði rafrænnar miðlunar er einnig sérlega áhugavert og er hugsanlegt samstarfsverkefni, með auknum fjölda Bókmenntaborga, að komið verði upp vefgátt að bókmenntum þessara borga. Borgarbókasafn Reykjavíkur heldur úti bókmenntavef og hefur reynslu af samstarfi við aðrar borgir á þessu sviði og er tilbúið til að kynna þá vinnu og hafa samstarf við aðrar Bókmenntaborgir um rafræna kynningu á höfundum viðkomandi borga. Kynningarvefur Íslands á Bókasýningunni í Frankfurt 2011 gæti ef til vill einnig komið að þessu verkefni.

## ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Sem heiðursgestur á Bókasýningunni í Frankfurt í október 2011 hefur Ísland nú öðlast dýrmæta reynslu við að kynna bókmenntir og menningu landsins erlendis og þessari þekkingu getur Bókmenntaborgin Reykjavík miðlað til annarra borga. Þetta er nýtt og ferskt verkefni og stórt í sniðum og enn sér ekki fyrir endann á því hvaða möguleika það opnar fyrir íslenska höfunda á erlendum vettvangi svo og fyrir gagnvirk samskipti íslenskra og erlendra höfunda, þýðenda og annars bókmenntafólks. Sem heimaborg helstu höfunda þjóðarinnar og stærsti vettvangur bókmenntalífsins á Íslandi lítur Reykjavíkurborg einnig á Frankfurtarverkefnið sem einstakt tækifæri til að kynna borgina sem skapandi áfangastað ferðamanna, en eitt af verkefnum Bókmenntaborgarinnar Reykjavíkur er að byggja upp þá ímynd og skapa henni fastan farveg. Íslenskar bókmenntir verða einnig í brennidepli, ásamt bókmenntum annarra Norðurlanda, á Salon du Livre í París í mars 2011. Þá er Bókmenntahátíðin í Reykjavík opin fyrir samstarfi við hátíðir í öðrum Bókmenntaborgum og Skapandi borgum UNESCO.

Borgaryfirvöld hafa nú einnig boðist til að gera Reykjavík að skjólborg, eða *International City of Refuge*; griðastað fyrir rithöfunda og skáld sem eru flóttamenn frá sínu heimalandi. Slíkt hlutverk myndi ríma vel við þá ríku

*Reykjavík er þörungahnöttur í djúpinu, safnar ljósi, kjarnalaus, eins og fornsögurnar, þræðirnir greinast í sífellu, snúast saman aftur, allt eftir tilfinningu, göturnar skrifa sig sjálfar, blekaðar krókaleiðir, rölta um bæinn, ræða um freknótt orð, meitlaðar setningar, sogast á safnið, snerta handritin, rit í nokkrum uppskriftum, geymd fjarri sólu, á safnbotnum, róta upp þekkingargletum, berast út í veðrið, malbikið prentmót, bátar fullir af nýjum bókum.*

ODDNÝ EIR ÆVARSDÓTTIR, rithöfundur (f. 1982)

áherslu á mannréttindi sem einkennir íslenskt samfélag og er undirstrikuð í skýrri mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Umsókn þar að lútandi hefur verið send til ICORN (International Cities of Refuge Network) og er áætlað að Reykjavík verði formlegur meðlimur samtakanna í mars 2011. Samkvæmt þeirri áætlun mun fyrsti höfundurinn sem borgin tekur á móti verða kynntur á Bókmenntahátíðinni í Reykjavík í september 2011.

Á glaðlegri nótum má einnig segja frá því að Reykjavíkurborg hefur sóst eftir vinabæjartengslum við Múmíndalinn í Naantali í Finnlandi. Verði slíkt að veruleika mun það tækifæri meðal annars verða notað til að vekja athygli á sambandi íslenskra og erlendra barnabókmennta og gildi klassískra verka á borð við Múmínbækur Tove Jansson fyrir íslenskar bókmenntir.

## HLEYPT AF STOKKUNUM

Eitt af því sem Reykjavíkurborg hyggst gera strax á þessu ári er átak í að merkja bókmenntaslóðir og yrði það eitt af þeim verkefnum sem hleypa myndu Bókmenntaborginni formlega af stokkunum. Merkingarnar, sem verða bæði á íslensku og ensku, eru táknrænar fyrir þýðingu bókmennta



**HÓLAVALLAGARÐUR** *Gamli kirkjugarðurinn skipar stóran sess í unglingsögu Gerðar Kristnýjar, Garðinum, sem kom út árið 2009. Ung stúlka, Eyja, er nýflutt í hús sem stendur við kirkjugarðinn og áður en langt um líður tekur ýmislegt dularfullt að láta á sér kræla. Sagan gerist í samtímanum en einnig er litið aftur til tíma spænsku veikinnar, sem herjaði á Reykvíkinga árið 1918. Garðurinn er í senn spennusaga og þroskasaga ungrar stúlku.*

**Úr Garðinum** *Það fór hrollur um mig þegar ég leit aftur út um gluggann því ég greindi hreyfingu í garðinum. Tver konur stóðu yfir leiði. Önnur var fjörgömul og studdi sig við göngugrind en hin virtist vera að aðstoða hana við að koma einhverju fyrir hjá hvítum trékrossi. Kannski hefði einhver nákominn henni átt afmáli í dag – hefði hann eða hún lifað. Gamla konan reisti sig við og leit beint upp í gluggann minn. Ég hrökk undan. Hvað vissi ég nema hún væri framliðin sjálf?*



*Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands á hátíðardagskrá í Háskóla Íslands í tilefni áttíðisafmælis hennar í apríl 2010.*

Ljósmynd: Bjarni Grímsson

anna í borgarlandslaginu, þær snúa bæði að sögu hennar og arfi og með því að rekja spor höfunda, sagna og ljóða um borgina eru byggðar brýr á milli kynslóða og menningarheima. Um leið er ýtt undir áhuga á bókmenntum og forvitni vakin á þeim og bæði íbúum og gestum boðið að líta borgarumhverfið nýjum augum. Annað verkefni sem er á döfinni er alþjóðleg sýning Listasafns Reykjavíkur á myndlist eftir alþjóðlega rithöfunda í samvinnu við Bókmenntaborgina Reykjavík. Áhugi er á að vinna slíka sýningu sem farandsýningu, til að mynda í samvinnu við aðrar Bókmenntaborgir UNESCO. Höfundar sem koma til greina eru Jorge Luis Borges, Emily Bronte, Kurt Vonnegut, V.S. Naipaul, William Heinesen, George Sand, e.e. cummings og margir fleiri.

#### LOKAORÐ

Íslendingar hafa speglað sig í sögum og ljóðum frá því að land byggðist; varðveitt þar og þróað tungu sína og sjálfsmynd. Það er öllum Íslendingum og öðrum unnendum íslenskra bókmennta kappsmál að svo verði áfram um ókomna tíð.

Reykjavíkurborg vonar því að henni verði gert unnt að takast á við það metnaðarfulla verkefni að verða ein af Bókmenntaborgum UNESCO. Sem ung borg í rúmlega 200.000 manna borgarsamfélagi, sem engu að síður býður upp á fjölbreytt og kraftmikið menningarlíf, telur Reykjavík sig hafa margt fram að færa sem aðrar borgir geta lært af. Sömuleiðis horfir Reykjavíkurborg til þeirra tækifæra sem í titlinum felast; að læra af öðrum og taka þátt í að móta og vinna að verkefnum sem verða til í lifandi samvinnu skapandi fólks víðs vegar um heim. Á sviði ritlistar og bókmenningar lítur Reykjavík til Bókmenntaborganna og sér meðal annars fram á að geta stuðlað að hugmyndasamvinnu, rithöfunda- og þýðendasamskiptum og heimsóknnum fagfólks, innleggi í hugmyndabanka, nýtingu á rafrænni miðlun og vefgáttum. Að auki sér Reykjavík mikla möguleika á að vinna með öðrum Skapandi borgum UNESCO, ekki síst á sviði tónlistar, kvikmynda og hönnunar, sem allt eru vaxandi listgreinar á Íslandi.

Það er von borgaryfirvalda og samstarfsaðila, sem standa að baki þessari umsókn, að UNESCO taki áhuga Reykjavíkurborgar af velvild og leggi þar með því mikilvæga verkefni lið að standa vörð um íslenskar bókmenntir og tungu með lifandi tengsl í alþjóðlegu samhengi.

# Viðaukar

tók myrkrið að sortna.  
 í þeirri von og vissu að  
 og röðin komin að þeim  
 að g einkum konur, er mjög  
 varpað á beindu hi með brjóst-  
 sjonum  
 (Á því línú nálaði  
 af gæti hafist.  
 í þess vaki  
 s heyrir d gjálfræði vatnið  
 hrok, höfðu þörf fyrir  
 móþróun  
 öðru n var öll vo kemst að því  
 þess  
 aðeins 15 vínglós, en aftur  
 var að beygja sig. Hann  
 öðlast nok í hugarlaund, lágu

- 122 Bókaútgáfur á höfuðborgarsvæðinu
- 123 Bókmenntir og menning í Reykjavík – Vefsíður
- 124 Þýddar bókmenntir 2005–2010
- 130 Heimsóknir erlendra höfunda 2009–2010
- 130 Viðburðadagatal
- 134 Bókmenntaslóð – Höfundar og verk

# Bókaútgáfur á höfuðborgar- svæðinu

Bjartur – Veröld  
*Bræðraborgarstíg 9*  
101 Reykjavík  
www.bjartur.is  
www.verold.is

BF útgafa – Bókafélagið  
*Grófinni 1*  
101 Reykjavík

Codex  
*Háskóli Íslands*  
*Lögberg*  
*Sæmundargötu 8*  
101 Reykjavík

Crymogea  
*Barónsstíg 27*  
101 Reykjavík  
www.crymogea.is

Dimma  
*Skólavörðustíg 27*  
101 Reykjavík  
www.dimma.is

Edda  
*Síðumúla 28*  
108 Reykjavík  
www.edda.is

Forlagið  
*Bræðraborgarstíg 7*  
101 Reykjavík  
Útgáfur: JPV/Mál og menning/  
Vaka-Helgafell/Iðunn  
www.forlagid.is

Háskólaútgáfan  
*Dunhaga 18*  
107 Reykjavík  
www.haskolautgafan.hi.is

Hið íslenska bókmenntafélag  
*Skeifunni 3b*  
108 Reykjavík  
www.hib.is

Hljóðbók.is  
Hljóðvinnslan  
*Ármúla 7b*  
108 Reykjavík  
www.hljodbok.is

Hólar  
*Hagaseli 14*  
109 Reykjavík  
www.holabok.is

IÐNÚ  
*Brautarholti 8*  
105 Reykjavík  
www.idnu.is

Jentas  
*Austurströnd 10*  
170 Seltjarnarnes  
www.jentas.is

Námsgagnastofnun  
*Víkurhvarfi 3*  
203 Kópavogur  
www.namsgagnastofnun.is

Nýhil  
*b/t Jóns Bjarka Magnússonar*  
*Hringbraut 121*  
107 Reykjavík  
www.nyhil.org

Ókeibæ(!)kur  
*Leifsgötu 23*  
101 Reykjavík  
www.okei.is

Opna  
*Skipholti 50b*  
105 Reykjavík  
www.opna.is

Ormstunga  
*Ránargötu 20*  
101 Reykjavík  
www.ormstunga.is

Salka  
*Skipholti 50c*  
105 Reykjavík  
Útgáfur: Salka og  
Hörpuútgáfan  
www.salkaforlag.is

Sena  
*Skeifunni 17*  
108 Reykjavík  
www.sena.is

Setberg  
*Frejjugötu 14*  
101 Reykjavík  
www.setberg.is

Skálholtsútgáfan  
*Laugavegi 31*  
101 Reykjavík  
www.skalholsutgafan.is

Skólavefurinn  
*Laugavegi 163a*  
105 Reykjavík  
www.skolavefurinn.is

Skrudda  
*Eyjarslóð 9*  
101 Reykjavík  
www.skrudda.is

Steinegg  
*Mosarima 37*  
112 Reykjavík  
www.steinegg.is

Sögufélagið  
*Fischersundi 3*  
101 Reykjavík  
www.sogufelag.is

Sögur  
*Vesturgötu 19*  
101 Reykjavík  
www.baekur.is

Ugla  
*Hraunteigi 7*  
105 Reykjavík

Unga ástin mín  
www.ungaastinmin.is

Uppheimar  
*Stórhöfða 24*  
110 Reykjavík  
www.uppheimar.is

Útkall  
*Vesturhlíð 7*  
105 Reykjavík

Útúrdúr  
*Austurstræti 6*  
101 Reykjavík  
uturdur.blogspot.com

Æskan  
*Faxafeni 5*  
108 Reykjavík  
www.aeskanbok.is

# Bókmenntir og menning í Reykjavík – Vefsíður

## BÓKMENNTA- OG MENNINGARSTOFNANIR

Bandalag íslenskra listamanna  
www.bil.is

Bandalag þýðenda og túlka  
www.thot.is

Borgarleikhúsið  
www.borgarleikhus.is

Bókmenntasjóður  
www.bok.is

Félag íslenskra bókaútgefenda  
www.bokautgafa.is

Félag leikskálda og  
handritshöfunda  
www.leikskald.is

Gljúfrasteinn –  
Hús Halldórs Laxness  
www.gljufasteinn.is

Gríman – íslensku  
leiklistarverðlaunin  
www.griman.is

Leikminjasafn Íslands  
www.leikminjasafn.is

Lókal – alþjóðleg leiklistarhátíð í  
Reykjavík  
www.lokal.is

Menningarmiðstöðin Gerðuberg  
www.gerduberg.is

Norræna húsið  
www.nordice.is

Rithöfundasamband Íslands  
www.rsi.is

Sjálfstæðu leikhúsin –  
Bandalag atvinnuleikhópa  
www.leikhopar.is

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur  
í erlendum tungumálum  
www.vigdis.hi.is

Vesturport  
www.vesturport.com

Þjóðmenningarhúsið  
www.thjodmenning.is

Þjóðminjasafn Íslands  
www.natmus.is

Þjóðleikhúsið  
www.leikhusid.is

**HÁTÍÐIR**  
Bókmenntahátíð í Reykjavík  
www.bokmenntahatid.is

Listahátíð í Reykjavík  
www.listahatid.is

Mýrin – alþjóðleg  
barnabókmenntahátíð  
www.myrin.is

Reykjavík International  
Film Festival  
www.riff.is

**FRÆÐI OG BÓKASÖFN**  
Borgarbókasafn Reykjavíkur  
www.borgarbokasafn.is

Hugvísindasvið Háskóla Íslands  
www.hi.is/hugvisindasvid/  
forsida\_hugvisindasvids

Landsbókasafn – Háskólabókasafn  
www.landsbokasafn.is

ReykjavíkurAkademían  
www.akademia.is

Stofnun Árna Magnússonar í  
íslenskum fræðum  
www.arnastofnun.is

**BÓKMENNTAVEFIR**  
Bókmenntir.is  
*Bókmenntavefur Borgarbókasafns  
Reykjavíkur*  
www.bokmenntir.is  
www.literature.is

Druslubækur og doðrantar  
*Bloggsíða um bókmenntir*  
http://bokvit.midjan.is/

Gegnir  
*Samskrá íslenskra bókasafna*  
www.gegnir.is

Handrit.is  
*Söguleg handrit*  
www.handrit.org

Hugrás  
*Véfrít Hugvísindasviðs Háskóla  
Íslands*  
www.hugras.is

Hvar.is  
*Landsaðgangur að rafrænum  
gagnasöfnum og tímaritum*  
www.hvar.is

IBBY á Íslandi  
*The International Board on Books  
for Young People*  
www.ibby.is

Jónas Hallgrímsson  
*Ljóðavefur*  
www.ms.is/Isenska/Isenska-er-  
okkar-mal/Jonas-Hallgrimsson

Jónas Hallgrímsson  
*Á vef Landsbókasafns*  
www.jonashallgrimsson.is

Kistan  
*Menningarvefur*  
www.kistan.is

Lestu.is  
*Rafbókastíða*  
www.lestu.is

Ljóð.is  
www.ljod.is

Skírnir  
*Tímarit Hins íslenska  
bókmenntafélags*  
www.skirnir.is

Snara.is  
*Vefbækur*  
www.snara.is

Sögueyjan Ísland  
*Heiðursgestur –  
Bókasýningin í Frankfurt 2011*  
www.sagenhaftes-island.is

Tíu þúsund tregawött  
*Ljóðavefur*  
www.tregawott.net

Tímarit Máls og menningar  
www.tmm.is

**REYKJAVÍK**  
Reykjavíkurborg  
www.reykjavik.is

Höfuðborgarstofa  
www.visitreykjavik.is

# Þýddar bókmenntir 2005 – 2010

*Eftirfarandi listi sýnir dæmi  
um þýddar bókmenntir á þessu  
tímabili en er hvergi nærri  
tæmandi*

## SKÁLDSKAPUR FYRIR FULLORÐNA

2010

- *Klaustrið*  
PANOS KARNEZIS  
(BRETLAND)  
Bjartur
- *Einmana þrimtölur*  
PAOLO GIORDANO (ÍTALÍA)  
Bjartur
- *Þrumulostinn*  
WILLIAM BOYD (BRETLAND)  
Bjartur
- *Þrifurkurinn*  
FRED VARGAS (FRAKKLAND)  
Bjartur
- *Vegurinn*  
CORMAC MCCARTHY  
(BANDARÍKIN)  
Bjartur
- *Kaffihús tregans*  
CARSON MCCULLERS  
(BANDARÍKIN)  
BJARTUR
- *Veröld sem var* (Endurútgáfa)  
STEFAN ZWEIG  
(AUSTURRÍKI)  
Forlagið
- *Steindrekin*  
ANDREW DAVIDSON  
(KANADA)  
Jentas
- *Bláa minnisbókin*  
JAMES A. LEVINE  
(BANDARÍKIN)  
JPV

- *Morgnarn í Jenín*  
SUSAN ABULHAWA  
(BANDARÍKIN / PALESTÍNA)  
JPV
- *Kvöldverðurinn*  
HERMAN KOCH (HOLLAND)  
JPV
- *Sex grunaðir*  
VIKAS SWARUP (INDLAND)  
JPV
- *Feddur í dimmum skugga*  
ANDREA BUSFIELD  
(BRETLAND)  
JPV
- *Gleðileikurinn guðdómlegi*  
DANTE ALIGHIERI (ÍTALÍA)  
Mál og menning
- *Arsenikturninn*  
ANNE B. RAGDE (NOREGUR)  
Mál og menning
- *Hreinsun*  
SOFI OKSANEN (FINNLAND)  
Mál og menning
- *Landnemarnir*  
VILHELM MOBERG (SVÍÐJÓÐ)  
Salka
- *Eyru Busters*  
MARIA ERNESTAM (SVÍÐJÓÐ)  
Salka
- *Silas Marner*  
GEORGE ELIOT (BRETLAND)  
Ugla
- *Týnda rósín*  
ZERDAR OZKAN (TYRKLAND)  
Ugla
- *Frumskógarbókin* (Ný þýðing)  
RUDYARD KIPLING  
(BRETLAND)  
Uppheimar
- *Vetrarbraut*  
KJELL ESPMARK (SVÍÐJÓÐ)  
Uppheimar
- *Lér konungur* (Ný þýðing)  
WILLIAM SHAKESPEARE  
(BRETLAND)  
Vaka-Helgafell

2009

- *Bókmennta- og kartöflu-  
bókufélagið*  
MARY ANN SHAFFER  
(BRETLAND)  
Bjartur
- *Byflugla*  
CHRIS CLEAVE (BRETLAND)  
Bjartur
- *De Niro og ég*  
RAWI HAGE (KANADA)  
Bjartur
- *Chicago*  
ALAA AL ASWANY  
(EGYPTALAND)  
Bjartur
- *Laura og Julio*  
JUAN JOSE MILLAS (SPÁNN)  
Bjartur
- *Í meðferð*  
SEBASTIAN FITZEK  
(ÞÝSKALAND)  
Bjartur
- *Votlendi*  
CHARLOTTE ROCHE  
(ÞÝSKALAND)  
Bjartur
- *Frankenstein* (Endurútgáfa)  
MARY WOLLSTONECRAFT  
SHELLEY (BRETLAND)  
Forlagið
- *Fuglarnir*  
TARJEI VESAAS (NOREGUR)  
Forlagið
- *Meistarinn og Margaríta*  
(Endurútgáfa)  
MIKHAIL BULGAKOV  
(RÚSSLAND)  
Forlagið
- *Moby Dick* (Endurútgáfa)  
HERMAN MELVILLE  
(BANDARÍKIN)  
Forlagið
- *Lesarinn* (Endurútgáfa)  
BERNHARD SCHLINK  
(ÞÝSKALAND)  
Forlagið
- *Hvíti tígurinn*  
ARAVIND ADIGA (INDLAND)  
JPV
- *Kirkja hafsins*  
ILDEFONSO FALCONES  
(SPÁNN)  
JPV
- *Frida*  
BARBARA MUJICA  
(BANDARÍKIN)  
JPV
- *Bókabjófurinn*  
MARKUS ZUSAK  
(ÁSTRALÍA)  
JPV
- *Oliver Twist* (Endurútgáfa)  
CHARLES DICKENS  
(BRETLAND)  
JPV
- *Hús moskunnar*  
KADER ABDOLAH  
(ÍRAN / HOLLAND)  
JPV
- *Öll dagsins glóð: safn portú-  
galskra ljóða frá 1900-2008*  
ÝMSIR HÖFUNDAR  
(PORTÚGAL)  
JPV
- *Tilræðið*  
YASMINA KHADRA  
(FRAKKLAND)  
JPV
- *Líf mitt með Mozart*  
ERIC-EMMANUEL SCHMITT  
(FRAKKLAND)  
Lafleur útgáfa
- *Leikur engilsins*  
CARLOS RUIZ ZAFON (SPÁNN)  
Mál og menning
- *Ummýndanir*  
ÓVÍD (LATNESKAR  
BÓKMENNTIR)  
Mál og menning
- *Kölski á krossinum*  
NGUGI WA THIONG'O  
(KENÍA)  
Múltíkultí

- *Nóttin*  
ELIE WIESEL  
(BANDARÍKIN / RÚMENÍA)  
Ugla
- *Útlendingurinn*  
ALBERT CAMUS  
(FRAKKLAND)  
Háskólaútgáfan
